



Akureyrar bær

ársskýrsla 2002



Hagnýtar upplýsingar

Bæjarstjórnarfundir eru að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 16.
Í júlí og ágúst er einn fundur í mánuði.
Sjónvarpað er frá fundunum sama dag kl. 20.30 á sjónvarpsstöðinni Aksjón.
Bæjarráðsfundir eru vikulega á fimmtudögum kl. 9.

Akureyrarbær

Sími: 460 1000

Samband frá skiptiborði kl. 8.00 - 16.00
Almenn afgreiðsla opin kl. 8.00 - 16.00

Geislagata 9			Glerárgata 26		
	beint innval		beint innval		beint innval
Bæjarstjóri	460 1000	Tækni- og umhverfissvið		Félagssvið	
		Afgreiðsla	460 1100	Búsetu- og öldrunardeild	460 1410
Bæjarlögmaður	460 1000	Fax	460 1111	Fax	460 1414
		Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs	460 1100	Fjölskyldudeild	460 1420
Fjármálasvið		<i>Framkvæmdadeild:</i>		Fax	460 1440
Fjárreiðudeild	460 1030	Deildarstjóri	460 1104	Íþróttta- og tómstundadeild	460 1465
Fax	460 1031	Hönnun	460 1133	Fax	460 1460
Fjármálastjóri	460 1000	Mælingar	460 1130	Menningardeild	460 1461
Gjaldkeri	460 1037	Verkefnisstj. gatna og fráveitumála	460 1107	Fax	460 1460
Húsnæðisdeild	460 1000	Verkefnisstjóri umhverfismála	460 1134	Skóladeild	460 1455
Bókhald	460 1050	<i>Umhverfiseild:</i>		Fax	460 1460
		Skipulags- og byggingafulltrúi	460 1142	Sviðsstjóri félagssviðs	460 1488
Þjónustusvið		Byggingaeftirlit	460 1100	Fax	460 1414
Fax	460 1001	Verkefnastjóri byggingaeftirlits	460 1114		
Íbúaskrá - manntal	460 1015	Eftirlitsmaður	460 1115		
Jafnréttismál	460 1000	Verkefnastjóri lóðaskrár	460 1144		
Skjalastjóri	460 1026	Verkefnastjóri skipulagsmála	460 1143		
Starfsmannadeild	460 1060	Verkefnastjóri Staðardagskrár	460 1113		
Fax	460 1061				
Sviðsstjóri þjónustusviðs	460 1000	Fasteignir Akureyrarbæjar	460 1120		
Tölvudeild	460 1080	Fax	460 1121		
Umsjónarmaður	460 1092	Framkvæmdastjóri	460 1122		
Þjónustuanddyri	460 1010	Verkefnisstjóri viðhalds	460 1126		
Kynningarmál	460 1028	Nýbyggingaeftirlit	460 1127		
		Umsjónarmaður leiguíbúða	460 1124		
		Þjónustuver viðhalds	460 1193		

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is



Beinar línur

Atvinnumálanefnd	460 5700
Búsetu- og öldrunardeild:	
Heimþjónustan Bjargi	462 6933
Heimahjúkrun Bjargi	462 6963
Heimþjónustan Víðilundi	461 1249
Heimahjúkrun Víðilundi	461 2492
Félagsmiðstöð Víðilundi	462 7977
Skammtímavistun fatlaðra Skólastíg 5	462 2756
Dagþjónusta fatlaðra:	
Hæfingarstöðin við Skógarlund	462 1754
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	461 4606
Hlíð - Öldrunarþjónusta	462 7930
Kjarnalundur - heimili aldraðra	462 1640
Sambýli - Bakkahlíð 39	462 7012
Framkvæmdamiðstöð - Rangárvöllum	460 1200
Forstöðumaður	460 1202
Yfirverkstjóri gatna, holræsa og hreinsunar	460 1203
Yfirverkstjóri garðyrkjumála	460 1204
Umsjónarmaður jarðeigna, dýraeftirlit	460 1205
Forstöðumaður unglíngavinnu	460 1209
Grunnskólar:	
Brekkuskóli	462 2525
Hlíðarskóli	462 4068
Giljaskóli	462 4820
Glerárskóli	461 2666
Lundarskóli	462 4888
Oddeyrarskóli	462 4999
Síðuskóli	462 2588
Heilsugæslustöðin	460 4600
Íþróttamannvirki:	
Íþróttahöllin	462 5077
Íþróttamiðstöð Glerárskóla	462 1539
Íþróttavöllurinn	462 1588
Skíðastaðir	462 2280
Sundlaug Akureyrar	461 4455
Skautahöll	461 2440



Hagnýtar upplýsingar

Leikskólar:

Árholt - Háhlíð	462 3676
Flúðir - Þingvallastræti	462 6602
Holtakot - Þverholti 3	462 7081
Iðavöllur - Gránufélagsgötu	462 3849
Kiðagil - Kiðagil 3	462 1761
Klappir - Brekkugötu 34	462 7041
Krógaból - Glerárkirkju	462 7060
Lundarsel - Hlíðarlundi 4	462 5883
Pálmholt - Þingvallastræti	462 3941
Síðusel - Kjalarsíðu	462 3034
Sunnuból - Móasíðu 1	461 4922

Menntasmiðja kvenna Glerárgata 28	462 7255
--	----------

Norðurorka Rangárvöllum	460 1300
--------------------------------	----------

Slökkvilið - eldvarnir og sjúkraflutningar - Árstíg 2	461 4200
--	----------

Strætisvagnar og ferliþjónusta - Árstíg 2	462 4929
--	----------

Söfn:

Amtsbókasafn	462 4141
Davíðshús	462 6638
Héraðsskjalasafn	461 1052
Listasafn	461 2610
Minjasafn	462 4162
Sigurhæðir	462 6648

Tómstundastarf:

Kompaníið	462 2710
Punkturinn	462 2711
Tómstundastarf aldraðra	462 7977

Tónlistarskólinn á Akureyri	462 1788
------------------------------------	----------

Sjá nánari upplýsingar í símaskrá

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is



Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	9
Yfirstjórn bæjarins	10
Bæjarstjórn	10
Bæjarráð	10
Stjórnskipulag og samstarfsverkefni	10
Heimsóknir og samskipti	10
Viðtalstímar bæjarfulltrúa	10
Þjónustusvið	11
Þjónustuanddyri	11
Rekstur tölvukerfa	11
Skjalasafn	11
Vefsíðan	11
Starfsmannamál	12
Fræðslumál	12
Jafnréttis- og fjölskyldumál	12
Kynningar- og markaðsmál	12
Mannfjöldi	12
Fjármálasvið	14
Fjárhagsáætlun	14
Ársreikningur	14
Efnahagsreikningur	14
Viðbótarlán	15
Innlausn félagslegra íbúða	15
Félagslegar leiguíbúðir	15
Húsaleigubætur	15
Félagssvið	16
Samningar við Ríkisvaldið	17
Húsnæðismál	17
Þjónustusvæði	17
Nýir deildarstjórar á félagssviði	17
Starf forvarnafulltrúa	17
Menntasmiðjan á Akureyri	17
Fjölskyldudeild	18
Almenn félagsþjónusta	18
Fjárhagsaðstoð	18
Þróun fjárhagsaðstoðar	18
Málefni fatlaðra	18
Skólamál	19
Barnavernd	20
Heilsugæslustöðin á Akureyri	22
Starfsemin	22
Þróun og nýbreytni	23
Átaksverkefni Landlæknisembættis gegn heilahimnubólgu	23
Framkvæmdir og tölvuvæðing	23
Búsetudeild	23
Heimaþjónusta Akureyrarbæjar	23
Heimahjúkrun	25



Búseta með þjónustu	25
Skammtímavistun	25
Þjónustuhópur aldraðra	26
Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra	26
Félagsstarf aldraðra og dagþjónustan í Víðilundi	26
Öldrunarstofnun	27
Skóladeild	27
Fagráðgjöf	27
Sérfræðiþjónusta	27
Almennir styrkir	27
Þróunarsjóður leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar	27
Þróunarverkefni í grunnskólum	28
Foreldrakannanir	28
Sjálfsmat skóla	28
Tölvuvæðing	30
Skólavistun	30
Skólamáltíðir	30
Starfsmenn grunnskóla	30
Endurmenntun	30
Skipurit og starfslýsingar	31
Nemendur	31
Samræmd próf	31
Almennar kennslustundir	31
Sérkennslustundir	32
Nýframkvæmdir við skólabyggingar	32
Tengsl leik- og grunnskóla	32
Tónlistarforskóli	32
Tónlistarskólinn	32
Almennir viðburðir	33
Leikskólar	33
Framkvæmdir	33
Almennt um starfsemina	33
Fræðsla og þróunarstarf	33
Gæsluvellir — Dagmæður	35
Menningarmál	35
Helstu verkefni	35
Amtsbókasafnið á Akureyri	35
Gestir og útlán	35
Safnkostur	35
Upplýsingatækni	36
Barnastarf	36
Sýningar & atburðir	36
Nýbygging	36
Innra starf	36
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	36
Helstu verkefni	36
Hús skáldsins: Sigurhæðir - Davíðshús	37
Minjasafnið á Akureyri	37
Listasafnið á Akureyri	38
Íþrótt- og tómstundadeild	40
Félagsstarf í hverfum bæjarins	40



Kompaníð	40
Punkturinn	40
Sundlaug Akureyrar og Íþróttahúsið við Laugargötu	40
Íþróttamiðstöð Glerárskóla	41
Íþróttahús	41
Sundlaugin	41
Íþróttahöllin við Skólastíg	41
Akureyrarvöllur	41
Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli	41
Skautahöllin á Akureyri	41
Fasteignir Akureyrarbæjar	42
Rekstur	42
Nýbyggingar	42
Viðhald og endurbætur	44
Útboð á ræstingu í leikskólum	44
Sala og rif á eignum	44
Lausafé-stofnbúnaður	44
Tækni- og umhverfisvið	45
Framkvæmdadeild	45
Nýframkvæmdir	45
Malbikun	45
Fráveita	45
Umferðarmál	46
Bifreiðastæðasjóður	46
Viðhald gatna og holræsa	46
Hreinlætismál	46
Snjómokstur og hálfuvarnir	46
Almenningsgarðar og útivist	46
Opin svæði	46
Ýmis verkefni	46
Jarðeignir og dýraeftirlit	46
Tjaldsvæði	46
Strætisvagnar Akureyar, SVA	46
Slökkvilið Akureyrar	47
Umhverfisdeild	48
Skipulagsmál	48
Aðalskipulag	48
Deiliskipulag	48
Byggingareftirlit	50
Umferðarmál	50
Staðardagskrá 21 — náttúru- og gróðurvernd	50
Norðurorka	52
Fjármál	52
Rekstur	52
Framkvæmdir	53
Atvinnumálanefnd	54
Fyrirtæki ársins	55
Ársreikningur	57
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórn	64



Ávarp bæjarstjóra

Síðasta vor gengu Akureyringar til bæjar- og sveitarstjórnarkosninga. Í kjölfarið mynduðu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur traustan meirihluta sem starfa mun í þágu bæjarfélagsins næstu fjögur árin. Undirritaður var ítarlegur málefnasamningur sem felur í sér metnaðarfullar hugmyndir um áframhaldandi vöxt Akureyrar á komandi árum.

Óhætt er að fullyrða að flest hafi gengið að óskum hjá Akureyrarbæ á því herrans ári 2002. Við Akureyringar njótum meðbyrs og þar er mér ofarlega í huga ný byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi Íslendinga. Með henni er undirstrikað forystuhlutverk Akureyrar á landsbyggðinni. Við getum verið stolt af því hversu vel Akureyringum hefur tekist að styrkja stöðu bæjarins á sviði verslunar, þjónustu og sjávarútvegs. Afar mikilvægt er að bæjarbúar taki nú allir höndum saman við að nýta þann góða byr sem stefnumörkun í landsmálum færir okkur í seglin.

Sá tími er liðinn að stórir hópar fólks þurfi, þvert gegn vilja sínum, að flytja úr bænum til að leita tækifæra annars staðar. Tölur um íbúafjölda í einstökum landshlutum staðfesta þetta. Akureyringum fjölgaði um 1,31% árið 2002, þriðja árið í röð langt umfram hið margfræga landsmeðaltal. Ég er þess fullviss að hinu langþráða 16.000 íbúa marki verði náð á haustmánuðum 2003.

Sterk staða Akureyrar á sviði fræðslu-, menningar- og tómstundamála eru þeir þættir í samfélagsgerðinni hér í bæ sem munu tvímælaust skapa okkur sóknarfæri fyrir enn öflugri uppbyggingu á komandi árum. Í nýlegum könnunum


meðal bæjarbúa kemur í ljós að mikil ánægja er með þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað, til dæmis í grunn- og leikskólum bæjarins. Viðhorf til þjónustustofnana bæjarfélagsins er afar gott og má í því sambandi nefna sérstaklega Hlíðarfjall og Sundlaug Akureyrar ásamt Amtsbókasafninu.

Eins og fram kemur í ársreikningi Akureyrarbæjar eru frávik frá áætlanagerð mjög lítil og því ber að þakka góða og trausta starfsfólki bæjarins og góðu samstarfi við kjörna fulltrúa og nefndarmenn.

Ég er þess fullviss að spennandi tímar eru framundan á Akureyri. Mörg tækifæri bíða sem stuðla að frekari vexti Akureyrar - en til að samfélagið okkar dafni áfram með sama hætti og undanfarið ár þurfum við að virkja áfram kraft, áræði og bjartsýni allra bæjarbúa.



bæjarstjóri á Akureyri





Yfirstjórn bæjarins

Kosningar

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 25. maí 2002. Kosnið var í Oddeyrarskóla. Á kjörskrá voru 11.240 en atkvæði greiddu alls 9.041 eða 80.44%. Á kjörstað greiddu 8.185 atkvæði en utan-kjörfundar 856. Gildir atkvæðaseðlar voru 8.830, auðir atkvæðaseðlar 167 og ógildir 44.

Í framboði voru 5 listar. Listarnir voru B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi, listi fólksins, S-listi Samfylkingarinnar og U-listi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Hlutu þeir atkvæði og fulltrúa sem hér segir (úrslit frá 1998 eru tilgreind í sviga):

B-listi	2.124 atkv.	3 fulltrúar	(2.184 atkv. - 3 fulltrúar)
D-listi	3.144 atkv.	4 fulltrúar	(3.131 atkv. - 5 fulltrúar)
L-listi	1.568 atkv.	2 fulltrúar	(931 atkv. - 1 fulltrúi)
S-listi	1.225 atkv.	1 fulltrúi	
U-listi	769 atkv.	1 fulltrúi	

1998:
F-listi (sameiginlegur listi Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Kvinnalista)
(1.828 atkv. 2. fulltrúar)

Bæjarstjórn

21 bæjarstjórnarfundur var haldinn á árinu. Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 11. júní. Þar var tilkynnt að tekist hefði samkomulag milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu 2002 til 2006 og kynntur var málefna- og samstarfsáttir flokkanna.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, var endurkjörinn bæjarstjóri til fjögurra ára. Þóra Ákadóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs, Jakob Björnsson 1. varaforseti og Oktavía Jóhannesdóttir 2. varaforseti.

Samningur er við sjónvarpsstöðina Aksjón og er upptökum af fundum bæjarstjórnar sjónvarpað að kvöldi fundardags, sem er að jafnaði 1. og 3. þriðjugaðurs hvers mánaðar.

Í lok ársins var samþykkt að ráða sérstakan verkefnastjóra til eins árs til að vinna að málum sem fram koma í málefna- og samstarfsáttir meirihluta flokkanna. Jón Birgir Guðmundsson var ráðinn í starfið og hóf hann störf í desember.

Bæjarráð

Bæjarráð hélt 42 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýs bæjarráðs var haldinn 13. júní og þar var Jakob Björnsson kjörinn formaður.

Stjórnskipulag og samstarfsverkefni

Þær breytingar voru gerðar á nefndaskipan eftir kosningar að ekki var kosið í sérstaka húsnæðisnefnd heldur voru bæjarráði fallin þau verkefni. Í stað jafnréttisnefndar var kosin jafnréttis- og fjölskyldunefnd sem auk jafnréttismála á að hafa sérstaka umsjón og eftirfylgni vegna samþykkrar fjölskyldustefnu Akureyrarþingar.

Í málefna- og samstarfsáttir meirihluta flokkanna var jafnframt ákvæði um að kosin skyldi sérstök stjórnsýslunefnd sem m.a. á að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði stjórnsýslu Akureyrarþingar og vinna að því að stjórnsýsla bæjarfélagsins verði á hverjum tíma sem skilvirkust og hagkvæmust. Jafnframt á nefndin að gera tillögur til bæjarstjórnar um sameiningu fjármálasviðs og þjónustusviðs undir heitinu stjórnsýslusvið. Stjórnsýslunefnd var kosin í árslok.

Á árinu var unnið að sérstakri skoðun á aðkomu Akureyrarþingar að atvinnumálum og þátttöku í starfi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Í apríl var lögð fram greinargerð um framtíðaráherslur í atvinnumálum Akureyrarþingar og eftir kosningar var unnið áfram að þessum málum með það að markmiði að samræma betur hlutverk bæjarfélagsins í atvinnu-, markaðs- og kynningar- málum.

Mörg önnur verkefni eru unnin í samstarfi við önnur sveitarfélög. Bærin tekur m.a. annars þátt í starfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, launanevndar sambandsins, Eyþings — sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Hann á einnig aðild að byggðasamlegum s.s. Sorp-eyðingu Eyjafjarðar og Hafnarsamlagi Norðurlands.

Heimsóknir og samskipti

Eins og önnur ár var mikið um gestakomur til bæjarins og hér voru haldin fjölmörg þing og ráðstefnur.

Samskipti við norrænu vinabæna Randers, Álasund, Västerås og Lahti voru með hefðbundnum hætti. Bæjarstjóri og sviðs- stjóri þjónustusviðs sóttu tenglamót vinabæjanna sem nú var haldið í Randers í tengslum við hátíðarhöld vegna 700 ára afmæli bæjarins. Randers sendi íbúum Akureyrar að venju stórt jólatré að gjöf.

Í nóvember fór 5 manna hópur í heimsókn til Vága í Færeyjum til að staðfesta vilja til að tekið verði upp vinabæjarsamband milli bæjanna.

Akureyrarþing gerðist á árinu fullgildur aðili að Northern Forum sem eru frjáls samtök fylkja og svæða á norðurhveli jarðar. Akureyri er eini íslenski fulltrúinn í þessum samtökum, sem hafa svipað starfssvæði og Norðurheimsskautsráðið þar sem Íslendingar gegna nú formennsku. Markmið með þessari aðild er m.a. að styrkja samband sem þegar var komið á milli sam- takanna og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Háskólans á Akureyri og til að leggja áherslu á að Akureyri sé miðstöð Norðurskautssamstarfs á Íslandi.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa

Tvisvar í mánuði yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þar eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum. Erindin eru færð til bókar og komið áfram til afgreiðslu innan bæjarkerfisins.

Haustið 2002 var gerð sú breyting að viðtalstímarnir eru nú kl. 17 - 19 á mánudögum í stað þess að vera frá kl. 20 - 22 eins og verið hefur frá því að þeir voru teknir upp.



Þjónustusvið

Verkefni og hlutverk þjónustusviðs voru skilgreind þannig í skorkorti sviðsins:

- Þjónusta við bæjarfulltrúa, upplýsingagjöf, undirbúningur funda, launagreiðslur
- Þjónusta við bæjarbúa í þjónustuanddyri
- Þjónusta við starfsfólk deilda- og stofnana Akureyrarbæjar í þjónustuanddyri
- Upplýsingar og kynning á starfsemi og þjónustu bæjarkerfisins
- Móttaka gesta
- Starfsmannamál, ráðningar, launamál, starfsmannafræðsla
- Jafnréttismál, starfsmanna og bæjarbúa
- Tölvuþjónusta
- Skjalaskráning
- Íbúaskrá

Hlutverk þjónustusviðs: Að veita bæjarfulltrúum, deildum og stofnunum bæjarins svo og bæjarbúum upplýsingar og fyrirgreiðslu varðandi starfsemi þeirra. Í skorkorti voru markmið og aðgerðir skilgreind nánar og unnið var á sviðinu samkvæmt þeim.

Fjöldi starfsmanna var svipaður og verið hefur. Ráðið var í nýtt starf verkefnastjóra með megináherslu á markaðs- og kynningar-mál. Ragnar Hólm Ragnarsson var ráðinn til starfsins. Með þessari ráðningu er ætlunin að samhæfa betur starf að þessum málum og einnig eru nú unnin á sviðinu ýmis mál sem áður voru aðkeypt.

Þjónustuanddyri

Þjónustuanddyri er í Ráðhúsinu Geislagötu 9. Það er lykillinn að upplýsingastreymi og boðskiptum til viðskiptavina og hlutverk þess er að veita bæjarbúum, starfsfólki og gestum bæjarins sem erindi eiga við bæjarkerfið sem besta þjónustu á einum og sama stað. Íbúaskráning er hýst í þjónustuanddyri. Umsýsla hefur aukist til muna á þeim tæplega fjórum árum sem þjónustuanddyrið hefur starfað þar sem stofnanir og deildir nýta þjónustuna sífellt meira til þess að afgreiða bæjarbúa og koma til þeirra upplýsingum.

Í þjónustuanddyri starfa fjórir þjónustufulltrúar við símsvörun, íbúaskráningu og almenna upplýsingagjöf. Jafnframt því taka þeir á móti erindum og umsóknum sem berast til bæjarstofnana og deilda. Í anddyrinu eru afhent útboðsgögn á vegum Akureyrarbæjar. Þá má nálgast þar ýmis eyðublöð og upplýsingabæklinga frá deildum og stofnunum bæjarins og þar er m.a. hægt að sækja um auglýsta styrki, störf, byggingalóðir, leikskólaláss og húsnæðisaðstoð.

Rekstur tölvukerfa

Rekstur tölvukerfa bæjarskrifstofanna var boðinn út á haustdögum 2001 og ákveðið að ganga til samstarfs við Skyggni hf um reksturinn. Skyggnir tók við rekstrinum af ANZA hf 20. janúar 2002 með því að miðlægir netþjónar voru fluttir úr tölvusal ANZA á Furuvöllum í nýjan tölvusal Skyggnis í Skipagötu 18. Flutningurinn gekk mjög vel og færri vandamál komu upp en búist var við. Fyrirkomulag er svipað og verið hafði hjá ANZA áður, umsjón netþjóna er að öllu leyti í umsjá fyrirtækisins auk þess sem samið var um að starfsmenn þess veittu notendabjónustu á bæjarskrifstofunum í Geislagötu 9 og Glerárgötu 26 í um



160 tíma í mánuði. Í lok ársins var þjónustutímum fjölgað um 13 og fóst viðvera tekin upp í Glerárgötu 26 einu sinni í viku.

Skjalasafn

Skjalakerfið GoPro Case er notað á bæjarskrifstofum Akureyrar til að halda utan um erindi sem starfsmönnum, bæjarstjórn og pólitískum nefndum bæjarins berast til afgreiðslu. Notendur skjalakerfisins eru í Ráðhúsinu í Geislagötu 9 og á félagssviði í Glerárgötu 26. Unnið var að undirbúningi þess að byggingarfulltrúi tæki GoPro Case í notkun í stað Erindreka og hafist var handa við að skrá erindi á umhverfiseild og á framkvæmda-deild. Samdar voru verklagsreglur um skjalastjórn hjá Akureyrarbæ og þær samþykktar af framkvæmdastjórn. Einnig var útbúið kennsluefni í notkun skjalakerfisins.

Vefsíðan

Allsherjar endurgerð og endurbætur á heimasíðu Akureyrarbæjar stóðu yfir fyrri hluta árs og 21. júní var gjörbreytt heimasíða formlega tekin í notkun. Skemmst er frá því að segja að umferð um síðuna hefur stóraukist, eins og sjá má á meðfylgjandi súlurítum. Ennþá vex notkun síðunnar og hefur hún verið í kringum 40. sæti á lista Samræmdrar vefmælingar, lengst af efst heimasíðna sveitarfélaga, einungis heimasíða Reykjavíkurborgar hefur skotist upp fyrir hana undanfarna mánuði.



Heimasíða er aldrei tilbúin. Eðli hennar er að vera sífelldum breytingum undirorpin og lifandi miðill sem breytist dag frá degi þannig að fólk hafi eitthvað þangað að sækja. Framundan er að setja upp spjallþræði fyrir bæjarbúa á Akureyri.is og einnig er unnið að samningum um gagnvirk kort af bænum og helstu gönguleiðum í næsta nágrenni hans.



Starfsmannamál

Á árinu 2002 voru 3.263 launþegum greidd vinnulaun hjá Akureyrarbæ að upphæð um kr. 3.490 milljónir. Ársverk voru 1.425.

Unglingar í vinnuskólanum voru 351, 15 ára 169 og 14 ára 182. Vinnutími á dag var 3.5 tímar í 7 vikur eða samtals 122.5 tímar. Þá var 16 ára unglingum gefinn kostur á sumarvinnu og voru 122 unglingar ráðnir að þessu sinni. Vinnutími var 7.0 klst. á dag í 6 vikur og hámarkstímafjöldi, sem mátti vinna samtals 210 tímar.

650 sóttu um sumarvinnu og voru 310 ráðnir til sumarstarfa og afleysinga hjá deildum og stofnunum bæjarins.

Samkvæmt ákvörðun bæjarráðs stóð starfsmannadeild fyrir könnun á atvinnuhorfum skólafólks dagana 5.- 14. júní. Alls höfðu 92 manns, sem voru í námi og án atvinnu samband við starfsmannadeildina. Ákveðið var að bjóða þessu fólki vinnu í 240 klst. Af þessum hópi tóku 78 manns tilboði bæjarins um vinnu.

Launanefnd sveitarfélaga gerði einn kjarasamning fyrir Akureyrarbæ á árinu en það var fyrsti kjarasamningurinn sem gerður er við Vélstjórafélag Íslands fyrir starfsmann hjá Norðurorku.

Ákvæði í kjarasamningum Einingar — Iðju og Starfsmannafélags Akureyrarbæjar um starfsmat, sem átti að koma til framkvæmda 1. desember 2002 komst ekki til framkvæmda vegna mikillar vinnu sem fylgir nýju starfsmati. Á þessari stundu er ekki hægt að segja um hvenær þessari vinnu lýkur en ólíklegt er að það verði fyrr en síðla árs 2003. Matið getur leitt til tveggja til fjögurra prósentna launahækkunar frá 1. des. 2002.

Fræðslumál

Símenntun starfsmanna var mjög í deiglu framan af árinu í kjölfar þeirrar óvissu sem ríkti eftir kjarasamninga á árinu 2001 en þá komu inn í marga kjarasamninga ákvæði um símenntun starfsmanna án þess að þau ákvæði væru útfærð. Að tillögu fræðslunefndar samþykkti bæjarstjórn reglur um símenntun starfsmanna þar sem kveðið er á um að gera skuli símenntunaráætlun fyrir hvern starfsmann bæjarins og hvað í slíkri símenntun eigi að felast. Í framhaldi af því var unnið tilraunaverkefni í gerð símenntunaráætlana á þjónustusviði undir stjórn Katrínar Dóru Þorsteinsdóttur frá Símei.

Á vegum fræðslunefndar var haldið nýliðanámskeið ásamt námskeiðum um starfsmannasamtöl fyrir hátt á fjórða hundrad starfsmenn. Tölvunámskeið fyrir starfsfólk voru skipulögð í samvinnu við Tölvufræðsluna. Jafnframt var deildum og stofnunum boðið námskeið í þjónustugæðum og voru nokkur slík haldin. Fyrirlestrar voru haldnir fyrir stjórnendur, m.a. um stjórnunarstíla, upplýsingalög, jafnréttislaggjöf og stjórnsýslulögin.

Fimm starfsmenn voru við nám á árinu á styrkjum úr Námsstyrkjasjóði.

Jafnréttis- og fjölskyldumál

Nafni og starfssviði nefndarinnar var breytt eftir bæjarstjórnarkosningar á síðasta ári en þá var eftirfylgni fjölskyldustefnu bæjarins falin jafnréttis- og fjölskyldunefnd og kallaði nefndin á haustdögum eftir greinargerðum frá framkvæmdaaðilum. Hlutverk nefndarinnar er jafnframt að vinna að raunverulegu jafnrétti allra bæjarbúa í lífi og starfi og leitast við að starfa

samkvæmt jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar. Leiðarljósið er að sjónarmið jafnréttis sé fléttað inn í líf bæjarbúa og alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum bæjarins.

Í samræmi við starfsáætlun jafnréttisnefndar fyrir árið 2002 var áfram unnið að því að auka umræðu um jafnrétti í skólum. Nefndin efndi til ritgerðasamkeppni í 9. bekkjum grunnskóla og tileinkaði árlegar styrkveitingar grunn- leik- og framhaldskólum bæjarins. Stuttu fyrir kosningar bauð nefndin öllum konum á Eyjafjarðarsvæðinu sem voru í framboði til bæjarstjórnarkosninga til kaffisamsætis á Kea. Mæting var mjög góð. Eftir kosningar var gerð úttekt á fjölda kvenna og karla í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum Akureyrarbæjar og í ljós kom að hlutur kvenna í fastanefndum hefur aukist frá árinu 2001 úr 33,3% í 43,6% og í samstarfsnefndum úr 28,8% í 37,2%. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri gerði að beiðni nefndarinnar athugun á launum æðstu stjórnenda hjá Akureyrarbæ.

Á Kvennafrídeginum 24. október hóf jafnréttisfulltrúi daginn með morgunandakt og kaffi fyrir starfskonur í Ráðhúsi. Jafnréttisnefnd stóð ásamt Jafnréttisstofu fyrir því að taka á móti ungum konum sem eru í herferð geng heimilisofbeldi. Þær héldu fyrirlestur í Ráðhúsinu og heimsóttu framhaldsskólana og Háskólann á Akureyri. Um kvöldið var opinn fundur í Deigluinni sem var mjög vel sóttur.

Jafnréttisfulltrúi sat í nefnd um jafnrétti í opinberri stefnumótun sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin lauk störfum í september. Jafnréttisfulltrúi sótti ásamt fimm öðrum íslenskum konum ráðstefnu til Finnlands - Taking Wing — um jafnrétti kynja og konur á norðurslóðum.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd veitti í annað skipti jafnréttisviðurkenningu og hlaut Útgerðarfélag Akureyringa hana að þessu sinni.

Kynningar- og markaðsmál

Nýtt starf verkefnastjóra í upplýsinga- og kynningamálum bæjarins var auglýst laust til umsóknar síðla árs 2001. Um 50 manns sóttu um starfið. Ragnar Hólm Ragnarsson var ráðinn og hóf hann störf 1. febrúar 2002.

Starfið hefur verið í hægri mótun með fjölbreyttum verkefnum og samstarfi við fjölda aðila, bæði innan kerfis og utan. Fyrsta verk nýs verkefnastjóra var að ganga frá uppsetningu nýrrar heimasíðu Akureyrarbæjar sem var formlega tekin í notkun 21. júní. Nýja síðan er mun víðtækari en sú sem fyrir var og hefur umferð um lénið stóraukist eins og sjá má í kaflanum um www.akureyri.is hér að framan.

Af öðrum verkefnum má nefna útgáfustarf, s.s. Ársskýrslu 2001, Fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar og Staðreyndir í tölum 2001. Mikið hefur verið lagt upp úr því að samræma útlitsmál auglýsinga og kynninga á vegum bæjarins. Móttökur gesta eru að hluta á könnu nýs verkefnastjóra, sem og samstarfsverkefni af ýmsu tagi. Má þar nefna samstarf við fyrirtæki í bænum vegna hátíðarinnar Ein með öllu um verslunarmannahelgina, útgáfu á sérstöku Akureyrarblaði sem dreift var með Morgunblaðinu nú eftir áramót og snjóbrettamótið Ak-Extreme sem haldið var í mars, en gerður hefur verið samstarfsamningur við Framvarðasveit íslenskra snjóbrettamanna til næstu fimm ára vegna þess.

Mannfjöldi

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 15.635 hinn 1. desember 2001. Endanleg íbúatala var 15.632. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 1. desember 2002 15.840 og hafði fjölgað um 206 eða um 1.33%. Karlar voru 7809 og konur 8.031.

Frá 2. desember 2001 til 1. desember 2002 fæddust 247 börn en 105 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brotskráningar 1.125 en skráningar til bæjarins 1.191 þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 66. Flutningar innan bæjarins voru 2.300. Elsti íbúi bæjarins Elín Magnúsdóttir er 107 ára.





Fjármálasvið

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana og fyrirtækja bæjarins fyrir árið 2002 var samþykkt í bæjarstjórn 5. febrúar 2002. Er það nokkru seinna en mörg undanfarin ár. Skýrist það af því að á árinu 2001 tok gildi ný reglugerð um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga sem hafði veruleg áhrif á framsetningu fjárhagsáætlunar og ársreikning sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun ársins var sett fram samkvæmt nýjum reikningsskilum og var Akureyrarbær fyrstur hinna stærri sveitarfélaga til að samþykka fjárhagsáætlun með nýju formi. Samstæðureikningur Akureyrarbæjar samanstendur af aðalsjóði, öðrum sjóðum í A-hluta og sjóðum í B-hluta. Aðalsjóður og A-hluta sjóðir fá tekjur sínar til að standa undir útgjöldum af sköttum en sjóðir í B-hluta eru aðallega fjármagnaðir með þjónustutekjum.

Heildarupphæð samstæðuáætlunarinnar var rúmlega 7,2 milljarðar króna.

Hjá aðalsjóði, en svo kallast hin nýi sjóður þar sem meginhluti stafseminnar fer fram og var áður bæjarsjóður, voru rekstrargjöld áætluð kr. 4.877.934 þús. og tekjur málaflokka kr. 1.257.212 þús. Áætluð rekstrargjöld, nettó, voru því ríflega 3.620 milljónir króna. Það svarar til 228.610 króna á hvern íbúa 1. desember 2002.

Skatttekjur voru áætlaðar kr. 3.564.600 þús. eða 225.066 krónur á íbúa. Fjármagnstekjur hjá aðalsjóði voru áætlaðar 255 milljónir króna. Til fjárfestinga fyrir A-hluta sjóði var áætlað að verja kr. 953.700 þús.

Útsvarsprósenta var ákveðin 13,03%. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði var 0,35% af álagningarstofni en fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði var 1,55% af álagningarstofni.

Við endurskoðun fjárhagsáætlunarinnar í október var gert ráð fyrir nokkurri hækkun tekna og útgjalda. Skatttekjur hækkuðu um rúmar 108 milljónir króna og rekstrarútgjöld um rúmar 222 milljónir króna og vegur þar langþýngst 90 milljóna króna hækkun vegna lífeyrisskuldbindinga.

Ársreikningur

Rekstur Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og er heildarniðurstaða ársins í góðu samræmi við fjárhagsáætlun ársins og fjárhagurinn traustur. Heildarvelta bæjarins var nærri 8 milljarðar króna. Rekstrarniðurstaða var ríflega 19 milljóna króna halli en áætlun hafði gert ráð fyrir 11,3 milljóna króna halla á árinu. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar voru mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir eða rétt tæpar 500 milljónir króna í samstæðunni. Ef ekki hefði komið til mikil hækkun lífeyrisskuldbindinga hefði orðið um verulegan rekstrarafgang á árinu að ræða. Fjármagnstekjur vegna gengishagnaðar urðu einnig verulega hærri en áætlað var. Skatttekjur aðalsjóðs voru um 3,6% hærri en áætlað var. Almenn rekstrargjöld aðalsjóðs, án lífeyrisskuldbindinga, voru 1,5% umfram áætlun. Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 3.462.706 þúsundir króna. Fjöldi ársverka á árinu var 1.339.

Helstu niðurstöðutölur úr rekstrarreikningi og sjóðstreymis- yfirliti samstæðureiknings Akureyrarbæjar árið 2002 má sjá í eftirfarandi töflu:

Úr rekstraryfirliti og sjóðstreymisyfirliti fyrir árið 2002

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

	Niðurstaða	Áætlun	Frávik
Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs	3.681.445	3.575.000	106.445
Tekjur málaflokka og rekstrartekjur veitna	3.996.853	4.101.598	(104.745)
Rekstrartekjur samtals	7.678.298	7.676.598	1.700
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4.557.385	3.943.796	(613.589)
Annar kostnaður	2.491.001	2.746.490	255.489
Afskriftir	873.133	879.245	6.112
Rekstrargjöld samtals	7.921.519	7.569.531	(351.988)
Fjármagnskostnaður	224.067	(118.411)	342.478
Rekstrarniðurstaða	(19.154)	(11.344)	(7.910)
Veltufé frá rekstri	1.096.146	867.901	228.245
Fjárfestingar samtals	1.593.551	1.465.970	(127.581)

Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31. desember 2002 má sjá í töflunni hér að neðan og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árið 2001.

Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings í árslok 2002 og 2001

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Eignir	31. des. 2002	31. des. 2001
Fastafjármunir	13.524.133	12.810.429
Veltufjármunir	1.820.727	1.806.159
Áhættufjármunir og langtímakröfur	2.511.486	2.601.575
Eignir samtals	17.856.326	17.218.163
Eigið fé og skuldir		
Skammtímaskuldir	1.710.255	1341.060
Langtímaskuldir	5.326.583	5.538.162
Lífeyrisskuldbindingar	3.816.700	3.317.000
Eigið fé	7.002.788	7.021.941
Eigið fé og skuldir samtals	17.856.326	17.218.163

Stærsti og mikilvægasti tekjustofn bæjarins eru útsvarstekjur. Á árinu 2002 námu launagreiðslur á Akureyri ríflega 24,5 milljörðum króna. Greidd staðgreiðsla (útsvar og tekjuskattur) á árinu nam alls tæpum 5,5 milljörðum króna. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig staðgreiðsluskyld laun á Akureyri og staðgreiðsla skiptist á einstaka mánuði ársins.

Frekari upplýsingar um fjárhagsáætlun bæjarins og ársreikning má nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is



Viðbótarlán

Árið 2002 er fjórða árið sem viðbótarlán eru veitt en þau eru ætluð tekjulágum fjölskyldum sem þurfa aðstoð vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Viðbótarlán kemur til viðbótar húsbrefum með veði í hlutaðeigandi eign. Heildarlánveiting getur orðið allt að 90% af kaupverði íbúðar. Viðbótarlánnum er úthlutað samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og starfsreglum sem Bæjarráð Akureyrar setur varðandi úthlutun lánsloforða. Sömu reglur gilda um yfirtöku eldri lána og gilda um ný lán. Umsókn um viðbótarlán er ekki tekin til afgreiðslu fyrr en fyrir liggur staðfest kauptilboð og greiðslumat frá fjármálastofnun ásamt öllum fylgigögnum. Umsóknareyðublað og reglur um veitingu viðbótarlána má nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is. Reglur um úthlutun, eyðublöð og ýmsar aðrar upplýsingar varðandi íbúðakaup liggja frammi í þjónustuanndryri Akureyrarbæjar að Geislagötu 9. Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda umsókna og upphæðir nýrra og yfirtekinna viðbótarlána.

Viðbótarlán				
Allar upphæðir eru í þúsundum króna.				
Ár	1999	2000	2001	2002
Fjöldi samþykktra nýrra lána	200	182	143	123
Samtals upphæð nýrra lána	283.375	279.443	218.840	225.500
Meðaltals upphæð samþykktra lána	1.417	1.535	1.530	1.833
Fjöldi samþykktra umsókna um yfirtöku	0	14	34	46
Samtals upphæð yfirtekinna lána	0	19.310	46.999	67.590
Meðaltals upphæð yfirtekinna lána	0	1.379	1.382	1.469
Fjöldi umsókna sem var synjað	10	14	12	11
Samtals upphæð synjaðra lána	20.035	24.733	16.999	20.469
Meðaltals upphæð synjaðra lána	2.004	1.767	1.417	1.861
Fjöldi umsókna alls	210	210	189	180

Eftirspurn eftir viðbótarlánnum hefur verið fullnægt, en heldur hefur dregið úr heildarfjölda umsókna. Fjöldi umsókna um yfirtöku eldri lána eykst á milli ára og má vænta þess að þróunin verði sú sama á næstu árum.

Innlausn félagslegra íbúða

Á árinu 2002 voru innleystar 38 félagslegar eignaríbúðir en 40 íbúðir voru innleystar á árinu 2001. Sex innlausnaríbúðum var breytt í leiguíbúðir en 32 íbúðir voru seldar á frjálsum markaði eða voru á söluskra um áramót. Þar af voru 16 íbúðir seldar með tapi. Sala íbúðanna hefur gengið vel síðustu ár, eftirspurn eftir góðu húsnæði á Akureyri er mikil og íbúðirnar almennt í góðu ástandi. Bæjarráð Akureyrar ákvað í maí 2002 að stytta þann tíma sem sveitarfélagið neytir forkaupsréttar á innleystum félagslegum íbúðum um tíu ár þannig að eigendur íbúðanna geta nú selt þær á frjálsum markaði eftir að hafa átt þær í 20 ár. Þessi tímamörk voru sett miðað við að enginn eigandi félagslegs íbúðarhúsnæðis yrði fyrir tapi við það að þurfa að selja íbúð sína sjálfur á almennum markaði í stað þess að sveitarfélagið innleysti íbúðina. Um áramót voru á Akureyri tæplega 400 íbúðir sem Akureyrarbær hefur kaupskyldu og/eða forkaupsrétt á.


Félagslegar leiguíbúðir

Um síðustu áramót voru í eigu Akureyrarbæjar rúmlega 220 félagslegar leiguíbúðir. Tilgangurinn með rekstri íbúðanna er að tryggja einstaklingum og fjölskyldum, sem ekki hafa greiðslugetu til að kaupa á íbúðarhúsnæði, öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Haldinn er biðlisti eftir leiguíbúðunum og eru í gildi skýrar reglur um hverjir hafa rétt til að fara á biðlista og um skilyrði fyrir leigurétti núverandi leigjenda. Reglurnar voru samþykktar af bæjarstjórn Akureyrar 20. desember 2001. Á árinu 2002 var úthlutað 43 íbúðum til leigu en þar af var í 12 tilfellum um að ræða flutning á milli íbúða. Til samanburðar þá var á árinu 2001 um að ræða samtals 38 úthlutanir.

Um síðustu áramót voru 72 umsækjendur á biðlista eftir leiguhúsnæði en þar af voru 13 að óska eftir flutningi í hentugra húsnæði. Í byrjun árs 2002 voru samtals 86 umsækjendur á biðlista eftir leiguhúsnæði, þannig að staðan er heldur betri í dag en var fyrir ári síðan. Á árinu var 6 innleystum félagslegum íbúðum breytt í leiguíbúðir auk þess sem ein íbúð var keypt af félagasamtökum. Í undirbúningi er bygging 8 tveggja herbergja íbúða og er gert ráð fyrir að byggingarframkvæmdir hefjist sumarið 2003. Umsóknareyðublað og reglur um úthlutun og leigurétt má nálgast í þjónustuanndryri Akureyrarbæjar að Geislagötu 9 eða á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Húsaleigubætur

Húsaleigubætur eru greiddar til leigjenda að uppfyllt-um ákveðnum skilyrðum og er markmiðið með greiðslu bótanna að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.



Atvinnu- og hjúskaparstaða húsaleigubótaþega

Atvinnustaða	Gift / samb. m. börn	Gift / samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Alls
Í atvinnu	41	13	117	60	33	264
Atvinnulaus			6	2	4	12
Öryrkjar	9	7	19	39	61	135
Eiðilífeyrisþegar		12		26	15	53
Heimavinnandi	2		2			4
Nemar	16	6	25	90	54	191
Alls	68	38	169	217	167	659



Á árinu 2002 voru greiddar húsaleigubætur hjá Akureyrarbæ alls að upphæð kr. 68,2 milljónir króna sem er aukning um tæp 28% frá árinu áður. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 35% aukningu í greiðslu húsaleigubóta á árinu 2003. Frá og með 1. janúar 2002 eru húsaleigubætur ekki skattskyldar auk þess sem reglur um greiðslu þeirra hafa verið rýmkaðar t.d. með því að nú eru greiddar húsaleigubætur til nemenda á námsgörðum og til einstakra heimilismanna á sambylum. Í eftirfarandi töflu má sjá hver þróunin hefur verið í greiðslu húsaleigubóta frá því greiðsla þeirra hófst hjá Akureyrarbæ á árinu 1998:

Húsaleigubætur				
Ártal	Fjöldi bótaþega	Fjöldun í % á milli ára	Upphæð gr. bóta	Hækkun í % milli ára
1998	232		17.161.580	
1999	267	15,1%	23.331.133	35,9%
2000	360	34,8%	44.706.408	91,6%
2001	512	42,2%	53.389.679	19,4%
2002	659	28,7%	68.212.191	27,8%

Meðalupphæð greiddrar húsaleigu 2002					
Stærð	Alm. leiga	Búseti	Félagasamtök	Fél. leiga (Akb)	Nem.garðar
1 herb.*	36.614		15.359	12.525	26.552
2 herb.	37.749	29.879	26.175	24.097	39.171
3 herb.	44.021	39.094	34.807	29.854	49.474
4 herb.	52.179	45.572	34.881	35.581	
5 herb.	62.993		59.908	41.286	
6 herb.	59.500				

*á almennum markaði er um að ræða stúdíóíbúðir, en félagsleg leiga hjá Akureyrarbæ eru herbergi á sambylum.

Umsóknareyðublöð fyrir húsaleigubætur má nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is auk þess sem umsóknareyðublöð, lög og reglugerðir um greiðslu húsaleigubóta liggja frammi í Þjónustuanddyri Akureyrarbæjar Geislagötu 9.

Félagssvið

Almennt má segja að starfsemin á félagssviði hafi gengið vel á árinu 2002 en þó settu mannbreytingar í hópi deildarstjóra svip sinn á árið. Ráðið var í stöður deildarstjóra búsetudeildar, öldrunarstofnunar og íþrótta- og tómstundadeildar. Voru sumar þessar ráðningar umdeildar.

Samningar náðust í maí við félagsmálaráðuneytið um framhald á rekstri Akureyrarbæjar á málaflökki fatlaðra en ekki náðist á árinu að semja við heilbrigðisráðuneytið um rekstur heilsugæslunnar og um ýmsa þætti í öldrunarmálum en fyrri samningar runnu út um áramótin 2001/2002.

Mikil og góð starfsemi var á öllum deildum og starfsemin eflid eftir því sem efni leyfðu. Litlar skipulagsbreytingar voru þetta árið nema hvað búsetu- og öldrunardeild var skipt upp í öldrunarstofnun og búsetudeild.

Nýtt félagsmálaráð var skipað á árinu í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og skipa það eftirtaldir: Jakob Björnsson formaður, Þóra Ákadóttir varaformaður, Jóhannes Bjarnason, Kristín Sigfúsdóttir, og Sigurveig S. Bergsteinsdóttir.

Lokið var við gerð fjölskyldustefnu og samþykkti bæjarstjórn hana fyrri hluta ársins. Fjölskyldustefnan er verkefnabundin og verður nóg að gera á næstu árum að fylgja henni eftir í öllu bæjarkerfinu.

Enn varð mikil aukning á fjárhagsaðstoð milli ára. Virðist ljóst að einstaklingum fjölga sem þurfa á aðstoð að halda til að lifa mannsæmandi lífi. Einnig var áberandi hversu margir eru búnir að koma sér í fjárhagslegt þrot og virðist sem aðgengi að lánsfjármagni sé allt of auðvelt hjá þeim sem í raun hafa litla sem enga getu til að greiða lánin til baka. Félagsmálaráð beitti sér fyrir að ráðgjafar frá Ráðgjafastofu heimil-

anna komu hálfsmánaðarlega til Akureyrar á haustdögum og fengu aðstoðu á fjölskyldudeildinni til að taka á móti fólki í fjárhagsferfiðleikum. Vonast er til að með komu ráðgjafanna til Akureyrar fjölgi þeim sem leita sér fjárhagslegrar aðstoðar áður en í algert óefni er komið. Þegar hefur verið samið um framhald verkefnisins á árinu 2003. Akureyrarbær leggur fram fjármagn til heimsóknar ráðgjafanna hingað norður.

Samtökin Stigamót komu frá árinu 2001 með reglulegum heimsóknum til Akureyrar á fót umræðu- og vinnuhópum um málefni kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi af einhverjum toga. Í framhaldinu voru stofnuð samtök hér á Akureyri til að vinna að þessum málum og fengu þau aðstoðu til bráðabirgða hjá Menntasmiðjunni.

Nokkrar áherslubreytingar urðu í starfssemi Menntasmiðjunnar með því að ákveðið var að hafa Menntasmiðju kvenna bara aðra hverja önn og á móti kæmi nýtt verkefni sem sérstaklega væri ætlað fyrir ungmenni í vanda. Verkefnið sem fékk nafnið Menntasmiðja unga fólksins starfaði á fyrri hluta ársins 2002 og gekk það nokkuð vel. Haldið verður áfram fyrri hluta árs 2003. Jafnframt var stofnuð Alþjóðastofa innan Menntasmiðjunnar til að sinna nýbúum á Akureyri og nágrenni.

Forvarnarfulltrúi var starfandi allt síðasta ár og gaf það mjög góða raun. Hefur allt forvarnarstarf orðið markvissara með þessu móti.

Dagur eldri borgara var haldinn í fyrsta skipti á vordögum og tókst vel. Gert er ráð fyrir að svona dagur verði framvegis haldinn árlega.

Býlting varð í aðstöðumálum margra íþróttagreina þó sérstaklega fótoltamanna með tilkomu fjölnota íþróttahússins



Bogans sem tekið var í notkun í árslok. Sama má segja um skíðalyftuna Fjarkann sem tekin var í notkun í ársbyrjun. Í árslok var ekki búið að ganga frá samningi við menntamálaráðuneytið um framhald uppbyggingar Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands en viðræður hafa gengið nokkuð vel.

Flestar sýningar Listasafnsins á árinu hlutu mikla og verðskuldaða athygli og aðsóknin var mjög góð. Í árslok stóðu enn yfir viðræður við menntamálaráðuneytið um framhald menningar-samnings.

Samningar við Ríkisvaldið

Þrátt fyrir að samningar um reynsluverkefnið rynnu út um áramótin 2001/2002 tókst ekki að ná samningum um framhald verkefnanna fyrr en í maí að samningur náðist við félagsmálaráðuneytið um málefni fatlaðra. Í þeim samningi er ákvæði um mögulega fjölgun úrræða fyrir geðfatlaða á árinu 2005 og lagfæringar voru gerðar í launamálum fatlaðra á Plastiðjuni Bjargi / Iðjulundi.

Í árslok var enn ósamið við heilbrigðisráðuneytið um heilsugæslu- og öldrunarmál. Samningaviðræður gengu erfiðlega og bar nokkuð á milli í ýmsum atriðum, m.a. fjármálum.

Eins og áður hefur komið fram var líka ósamið við menntamálaráðuneytið um menningarmál og uppbyggingu Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands. Er það áhyggjuefni hversu viðræður við einstök ráðuneyti um framhald samninga ganga almennt hægt og algjör undantekning að þeim ljúki áður en eldri samningar renna út.

Húsnæðismál

Á árinu var unnið að því að bæta húsnæðisaðstöðu notenda og starfsmanna á mörgum stofnunum. Má þar nefna fjölnota íþrótta-húsið Bogann, endurbætur á Sundlaug Akureyrar, viðbyggingu Amtsbókasafns, endurbætt bílastæði og nýja skíðalyftu í Hlíðar-fjalli og nýjan leikskóla í Naustahverfi. Einnig var unnið að undirbúningi ýmissa bygginga sem koma til framkvæmda á næstu árum og má þar nefna viðbyggingu við Brekkuskóla, íþrótta-aðstöðu o.fl. við Síðuskóla, uppbyggingu fjölskyldugarðs við sundlaug Akureyrar o.s.frv. Allar þessar framkvæmdir munu væntanlega stuðla að meiri og betri starfsemi á vegum bæjarins öllum bæjarbúum til hagsbóta.

Þjónustuvæði

Þjónustuvæði stofnana á félagssviði er mismunandi stórt eftir því hvaða málaflokkur á í hlut. Málefni fatlaðra ná til íbúa í 13 sveitarfélögum, starfssvæði heilsugæslunnar nær til íbúa 10 sveitarfélaga, samningur er við 6 sveitarfélög um aðgang að dvalar- og hjúkrunarrýmum á Hlíð og 1 sveitarfélag um aðgang að hjúkrunarrýmum eingöngu. Á árinu 2002 var gengið frá endurnýjun samnings við 5 sveitarfélög um barnaverndarmál, félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.

Nýir deildarstjórar á félagssviði

Þórgnýr Dyrfjörð tók við störfum menningarfulltrúa í ársbyrjun af Ingólfi Ármannssyni, búsetu- og öldrunardeild var skipt upp á árinu og Brit Bieltevéd ráðin í starf forstöðumanns öldrunarstofnunar og Kristín S. Sigursveinsdóttir ráðin deildarstjóri búsetudeildar. Kristinn H. Svanbergsson var ráðinn deildarstjóri íþrótta- og tómstundadeildar í stað Eiríks B. Björgvinssonar. Loks var Karólína Gunnarsdóttir ráðin deildarstjóri fjölskyldu-deildar í námsleyfi Guðrúnar Sigurðardóttur.

Starf forvarnafulltrúa

Starf forvarnafulltrúa veturinn 2002-2003 fólst aðallega í að hvetja ungt fólk til að velja heilbrigðan lífstíl án vímuegja. Það var gert í samvinnu við lögregluna á Akureyri með ýmsum hætti en þó aðallega í formi fræðslu um skaðsemi vímuegja. Síðasta sumar kom Guðjón Bergman og fræddi 14 og 15 ára ungmenni í Unglingavinnunni um skaðsemi tobaks og áfengis auk þess sem þau fengu innsýn í jóga og slökun. Þessi fræðsla er samvinnuverkefni við Krabbameinsfélag Akureyrar og ná-grennis. Magnús Stefánsson kom sl. vetur með forvarnafræðsluna "Hættu áður en þú byrjar" og fræddi 14 og 15 ára unglinga auk foreldra um skaðsemi fíkniefna. Hann ræddi einnig við nemendur í MA, VMA og Menntasmiðju unga fólksins. Forvarnaleikritið "Í gegnum eldinn" á vegum Stopp leikhópsins var fengið fyrir nemendur í 7. og 8. bekk. Fíkniefnaleitarhundurinn Bassi ásamt Þorsteini frá Tollgæslunni kom í heimsókn til allra fermingabarna auk þess sem haldin var fræðslufundur fyrir foreldra. ÞOR verkefnið var kennt öllum nemendum í 5. bekk. Rætt var um, lög og reglur, stríðni, einelti, stuld, hrós, virðingu, framkomu og sjálfsmynd. Auk þess fengu nemendur "útivistar-segulinn" Farið var í heimsókn til allra nemenda í 2. bekk og þeim afhentur útivistarsegullinn auk þess sem rætt var um mikilvægi útivistareglu fyrir heilsu og líðan. Kynntar voru breyttar útivistarreglur um helgar á Akureyri fyrir 14 og 15 ára unglinga. Útbúin voru póstkort með breytingunum og send heim með öllum nemendum á Akureyri. Foreldraröltið var óbreytt þennan veturinn, en þeir sem standa að röltinu hvattir til að breyta út af venju og fara af og til á röltið á laugardagskvöldum. Keyptar voru niðurstöður rannsóknar um þróun vímuefnaneyslu unglinga á Akureyri frá árunum 1997-2002 og kynntar á blaðamannafundi í desember. Forvarnafulltrúi fór á ráðstefnu í Hamborg í Þýskalandi um vímuefni og skólum er tilgangur ráðstefnunnar var að fá yfirsýn yfir árangursríkustu aðferðir við vímuefni. Önnur verkefni voru: "Vertu til" samstarfs-hópur um að efla forvarnir í sveitarfélögum, og SAMAN-hópurinn sem er samstarfshópur um forvarnir sem stuðla að velferð barna. Meginmarkmiðin með starfi SAMAN hópsins er að vinna saman að því að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Menntasmiðjan á Akureyri

Menntasmiðjan á Akureyri sinnir fullorðinsfræðslu og símenntun af ýmsu tagi, fyrir almenning, nýbúa og sérstaklega fyrir konur.

- Á haustönn var rekin Menntasmiðja kvenna, 14-16 vikna lagt nám í lífleikni fyrir konur og á vorönn Menntasmiðja unga fólksins, 18 vikna lífsleikninám fyrir fólk á aldrinum 17-26 ára. Námið í báðum þessum smiðjum er byggt á hugmyndafræði lýðháskóla á Norðurlöndunum þ.e. þríþætt nám: sjálfsstyrkjandi, hagnýtt og skapandi.

- Verkefnið Vinnuklúbburinn er rekið í samstarfi við Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra. Vinnuklúbburinn er 4 vikna langt námskeið fyrir fólk í atvinnuleit og voru haldin 10 námskeið á árinu.

- Alþjóðastofan á Akureyri er starfrækt innan vébanda Menntasmiðjunnar og hófst starfsemi hennar í febrúar 2002. Alþjóðastofan sér um námskeiðahald fyrir fólk af erlendum uppruna, einstaklingsráðgjöf, tengsl við tülka og sinnir einnig verkefnum á landsvísu sem tengjast málefnum nýbúa.



• Haldin voru 4 tölvunámskeið á árinu, sérstaklega ætluð konum, en Menntasmiðjan hefur boðið upp á slík námskeið s.l. 4 ár.

• Menntasmiðjan er aðili að fjölþjóðlegu verkefni sem ber heitið Violeta og er unnið innan Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni níu Evrópulanda. Verkefnið miðar að því að mynda tengslanet fullorðinsfræðslustofnana sem vinna að atvinnumálum kvenna.

Fjölskyldudeild

Hlutverk fjölskyldudeildar er fyrst og fremst þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur og er verkefnunum skipt í fjóra hluta, þ.e. almenna félagsþjónustu, málefni fatlaðra, skólaþjónustu og barnavernd. Stofnanir sem heyra undir deildina eru Hæfingarstöðin við Skógarlund og Plastiðjan Bjarg/löjullundur.

Á árinu voru 18 starfsmenn á deildinni. Auk skrifstofufólks er um að ræða háskólamenntaða sérfræðinga svo sem félagsráðgjafa, iðjubjálfa, sálfræðinga, þroskabjálfa og leik- og grunnskólasérkennara. Deildin kaupir einnig vinnu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum, einkum sálfræðingum og talmeinafræðingum.

Engar skipulagsbreytingar urðu á árinu og áfram var unnið að því að samþætta vinnu í þeim málaflokkum sem deildinni er ætlað að vinna. Aukin samvinna við aðrar stofnanir/einstaklinga og undirbúningur að verkefnum er snúa að forvörnum tók aukin tíma þegar liða tók á árið. Félagsmálaráð gekk á árinu frá samkomulagi við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um að koma til Akureyrar og veita þjónustu sína hér og hefur starfsmaður þeirra haft aðstoðu á deildinni og unnið í góðu samstarfi við starfsmenn hennar.

Almenn félagsþjónusta


Helstu verkefni í félagsþjónustu eru fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf af ýmsum toga s.s. vegna uppeldisvanda, skilnaðar, forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmála, húsnæðis- og fjármála.

Fjárhagsaðstoð

Þegar litið er á skiptingu styrkþega eftir atvinnustöðu, sést að aukningin er mest hjá styrkþegum í fullu starfi, en

minnkun hjá heimavinnandi og nemum.



Heildarfjöldi styrkþega er 340. Einstæðir foreldrar eru stærsti hópurinn sem nýtur fjárhagsaðstoðar, næstflestir eru einhleypir.



Þróun fjárhagsaðstoðar

Þegar litið er til síðustu ára kemur í ljós að heildarfjárhæð til fjárhagsaðstoðar hefur vaxið úr 10,6 milljónum kr. árið 1991 í 44,6 milljónir kr. árið 2002 á verðlagi hvers árs. Á sama tíma hefur fjöldi styrkþega farið úr 240 árið 1991 í 340 árið 2002.

Sama þróun sést þegar litið er til meðalgreiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga. Hún hefur vaxið úr 44 þús. kr. árið 1991 í 131 þús. kr. árið 2002, einnig á verðlagi hvers árs.



Málefni fatlaðra

Hlutverk Fjölskyldudeildar í þjónustu við fólk með fötlun og fjölskyldur þeirra er ráðgjöf er snýr að atvinnu, búsetu, fjármálum, tómstundum og öðru því sem fólk með fötlun þarf aðstoð með. Þjónusta við börn með fötlun er auk ráðgjafar ýmis úrræði er snúa að fjölskyldunni og þjálfun fyrir yngstu börnin. Deildin á að hafa yfirsýn yfir fjölda fatlaðra og benda á úrræði. Samræming á þjónustu og tengsl við þá sem veita þjónustu eru stór hluti af starfsemi.



Hæfingarstöð

Hlutverk Hæfingarstöðvarinnar við Skógarlund er að veita hæfingu og iðju skv. 26. gr. laga um málefni fatlaðra. Markmið þjónustunnar er að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Markhópur Hæfingarstöðvarinnar er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vernduðum vinnustað. Eitt meginmarkmið Hæfingarstöðvarinnar, auk þess að efla alhliða þroska einstaklingsins og vellíðan og ör-yggi, er meiri áhersla á "skapandi starf".

Hæfingarstöðin veitti 45 einstaklingum þjónustu frá 16 ára aldri. Á haustdögum var sett á stofn ungmennadeild og er þá starfsemi skipt upp í 4 deildir.

Alls störfuðu 20 starfsmenn á Hæfingarstöð í 16 stöðugildum, þar af 6 þroskaþjálfar og einn sjúkraþjálfari.

Virk símenntunaráætlun og þróunarverkefni er tengist því fór af stað á árinu. Hæfingarstöðin er í samstarfi við 2 stofnanir á N-Jótlandi og felst samstarfið í starfsmannaskiptum. Í lok sumars fóru flestir starfsmenn hæfingarstöðvar í náms- og kynnisferð til Jótlands.

Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur er starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaður og auk þess verndaður vinnustaður. Rekin er verslun á staðnum þar sem seldar eru helstu framleiðsluvörur fyrir-tækisins svo sem rúmfatnaður og kerti.


Á árinu var 31 fatlaður einstaklingur í verndaðri vinnu, að jafnaði hálfan daginn sem er svipað og verið hefur áður. Alls voru 50 einstaklingar í starfsþjálfun á Plastiðjuni Bjargi/Iðjulundi á árinu sem er sambærilegt við árið áður. Af þeim fóru 5 í verndaða vinnu á PBI og ellefu út á almennan vinnumarkað eða í skóla.

Þann 15. september var tekið upp nýtt launakerfi fyrir fatlaða starfsmenn í verndaðri vinnu. Greidd eru laun í samræmi við vinnuframlag og getu einstaklingsins annars vegar og þeirra aðstoðar og þjálfunar sem hann þarf á að halda hins vegar.

Miðað er við grunnlaun verkafólks. Hægt er að hafa 30%, 50%, 70% eða 90% vinnugetu. Þá er áætlað að starfsmaður með 50% vinnugetu skili fullu vinnuframlagi helming vinnutímans en njóti þjálfunar og leiðsagnar á mótí. Í árslok voru 12 einstaklingar með 30% laun, 13 með 50% laun og 3 með 70% laun. Við þetta hafa kjör fatlaðra starfsmanna í verndaðri vinnu batnað verulega. Þetta launakerfi var tekið upp eftir fyrirmynd frá sambærilegum vinnustöðum.

Eigin tekjur stofnunarinnar námu 30.845.000 sem var nokkuð undir áætlun. Á mótí kom að vöruinnkaup og ýmis annar kostnaður einnig minni en áætlað var.

Fest voru kaup á nýrri plastsprautuvél snemma árs 2003. Kaup-verð og uppsetning vélarinnar nemur u.þ.b. sex milljónum króna.



Atvinnuleit fatlaðra

Hlutverk atvinnuleitarfulltrúa fatlaðra er að finna fólki með skerta vinnugetu vegna fötlunar vinnu við hæfi á almennum vinnumarkaði. Oft er fólki beint í starfsendurhæfingu til að byrja með og síðan eru örorkuvinnusamningar notaðir til að auðvelda aðkomu að vinnumarkaði. Umsækjendur til atvinnuleitarfulltrúa voru 10 á árinu og fengu 3 þeirra störf á almennum vinnumarkaði, þar af 2 á örorkuvinnusamningum. Þessu til viðbótar fengu tveir einstaklingar sem sóttu um á árinu 2001 störf á almennum vinnumarkaði. Alls voru 32 örorkuvinnusamningar í gildi á árinu. Á árinu var veitt "líðveisla á vinnustað" eins og árið 2000 og var starfsmaður í hálfu starfi við það. Alls nutu 7 einstaklingar líðveislu á vinnustað á árinu.

Á árinu hafa 63 einstaklingar, sem hafa notið starfsþjálfunar og aðstoðar við atvinnuleit, verið í störfum á almennum vinnumarkaði og eru það 2 fleiri en árið 2001. Yfir 40 af þessum 63 einstaklingum nutu einhverrar aðstoðar á vinnumarkaði á síðasta ári.

Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðara. Úthlutað var einu sinni á sl. ári. Alls bárust 13 umsóknir og fengu 11 úthlutað um 950.000 kr.

Húsnæðismál

Öryrkjabandalag Íslands á 21 íbúð á Akureyri sem leigðar eru öryrkjum, auk húsnæðis tveggja sambyla. Fjölskyldudeild tekur á mótí umsókn um þessar íbúðir fyrir hönd Öryrkjabandalagsins og hefur samvinnu við það um úthlutun og ýmislegt er lýtur að útleigu. Á biðlista eftir íbúð í árslok voru 15 umsækjendur.

Leikfangasafn

Leikfangasafn er starfsrækt á Fjölskyldudeild. Þar er veitt þroska- og leikþjálfun, tekið þroskamát á börnum og veitt uppeldisleg ráðgjöf til foreldra og annarra, svo sem leikskóla og stuðningsfjölskyldna, sem annast börnin. Leikfangasafnið er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Á árinu fengu 5 börn þjálfun á leikfangasafni og komu þau alls 62 sinnum. 12 börn komu í forathugun með tilliti til frekari greiningar eða annarar ráðgjafar.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Á árinu hófðu 24 börn stuðningsfjölskyldu. 5 börn voru á aldrinum 0-6 ára og 19 börn á aldrinum 7-16 ára. Með-alfjöldi sólarhringa fyrir hverja fjölskyldu var 2,5.

Umönnunarbætur

Fjölskyldudeild gerir tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir börn með fötlun. Einnig aðstoðar deildin foreldra barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat þó deildinni sé ekki ætlað að gera tillögur. Á skrá hjá Fjölskyldudeild voru um 100 fjölskyldur með umönnunarbætur vegna fötlunar eða alvarlegra þroska- eða hegðunarraskana og enn fleiri foreldrar voru aðstoðaðir vegna vægari erfiðleika.

Skólamál

Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla á svæðinu er í höndum sálfræðinga og leik- og grunnskólasérkennara.

Helstu verkefni eru greiningar á námsvanda, s.s. lestrar- og stærðfræðiörðugleikum, málþroskagreiningar, mat á þroska leikskólubarna, taugasálfræðileg greining og mat á félagslegri aðlögun barna. Ráðgjöf og fræðsla er veitt til leik- og grunnskólakennara og foreldra vegna einstakra nemenda, bæði hvað



Skipting tilvísana eftir skólum

Nafn skóla	Fjöldi nemenda		Fjöldi tilvísana	
	2001-2002	2001-2002	2001-2002	2001-2002
Brekkskóli	549	537	69	62
Giljaskóli	271	337	20	33
Glerárskóli	446	433	27	35
Grenivíkurskóli	51	48	10	4
Hlíðarskóli	9	14	2	3
Hrafnagilsskóli	194	199	15	8
Lundarskóli	507	520	38	47
Oddeyrarskóli	201	216	32	30
Síðuskóli	485	467	43	33
Valsárskóli	78	76	18	6
Þelamerkurskóli	96	97	8	9
Samtals	2.887	2.944	282	270

Skipting tilvísana eftir leiskólum og heimsóknir ráðgjafa í skólana

Nafn skóla	Fjöldi nemenda		Fjöldi tilvísana		Heimsóknir 2002
	2001-2002	2001-2002	2001-2002	2001-2002	
Álfaborg	23	18	2	1	3
Álfasteinn	24	24	2	1	4
Árholt	47	40	4	3	10
Flúðir	123	115	14	6	7
Hlíðarból	64	70	5	3	7
Holtakot	39	37	2	4	3
Iðavöllur	118	115	7	8	8
Kiðagil	126	124	5	11	20
Klappir	37	37	3	3	3
Krógaból	118	119	8	7	16
Krummakot	32	49	2	2	6
Krummafótur	52	38	4	0	6
Lundarsel	93	88	6	4	13
Pálmholt	56	65	5	1	13
Síðusel	87	80	7	7	19
Sunnuból	50	65	1	0	2
Samtals	1.089	1.084	77	61	140

varðar náms- og hegðunarörðugleika. Vandí barna er metinn með prófum, viðtölum og skoðun á stöðu og tillögur um úrbætur eru gerðar í samvinnu við fjölskyldu og skóla. Í framhaldi af greiningu kemur, eftir þörfum, ráðgjöf til kennara, foreldra og nemenda. Foreldrar geta leitað beint til skóláteymis. Beiðnum um talkennslu og þyngri málþroskaþróf- um er vísað áfram til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga.

Skóláteymi kemur að mati á þörf fyrir sérkennslu í samvinnu við Skóladeild.

Á sl. ári vann einn starfsmaður skóláteymis í samstarfi við Háskólann á Akureyri, könnun á vinnubrögðum og skipulagi í grunnskólum Akureyrar vegna nemenda með sérþarfir, einnig var unnið verkefni með Heilsugæslustöð og forvarnarfulltrúa Akureyrar, þar sem skólum var boðið upp á skólafærinám- skeið fyrir foreldra 6 ára barna.

Starfsmaður skóláteymis tekur nú þátt í rannsókninni Hugur og heilsa, sem miðar að forvörnum við þunglyndi hjá unglingum og Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur stýrir.

Alls bárust 333 tilvísanir vegna jafn margra barna á leik- og grunnskólaaldri, 270 úr grunnskóla og 63 úr leikskóla.

Um færri tilvísanir eru að ræða en árið áður en unnið var í fleiri málum á árinu eða 518 á móti 479 árið 2001 sem er um 8% fjölgun mála.


Barnavernd

Ný barnaverndarlög voru samþykkt í júní 2002. Helstu breytingar sem þau lög hafa í för með sér eru að úrskurður flyst frá barnaverndarnefnd til dómstóla þegar um er að ræða lengri vistun barns utan heimilis eða forsjársviptingu og hægt er að skjóta til dómstóla úrskurði barnaverndarnefndar um skemmri vistun utan heimilis. Einnig hefur lagabreytingin áhrif á aðila máls en börn sem náð hafa 15 ára aldri eru aðilar máls í sérstökum tilgreindum ágreiningsmálum eins og vistun utan heimilis, umgengni í fóstri eða á meðferðarheimilum. Það hefur í för með sér að börn njóta sama réttar og foreldrar til að leita aðstoðar lögmanns.


Mikil aukning var á umfangi barnaverndarmála á árinu 2002 bæði er varðar fjölda tilkynninga og fjölgun mála í heild. Þróunin þetta árið er, eins og hefur verið sl. ár, sú að foreldrar eru í auknum mæli farnir að leita sjálfir aðstoð við uppeldishlutverkið.

Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga þar sem grunur var um að börn byggju við óviðunandi aðbúnað var 173 vegna 115 barna sem er mjög mikil fjölgun frá fyrra ári. Að hluta til skýrist þessi aukning á breytingum á skráningu mála en að mestu leyti er þetta vegna breytinga á vinnulagi.

Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga



Heildarfjöldi barna sem tilkynnt var um







Ný mál á árinu voru 99 en voru 65 árið 2001. Unnið var að 188 barnaverndarmálum í allt sem er aukning úr 126 frá árinu 2001, þ.e. tæplega 50% aukning mála sem unnið var að.

Lögregluskýrslur urðu 99 vegna barna undir lögaldri sem er fjölgun milli ára úr 72. Fjöldi barna sem kemur við sögu í þessum skýrslum hefur þó ekki aukist, eru 52 bæði árin.

Helstu úrræði sem notuð voru til stuðnings og leiðbeiningar fyrir börn og fjölskyldur á árinu voru tilsjón, persónuleg ráðgjöf og stuðningsfjölskyldur.

Á árinu fóru 8 börn í greiningar- og meðferðarvistun (Stuðlar og Barna- og unglingsgeðdeild). Neyðarvistun á Stuðlum var

notuð í 5 tilvikum vegna 2 barna og 4 börn voru í langtíma-meðferð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu.

16 mál komu upp vegna 16 barna, 14 stúlkna og 2 drengja þar sem grunur var um kynferðislegt ofbeldi. Í 10 málum var óskað eftir lögreglurannsókn.

Heilsugæslustöðin á Akureyri

Árið 2002 var ekki tími mikilla tíðinda á HAK; segja má að árið hafi að mestu liðið án stórra áfalla og að sama skapi afreka. Samningur Akureyrarbæjar við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um reynslusveitarfélagsverkefni rann út 31. desember 2001 og þrátt fyrir góðan ásetning og margar tilraunir tókst ekki að ganga frá rekstrarmálum heilsugæslunnar þannig að framtíð hennar yrði ljós við þau tímamót. Reyndar fór svo að allt árið leið án þess að samið væri um framhald þeirra mála. Heilsugæslan var því rekin á kostnað ríkisins af Akureyrarbæ allt árið 2002 en óhætt er að segja að þessi óvissa og langa biðstaða hafði þó nokkur áhrif á gang mála, s.s. áætlunargerð, skipulagningu, framkvæmdir, kjarasamninga og ráðningamál. Á miðju árinu var embætti héraðslæknis lagt niður. Héraðslæknir hafði um árabíl haft aðsetur á heilsugæslustöðinni, ásamt fulltrúa sínum. Samvæmt lagabreytingu var yfirlæknur á heilsugæslustöðvum gert að sinna hluta af störfum fyrrverandi héraðslækna frá og með 1.7. 2002. Samkvæmt ósk heilbrigðisráðuneytis fór fulltrúi héraðslæknis til starfa við heilsugæsluna en héraðslæknir hélt til starfa annars staðar.


Starfsemin

Starfsemi HAK var að mestu með hefðbundnum hætti. Eins og undanfarin ár hefur verið skortur á heimilislæknum á HAK, eitt stöðugildi læknis er ósetið og eru u.þ.b. 2000 manns á svæði HAK heimilislæknalausir af þeim sökum. Vel gekk þó að fá lækna til afleysinga. Heimilislæknar sinntu læknamóttöku og þrátt fyrir að stundum væri nokkurra daga bið eftir viðtalstímum þá var bið eftir viðtali að meðaltali undir tveimur dögum á árinu. Sem fyrr voru daglega tveir læknar með opna tíma á heilsugæslustöðinni ásamt því að vera með vaktlæknamóttöku á hverjum degi á FSA. Íbúar hafa því möguleika á að komast til læknis samdægurs þó svo að bið geti verið eftir tíma hjá heimilislæknum viðkomandi. Ásamt því að sinna læknamóttöku sinna heimilislæknar heilsuvernd og vinna í teyllum með mæðra- og ungbarnavernd, fjölskylduráðgjöf, skólaheilsugæslu, unglingsmóttöku og heimahjúkrun.

Unnið var áfram eftir vinnulagi Nýja barnsins í mæðra- og ungbarnavernd ásamt því sem hjúkrunarfræðingar í ung-

barnavernd hófu notkun s.k. Edinborgarkvarða en hann er hjálpartæki til að greina áhættuþætti fæðingapunglyndis. Tilkoma sálfræðings í fjölskylduráðgjöfina á s.l. ári hefur bætt nýrri vídd í heilsuverndarstafið og hefur starfssvið sálfræðings verið að þróast á árinu. Auk þess að vera úrræði fyrir forgangshópa fjölskylduráðgjafar; verðandi og nýorðinna foreldra, sinnir sálfræðingurinn unglungum sem vísað er til hans frá unglingsmóttöku, sér um ýmiskonar fræðslu og er með símatíma sem öllum er frjálst að hringja í og fá ráðgjöf og leiðbeiningar. Fjölskylduráðgjöf hefur á árinu lagt aukna áherslu á að sinna fólki í hjúskapar- eða skilnaðarkreppum. Í skólaheilsugæslu hafa skólahjúkrunarfræðingar eftirlit og umsjón með heilsu grunnskólabarna. Skólahjúkrunarfræðingar tóku þátt í að koma á áfallateyllum í skólunum og í tveimur skólum var hafin vinna að gerð eineltisáætlana. Að vanda var öllum nemendum 9. bekkja á svæðinu boðið í kynningu á HAK. Krabbameinsleit var með hefðbundnu sniði og svo og móttaka hjúkrunarfræðinga en sú starfsemi hefur aukist ár frá ári, ekki síst sökum læknaskorts. Hafa hjúkrunarfræðingar tekið að sér aukin verkefni til að viðhalda og auka þjónustuna. Á heilsugæslustöðinni starfar öflugur hópur ritara sem sér um móttöku og sjúkraskráningu. Öll aðsend læknaþréf eru skönnuð í tölvu og sett inn í Sögukerfið.

Fjöldi einstaklinga er leituðu á HAK, kynjaskipt, skv. afgreiðslukerfi





Þróun og nýbreytni

Á árinu var unnið að ýmsum framfaramálum. Mikil samvinna var við ýmsar deildir og stofnanir Akureyrarbæjar. Heilsugæslustöðin tók þátt í gerð fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar en hún fjallar um það hvernig bæjaryfirvöld ætla með ákvörðunum sínum, þjónustu og aðstöðu að koma til móts við fjölskyldur með börn á aldrinum 0-18 ára og auðvelda þeim að rækja hlutverk sitt. Meðal verkefna sem snúa beint að heilsugæslunni er að koma á framhaldsforeldrafræðslu eftir fæðingu barns, kortleggja og kynna þá ráðgjöf sem íbúum stendur til boða varðandi sambúðarvanda og áföll, þróa áfram unglíngamóttöku og koma á samvinnu milli leikskóla og heilsugæslu. Var unnið að undirbúningi þessara verkefna á árinu. Auk fjölskyldustefnunnar var unnið að ýmsum verkefnum á félagssviði, og dæmi um verkefni sem unnin voru á árinu 2002 eru nýjar vinnureglur varðandi börn sem uppgötvast með alvarlega fötlun strax eftir fæðingu. Það var unnið í samvinnu HAK, barnadeildar FSA og fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í samvinnu HAK, skóladeildar, fjölskyldu-

deildar og Háskólans á Akureyri var unnið að þróun skóla-færninámsskeiðs í upphafi skólagöngu fyrir foreldra 6 ára barna. Hugmyndin að baki námsskeiðsins er að auka foreldra-hæfni með markvissum námsskeiðum í upphafi skólagöngu. Á námsskeiðinu er fléttuð saman foreldrafræðsla og námskynning. Áhugi er á að koma á samskonar námsskeiði fyrir foreldra 12-13 ára barna, eða í upphafi unglingsára.


Átaksverkefni Landlæknisembættis gegn heilahimnubólgu

Haustið 2002 fór af stað átak í því að bólusetja öll börn á landinu 18 ára og yngri gegn heilahimnubólgu af C stofni. Heilsugæslustöðin skipulagði og framkvæmdi bólusetningar á sínu svæði en þær drógust heldur á langinn sökum þess hve erfiðlega gekk að ná í bóluefni. Um áramót var búið að bólusetja tæplega 800 börn, en samkvæmt áætlun hefði átt að vera búið að bólusetja um 4000 börn á svæði HAK fyrir þann tíma. Fyrir utan seinkun gekk framkvæmdin vel. Farið var á leikskóla og bólusett þar og grunnskólabörn voru bólusett í skólunum. Þakka ber starfsfólki leikskóla og grunnskóla fyrir aðstoðina og liðlegheitin við þetta verkefni.

Framkvæmdir og tölvuvæðing

Ekki var farið í endurgerð 3. hæðar á árinu eins og til stóð. Sökum þess hve samningsgerð um þjónustusamning milli heilbrigðisráðuneytis og Akureyrarbæjar dróst á langinn varð ekkert af þeim framkvæmdum. Vonir standa til að þessi síðasti áfangi í endurbótum á HAK fari af stað árið 2003. Á árinu var tölvukostur endurnýjaður að miklu leyti. Við það jukust gæði og hraði við tölvuvinnslu en skráning á HAK er á tölvutæku formi. Til stóð að ný og endurbætt útgáfa af SÖGU, sjúkraskrárforriti, kæmi til uppsetningar á árinu en af því varð ekki. Vonandi verður þess þó ekki langt að bíða.

Meðaltals bið eftir bókuðum tíma hjá lækni árin 2001-2002



Búsetudeild

Í upphafi ársins 2002 var búsetu- og öldrunardeild skipt upp í tvær deildir. Annars vegar búsetudeild og hins vegar öldrunarstofnun.

Búsetudeild er hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar og veitir íbúum Akureyrarbæjar ýmiss konar búsetuþjónustu. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.

Með búsetuþjónustu er átt við alla þá þjónustu á vegum Akureyrarbæjar sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á högum og hæfni sem kann að verða samfara hækkanði aldri, fötlun eða veikindum.

Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf einstaklingsins í hverju tilviki. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja beiðni fyrir sig, metur þörfina í samráði við umsækjandann og reynir að finna leiðir til úrlausnar.

Búsetudeild veitti á árinu 2002 búsetuþjónustu í eftirfarandi formi:



- Heimaþjónusta (almenn heimaþjónusta, félagsleg liðveisla og frekari liðveisla)
- Heimahjúkrun
- Búseta með þjónustu (sambyli, þjónustuíbúðir, áfangageimili, heimili f. börn)
- Skammtíamavistun fyrir fólk með fötlun
- Skóla- og sumarvistun fyrir börn með fötlun
- Ferliþjónusta (afgreiðsla umsókna)
- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Dagþjónusta aldraðra
- Tímstundastarf aldraðra
- Þjónustuhópur aldraðra
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar samanstendur af þremur þáttum, hefðbundinni heimilisþjónustu, frekari liðveislu og félagslegri liðveislu. Þjónustusvæðið skiptist í tvö hverfi sem stýrt er af hverfisstjórum. Heimaþjónusta og heimahjúkrun starfa hlið við hlið og er fjallað um allar þjónustubeiðni á sameiginlegum fundum.



Slippstöðin ehf



Hefðbundin heimilisþjónusta var á árinu veitt 707 einstaklingum á 561 heimili og 496 höfðu stöðuga þjónustu allt árið. Eins og áður þurfa langflestir, eða 417 heimilis þjónustu vegna elli og sjúkleika, 74 heimili fengu þjónustu vegna langvarandi veikinda eða fötlunar, 50 heimili vegna tímabundinna veikinda, 17 heimili fengu aðstoð vegna veikra eða fatlaðra barna og 3 heimili vegna fjölburafæðinga. Í lok árs störfuðu 40 starfsmenn í 31,2 stöðugildum í þessum þjónustupætti og hefur stöðugildum fjölgað um 2,8 milli ára.

Heimsendan mat nýttu sér alls 115 einstaklingar á árinu.

Hér fyrir neðan er sýnd þróun síðustu ára varðandi fjölda þeirra sem njóta þjónustunnar.

Frekari liðveisla er í raun sérhæfð heimilisþjónusta sem skal taka við þegar hefðbundinni þjónustu sleppir. Leitast er við að eyða skilum á milli þessara tveggja þjónustupátta. Greinarmunurinn er gerður vegna þess að rekstraráðilar voru áður tveir. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra annaðist áður frekari liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra og fluttist hún til bæjarins sem reynslusveitarfélags. Við frekari liðveislu störfuðu á árinu 11 starfsmenn í 4,7 stöðugildum.

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa persónulega einangrun og markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Þjónustu fengu um 120 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma. Hver þeirra fær að jafnaði 10-16 tíma á mánuði og algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern og einn. Við félagslega liðveislu starfa um hundrað manns, yfirleitt í litlu starfshlutfalli.

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er byggð á vitjunum og annast hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar alla þá hjúkrun sem við á og hægt er að framkvæma við þær aðstæður sem heimili býður upp á. Heimahjúkrun starfar við hlið heimaþjónustunnar undir faglegri stjórn Heilsugæslustöðvarinnar og deildarstjóri heimahjúkrunar hefur aðsetur á stöðinni. Þjónustan nær til alls heilsugæslu-svæðisins, frá Fnjóskadal til Hjalteyrar. Á árinu 2002 fengu 386 einstaklingar þjónustu heimahjúkrunar þar af 18 utan Akureyrar. Nýir skjólstæðingar voru 109 og 122 voru útskrifaðir. Stöðugildi hjá heimahjúkrun eru 12,8.

Búseta með þjónustu

Búsetudeild býður fólki með fötlun upp á nokkur form búsetu með þjónustu til að mæta mismunandi þörfum. Markmiðið er að sem flestir búi eins og best hentar þörfum þeirra og að hver

og einn verði eins sjálfstæður og kostur er. Stöðugildi í þessum þjónustupætti voru árið 2002 um 75.

Sambyli fatlaðra

Sambyli eru heimili 3-6 einstaklinga, 16 ára og eldri, sem ekki geta búið einir og þurfa á þjónustu að halda til að geta haldið heimili. Þjónustan er einstaklingsbundin og veitt eftir þörfum af starfsmönnum Búsetudeildar. Á árinu 2002 nutu 45 einstaklingar þjónustu á sambylum.

Þjónustuíbúðir fyrir fatlaða

Þjónustuíbúðir eru íbúðir sem byggðar eru í sama húsi og skipulögð er sérstök þjónusta við húsið í heild út frá þörfum þeirra einstaklinga sem þar búa. Alls fengu 13 manns þjónustu í þessu formi á árinu

Áfangaheimili fyrir geðfatlaða

Á Akureyri er rekið eitt áfangaheimili fyrir geðfatlaða og búa þar að jafnaði 7 íbúar. Á áfangaheimili gefst íbúum kostur að búa tímabundið eftir að hafa dvalið á stofnun til að undirbúa sjálfstætt líf. Á árinu bjuggu alls 9 einstaklingar á áfangaheimilinu.

Heimili fyrir börn

Heimili fyrir börn eru ætluð börnum 0-18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum. Öll umönnun og uppeldi sem fer fram á heimilinu er í samráði við forráðamenn barnsins. Þrjú börn nutu slíkrar þjónustu á árinu.

Skammtíamavistun

Skammtíamavistun er stöðþjónusta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra þar sem fjölskyldur barna með fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðna með fötlun sem búa í foreldrahúsum.

Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum, veita einstaklingum tilbreytingu og stuðla með þeim hætti að því að þeir geti búið heima svo lengi sem þeir óska. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja í viku í senn. Einnig er boðið upp á neyðarvistun en um þá þjónustu er hægt að sækja til forstöðumanns ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni.

Meðan á dvöl stendur sinna gestir skóla eða vinnu eftir því sem við á. Í frítíma er reynt að mæta óskum og þörfum hvers og eins með ýmiss konar afþreyingu. Lokað var í sjö vikur sumarið 2002 en á meðan var boðið upp á þjónustu að Botni í Eyjafjarðarsveit.

Gestir skammtíamavistunar voru 20 talsins á árinu 2002. Þar af voru 14 börn og 6 fullorðnir. Dvalarsólarhringar voru samtals 1213.



Gestir sumartilboðsins að Botni voru 17. Í þeim hópi voru 13 börn og 4 fullorðnir. Meðaldvalartími var 20 dagar. Stöðugildi í skammtímavistun og skólavistun fyrir 10-16 ára voru samtals 9,8.

Skólavistun er í boði á starfstíma grunnskólanna fyrir þá nemendur sem ekki geta nýtt sér tómstundatilboð sem öðrum börnum á sama aldri er boðið upp á og þurfa meiri aðstoð og leiðsögn en almennt stendur til boða. Skólaþjónustan var árið 2002 starfrækt í húsnæði Skammtímavistunar í Skólastíg 5 og nýttu hana 7 börn.

Sumarvistun er í boði fyrir 6-16 ára börn með fötlun sem ekki geta nýtt sér önnur tómstundatilboð sem Akureyrarþing í samvinnu við hin ýmsu félög býður upp á yfir sumartímann. Sumarið 2002 var vistunin starfrækt í Glerárskóla. Boðið var upp á þjónustu í 10 vikur og alls notuðu 12 börn þetta tilboð.

Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra starfar á vegum allra sveitarfélaga á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri en starfsmenn hópsins eru ráðnir til Akureyrarþing. Þjónustuhópin skipa: Magnús Ólafsson heilsugæslulæknir, formaður, Rut Petersen deildarstjóri heimahjúkrunar, Kristín Sigursveinsdóttir iðjúpjalfi og Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri. Auk þeirra er í hópnum fulltrúi félaga eldri borgara á svæðinu, Rannveig Ragnarsdóttir, og tekur hún þátt í starfi hópsins þegar rædd eru önnur mál en einstaklingsmál. Verkefni þjónustuhópsins eru eftirfarandi:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarpörf aldraðra.

Mestan tíma á fundum tók frágangur vistunarmats en einnig var fjallað um ýmis mál er snerta hagsmunum aldraðra og fyrirferðarmat í þeirri umræðu var umræða um þörf á fjölgun hjúkrunarvæðinga og hugsanlegar lausnir þess. Alls voru 152 metnir. Ráðstafað var 44 rýmum og þar af fluttu 5 af vistunarskrá á stofnanir utan svæðisins. Biðlisti eftir stofnanarþjónustu lengdist enn á árinu og í árslok biðu 115 einstaklingar eftir slíkri úrlausn þar af 71 í brynni eða mjög brynni þörf.

Heilsuefandi heimsóknir til aldraðra

Heilsuefandi heimsóknir til aldraðra hófust sem tilrauna-verkefni á árunum 2000 og 2001. Felast þær í því að íbúum 75 ára og eldri á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns tvisvar á ári. Tilgangur heimsóknanna er m.a. að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði eldri borgara sem lengst, að stuðla að öryggiskennd og sjálfstrausti og veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu


sem í boði er. Verkefnið hefur vakið mikla athygli bæði innan og utan bæjarins og þar sem árangurinn lofar góðu ákváðu bæjaryfirvöld að halda áfram að bjóða þessa þjónustu. Um 75% þeirra sem boð fengu um heimsókn þáðu þjónustuna.

Félagsstarf aldraðra og dagþjónustan í Víðilundi

Félagsstarf aldraðra fer fram í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra í Víðilundi, í kjallara Bjargs við Bugðusíðu og í Félagsheimili eldri borgara við Lundargötu. Dagskrá starfsins er fjölbreytt og er hún auglýst tvisvar á ári og auk þess liggja bæklingar frammi á ofangreinum stöðum og í þjónustuaudryri bæjarins. Félagsstarfið er opið öllum sem orðnir eru sextugir. Alls tóku 370 einstaklingar þátt í félagsstarfinu á árinu 2002.

Auk félagsstarfsins er í þjónustumiðstöðinni hægt að komast í hársnyrtingu og fá þjónustu fótaaðgerðafræðings. Morgunverð, síðdegiskaffi og hádegisverð er hægt að kaupa alla virka daga. Í þjónustumiðstöðinni er einnig boðið upp á dagþjónustu fyrir eldri borgara virka daga. Dagþjónusta er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Þar er boðið upp á fjölþætta aðstoð, félagslegan stuðning og ráðgjöf. Sækja þarf um þessa þjónustu til forstöðumanns eða upplýsingafulltrúa þjónustuhóps aldraðra. Hægt er að taka á móti allt að 16 dagvistargestum í einu. Margir koma þó ekki alla daga þannig að þjónustan nýtist mun fleirum. Árið 2002 voru dagþjónustugestir samtals 55.

Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum 1997-2002





Öldrunarstofnun

Markmið Öldrunarstofnunar Akureyrarbæjar er að tryggja öldruðum/sjúkum vistlegt heimili og aðhlyningu, svo þeir fái viðhaldið líkamlegri, félagslegri og andlegri getu og eigi kost á endurhæfingu til að viðhalda þeirri færni sem hægt er til æviloka.

Innan Öldrunarstofnunar Akureyrarbæjar eru 3 heimili: hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð, dvalarheimilið Kjarnalundur og sambylið Bakkahlíð. Á þessum 3 heimilum er aðstaða fyrir 180 íbúa. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð hefur aðstöðu fyrir 100 íbúa í hjúkrunarrýmum og 9 í dvalarrýmum. Í raðhúsum við Hlíð eru 16 dvalarrými, en þar hafa að hluta einnig verið leiguíbúðir sem smám saman hefur verið breytt í dvalarrými. Í heimili aldraðra í Kjarnalundi eru 48 dvalarrými og í sambyli aldraðra við Bakkahlíð eru 8 hjúkrunarrými sérstaklega ætluð heilabliðum einstaklingum.

Ríkið ákveður fjölda dvalar- og hjúkrunarrýma á hverjum stað og greiðir svokölluð daggjöld sem eiga að standa undir rekstri hjúkrunar- og dvalarheimila. Í hjúkrunarrýmum er fólk sem þarf mikla umönnun og hjúkrun og námu daggjöld árið 2002 kr. 11.010,- á dag. Í dvalarrýmum eru íbúar sem þurfa minni umönnun, og námu daggjöld kr. 4.515,- á dag.

Dagþjónusta fyrir aldraða er rekin í tengslum við dvalarheimilið Hlíð en þangað koma einstaklingar af heimilum sínum í þjónustu og afþreyingu yfir daginn. Heimil dagþjónusturými

voru 8, þar af fjögur fyrir minnissjúka, og voru þessi rými að jafnaði nýtt af um 40 manns í mislangri þjónustu. Greiðslur fyrir dagþjónusturými námu kr. 2600,- á dag í almenn rými og kr. 6802,- á dag fyrir heilablaða einstaklinga.

Í Hlíð og í Kjarnalundi er aðstaða til líkamspjálfunar og endurhæfingar og þar er veitt þjónusta sjúkrapjálfa. Árið 2002 var sjúkrapjálfun veitt í 3.144 skipti í Hlíð og 1.049 skipti í Kjarnalundi, samanlagt var sjúkrapjálfun því veitt í 4.193 skipti. Þar að auki komu til aðstoðarmanns sjúkrapjálfa 77 einstaklingar í samtals 4.803 skipti.

Á árinu voru 2 iðjubjálfar ráðnir til starfa í 50% starfshlutfalli hvor. Þeir vinna að því að viðhalda getu og auka færni íbúa við iðju með fræðslu, ráðgjöf og þjálfun.

Félagsstarf fyrir íbúa Hlíðar, Kjarnalundar og Bakkahlíðar vinnur að þjálfun huga og handar jafnt sem dægrastyttingu fyrir íbúa. Gestir í dagþjónustu, sem nefnd var hér að framan, njóta einnig þjónustu félagsstarfsins. Starfsmenn voru 7 í 4,9 stöðugildum.

Í eldhúsi Hlíðar er einnig eldaður hádegisverður fyrir íbúa Kjarnalundar og Bakkahlíðar, heimsendur matur sem seldur er gegnum heimþjónustu og máltíðir sem eru í boði í þjónustumiðstöðinni Viðilundi, alls um 350 heitar máltíðir á dag. Þar störfuðu 16 starfsmenn í 11,5 stöðugildum á árinu.

Læknisþjónusta er sinnt af læknum Heilsugæslustöðvarinnar. Starfsmenn við heimili Öldrunarstofnunar Akureyrarbæjar voru alls um 220 í 135 stöðugildum

Skóladeild

Hlutverk skólanefndar er að sinna yfirstjórn leikskóla, grunnskóla og Tónlistarskólans í umboði bæjarstjórnar og samkvæmt þeim skyldum sem fram koma í lögum. Skólanefnd hélt á árinu 20 formlega fundi og voru tekin fyrir á þeim 147 mál. Einnig voru haldnir 8 starfsfundir. Þann 5. desember heimsótti skólanefnd alla grunnskólana og Tónlistarskólann. Í þessum heimsóknunum kynnti skólanefnd sér starfsemi skólanna, húsnæði og leit inn í kennslu þar sem hún var í gangi.

Hlutverk skóladeildar er að vera leiðandi í stefnumörkun, vinna að áætlanagerð í samráði við skólastjóra, hafa eftirlit með rekstri og faglegu starfi skólanna, stuðla að samstarfi skólastiga, koma fram fyrir hönd skólanna þegar það á við, taka við athugasemdum varðandi starfsemi skólanna og vinna úr þeim, leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, halda utan um biðlista og innritun í leikskóla, safna saman upplýsingum um starfsemi skólanna og koma þeim á framfæri. Starfsmenn voru 6 í 5,5 stöðugildum.

Fagráðgjöf

Samkvæmt ákvörðun skólanefndar starfar einn fagráðgjafi á skóladeild í 80% stöðu. Sinnir hann ráðgjöf vegna tölvumálefna í leik- og grunnskólum ásamt ráðgjöf í notkun tölva í skólastarfi.

Sérfræðiþjónusta

Sérfræðiþjónusta við skólana er skipt í tvo meginþætti þ.e. einstaklingsþjónustu sem vistuð er hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og stofnanþjónustu, en um hana gildir sérstakur samningur við Háskólann á Akureyri. Einstaklingsþjónustunni er gerð skil í árs-

skýrslu Fjölskyldudeildar. Stofnanþjónustan er vistuð hjá Skólaþróunarviði sem er innan Kennaradeildar HA. Meginþættir stofnanþjónustunnar eru kennsluráðgjöf, samstarf heimila og skóla, eineltismál og ráðgjöf við þróunar- og umbótastarf í skólum. Á s.l. skólaári vann Skólaþróunarviðið að 49 verkefnum í leik- og grunnskólum bæjarins, sem skiptust þannig að 12 verkefni voru unnin í leikskólum, 36 í grunnskólum og 1 í Tónlistarskólanum.

Almennir styrkir

Á árinu fengu 10 kennarar í leik- og grunnskólum styrk í formi starfsafsláttar vegna framhaldsnáms. Veittir voru styrkir að upphæð kr. 330.000,- á árinu vegna náms- og kynnisferða t.d kennara í Oddeyrarskóla sem fóru til Tékklands og kennara við Sérdeild Lundarskóla vegna ferðar til Danmerkur. Til sérstakra verkefna var veitt styrkjum að upphæð kr. 637.500,-, en þau voru „Blöndun í skólastarfi“ á vegum Skólaþróunarviðs HA, Foreldra- og kennarafélög grunnskólanna vegna fræðslufunda, skáksveit Lundarskóla vegna Norðurlandamóts grunnskólasveita í Svíþjóð og skýrsla um vímuefnaneyslu unglinga á Akureyri.

Þróunarsjóður leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar

Markmið sjóðsins er að stuðla að nýbreytni og þróun starfi í leik- og grunnskólum Akureyrar með því að styrkja verkefni sem á einn eða annan hátt stuðla að framförum í skólastarfi. Ekki var úthlutað styrkjum til nýrra verkefna á árinu, en nokkur verkefni sem hafa fengið úthlutað styrk frá fyrra ári lauk á árinu eða eru enn í vinnslu og hafa því fengið greiðslur úr þróunarsjóði, má þar nefna Barnið í brennidepli, Lestrarnám í leikskóla og Lífsleikni í leikskóla.



Þróunarverkefni í grunnskólum

Stofnun	Heiti verkefnis	Upphæð
Lundarskóli: Svanhvít Magnúsdóttir og Kristín Irene Valdimarsdóttir	Með tvö mál í farteskinu – Tvítyngd börn í Lundarskóla	500.000
Grunnskólar Akureyrar og skóladeild	Þróun valgreina í grunnskólum Akureyrar	500.000
Grunnskólar Akureyrar og skóladeild	Barnið í brennidepli	600.000

Þróunarverkefni í grunnskólum

Fjöldmörg þróunarverkefni voru í gangi í grunnskólunum á árinu. Þrjú verkefni fengu styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu:

Í Síðuskóla hefur verið unnið að þróunarverkefni frá vorinu 2001 sem heitir Víðátta. Það er á vegum Velferðarsjóðs íslenskra barna og miðar að því að sem flestir nemendur njóti góðrar kennslu. Í verkefninu er nýttur fjarfundabúnaður til myndsamskipta sem tengir saman skólafólk víða um land. Börn í Síðuskóla unnu að íslenskuverkefnum með börnum á Ísafirði, Akranesi og í Kópavogi.

Í Oddeyrarskóla og Lundarskóla hófst s.l. haust vinna við þróunarverkefni sem á að stuðla að bættum samskiptum heimilis og skóla. Ingibjörg Auðunsdóttir starfsmaður Skólaþróunarsviðs HA er ráðgjafi við verkefnið, sem byggir á kenningum Epstein.

Brekkuskóli og Glerárskóli eru þátttakendur í Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Þetta verkefni er m.a. styrkt af Menntamálaráðuneytinu og Skólastjórafélagi Íslands. Ingibjörg Auðunsdóttir er verkefnisstjóri.

Glerárskóli hóf vorið 2002 þátttöku í alþjóðlegu verkefni „Local Nature Online“, sem er ætlað nemendum í 7. - 9. bekk. Markmið verkefnisins er að nemendur kynni sér landslag og plöntu- og dýralíf í nágrenni skólans, velji eina gerð af landslagi (umhverfi), eina plöntu og eitt dýr sem þeir telja að sé á einhvern hátt einkennandi fyrir viðkomandi umhverfi.

Foreldrakannanir

Í samræmi við starfsáætlun skólanefndar var framkvæmd könnun á viðhorfum foreldra til þriggja atriða sem átti að mæla: Ánægju foreldra með skóla barna sinna, hlutfall foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt og hlutfall foreldra sem telur að þátttaka þeirra í skólastarfi hafi aukist. Könnunin var gerð í lok október og byrjun nóvember. Þátttaka var að meðaltali 71,3%. Niðurstöður má sjá hér að neðan fyrir alla grunnskólana saman.


Sjálfsmat skóla

Á árinu birti Menntamálaráðuneytið niðurstöður sínar á úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskólanna á Akureyri. Niðurstöðurnar sýna að Giljaskóli og Glerárskóli standast kröfur um sjálfsmat skóla ásamt örfáum öðrum grunnskólum landsins. Í Oddeyrarskóla voru sjálfsmatsaðferðir taldar fullnægjandi en framkvæmd þess ófullnægjandi. Í Síðuskóla voru sjálfsmatsaðferðir taldar fullnægjandi að hluta en framkvæmdin fullnægjandi. Í Lundarskóla og Brekkuskóla taldist sjálfsmatið ófullnægjandi. Í Brekkuskóla hefur verið ráðin fullnaðarbót á matinu og liggur fyrir sjálfsmats-


skýrsla. Í Lundarskóla hefur áherslan verið á að endurvinna skólanámskrána og hófst vinna í samráði við Skólaþróunarsvið HA við sjálfsmatið í haust.

Allir skólarnir hafa verið að vinna í því sem betur má fara varðandi sjálfsmatið og kom fram í heimsókn starfsmanna Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og skólastjóra vorið 2002, að skólarnir á Akureyri væru komnir mun lengra í þessari vinnu en aðrir skólar sem þau þekktu til.


Ánægja foreldra með skóla barna sinna Mæling gerð með 5 spurningum



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þátttaka þeirra hafi aukist Mæling gerð með 7 spurningum



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt Mæling gerð með 4 spurningum







Skólanefnd ákvað að gerð yrði úttekt á starfi Brekkuskóla í ljósi þess að 5 ár voru liðin frá sameiningu Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar í Brekkuskóla, og þar sem skólinn kemst undir eitt þak haustið 2005. Jón Baldvin Hannesson var ráðinn til þess að gera þessa úttekt. Skýrsla hans liggur fyrir á vef skóladeildar og vef Brekkuskóla <http://www.brek.akureyri.is>


Allir grunnskólarnir hafa gefið út skólanámskrár í mörg ár í samræmi við lög og reglugerðir. Skólanefnd ber að yfirfara þær og fylgjast með því að þær uppfylli kröfur og laia. Á árinu voru skólanámskrár skólanna metnar með hliðsjón af gátlista sem unninn var upp með hliðsjón af gátlista sem Ingvar Sigurgeirsson vann fyrir nokkrum árum. Sá Skólaþróunarsvið HA um þessa vinnu í samvinnu við skóladeild. Þessi úttekt var lögð fyrir skólanefnd og hefur síðan verið fundað með skólunum um niðurstöður matsins og hvað mætti betur fara.

Tölvuvæðing

Áfram var haldið við tölvuvæðingu skólanna og var á árinu gerður kaupleigusamningur um kaupleigu á 53 nýjum tölvum og 23 voru keyptar inn í Giljaskóla. Á mynd hér að neðan má sjá hvernig þróun í tölvueign skólanna hefur verið frá árinu 1998:

Í einhverjum tilvikum getur tölvueign skólanna verið meiri en hér kemur fram, en þá er verið að telja með tölvur sem eru orðnar úreltar. Eins og staðan er í dag eru að meðaltali **9,6 nemendur** um hverja nemendatölvu og rétt um **3 kennarar** um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi. Til samanburðar voru 38 nemendur um hverja nemendatölvu 1998 og 15 kennarar um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi.

Allir grunnskólarnir og skóladeild hafa lokið gerð heimasíðu, þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starf þeirra ásamt myndum úr skólastarfinu. Hægt er að komast inn á þær í gegnum heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is



Skólavistun

Skólavistun er starfandi við alla 6 grunnskólana á Akureyri. Skólavistun er tilboð sem er hluti af skólastarfinu og er fyrir öll börn í 1.-4. bekk. Þar sem skólarnir eru allir einsetnir er skólavistun opin eftir að reglubundnum skóladegi barnanna lýkur, upp úr hádegi, og er opin til 17:15 en miðað er við að viðverutími barns í skóla og skólavistun sé ekki lengri en 8 klst á dag.

Skólaárið 2002-2003 eru nemendur í 1.- 4. bekk 979 og að meðaltali nýta 346 nemendur skólavistunina eða 35,34% en árið áður var nýtingin 27,2%. Fjöldi stöðugilda á ársgrundvelli var 20,7.

Skólamáltíðir


Ákvörðun liggur fyrir um að öllum nemendum grunnskóla standi til boða heitur matur í hádeginu og samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar skal gjald fyrir fæði standa undir öllum kostnaði við rekstur skólamötuneytanna. Haustið 2002 hófst rekstur skólamötuneyta í Glerárskóla og Giljaskóla, en fyrir voru skólamötuneyti í Hlíðarskóla, Oddeyrarskóla og Lundarskóla. Samkvæmt áætlunum verða tekin í notkun skólamötuneyti í Síðuskóla haustið 2004 og Brekkuskóla haustið 2004 eða 2005.

Starfsmenn grunnskóla

Mjög vel gekk að ráða kennara til starfa við grunnskólana og höfðu sumir skólastjórar í fyrsta skipti val um kennara með full réttindi. Hlutfall fagmenntaðra kennara er svipað því sem var árið áður en menntun leiðbeinenda er mjög hátt og heyrir til undantekninga að leiðbeinendur séu ekki með einhvers konar háskólamenntun. Erfiðast er að fá fagmenntaða kennara í list- og verkgreinakennslu eins og undanfarin ár. Þróun á hlutfalli fagmenntaðra kennara frá árinu 1998 má sjá á eftirfarandi mynd.

Stöðugildum námsráðgjafa var fjölgað um eitt á árinu og var því skipt þannig að 15% staða fór í Lundarskóla, 25% í Glerárskóla og Síðuskóla og 35% staða í Giljaskóla. Er þá heimild til þess að ráða námsráðgjafa komnar í alla skólana sem hér segir: Brekkuskóli 100%, Lundarskóli, Síðuskóli og Glerárskóli 75% hver skóli, Oddeyrarskóli 40% og Giljaskóli 35%.

Haustið 2002 nýttu skólarnir sér í fyrsta skipti að fullu heimild til þess að ráða deildarstjóra við skólana. Heimildir skólanna eru: Brekkuskóli, Lundarskóli, Glerárskóli og Síðuskóli 1,4 stöðugildi hver, Giljaskóli 1,1 stöðugildi og Oddeyrarskóli 0,8 stöðugildi. Nokkuð misjafnt er á milli skóla hvernig þessum stöðugildum er skipt og þau nýtt.



Endurmenntun

Endurmenntun kennara hefur löngum staðið traustum fótum, en á árinu voru gerðar áherslubreytingar sem fólust aðallega í því að hver skóli er í auknum mæli farinn að setja upp námskeið fyrir kennara- og starfsmannahópinn sem heild, en einnig er boðið upp á greinabundin námskeið sem kennarar margra skóla sækja saman. Til þess að standa undir kostnaði við námskeiðin sóttu skólarnir um framlog úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem staðsettur er hjá Menntamálaráðuneytinu. Fengu skólarnir og



Endurmenntunarfólkun RHA úthlutað styrk að upphæð kr. 1.862.500,- til námskeiðahalds á árinu.

Skipurit og starfslysingar


Á árinu var unnið upp nýtt leiðbeinandi skipurit fyrir grunnskólana. Þessi vinna var unnin af starfshópi sem fulltrúar skólastjórnenda og deildarstjóri skóladeildar áttu sæti í. Skólaþróunarsvið HA veitti ráðgjöf vegna þessarar vinnu. Ásamt skipuritinu voru unnar upp erindisbréf og starfslysingar fyrir öll störf innan grunnskólanna. Skólarnir hafa val um að skipa málum með öðrum hætti en fram kemur í skipuritinu, en þurfa þá að gera grein fyrir þeim breytingum sem þeir gera.

Árangur nemenda á Akureyri hefur verið betri eða sambærilegur við það sem gerist í Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur í 4. og 7. bekk. Athygli vekur að meðaltal 4. bekkjar árið 2002 lækkar mjög mikið miðað við árin á undan. Nemendur í 7. bekk halda sínu enda voru þeir með hátt meðaltal í 4. bekk 1999.

Samræmd próf

Bekkur	1998	1999	2000	2001	2002
4.	4,85	5,54	5,3	5,5	4,93
7.	4,9	5,12	5,22	5,1	5,2
10.	4,6	4,7	5,0	5,0	4,7

Grunnskólar Akureyrar



Athygli vekur að árangur nemenda í 10. bekk er mun lakari en hjá nemendum í 4. og 7. bekk almennt. Þetta er atriði sem verður að beina augunum að á næstu árum.

Nemendur

Nemendur voru alls 2.524 í grunnskólum Akureyrar haustið 2002. Hafði þeim fjölgað um 24 frá árinu áður. Af þessum 2.524 nemendum voru 27 sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi og greitt er með en fyrir utan þessa tölu eru 14 nemendur með lögheimili á Akureyri sem eru í skólum annarra sveitarfélaga, sem Akureyrarbær greiðir sérstaklega fyrir.

Nemendum í sérdeildum og Hlíðarskóla hefur fjölgað á milli ára og kemur þar helst til fjölgun nemenda sem fá þjónustu í sérdeild Lundarskóla fyrir heyrnarskert eða heyrnarlaus börn, en þau voru 15. Annars var fjöldinn í sérdeildum sem hér segir: Einhverfudeild Síðuskóla 6 nemendur, sérdeild fyrir börn með alvarlegar greindarfatlanir og aðrar viðbótarfatlanir í Giljaskóla 6 nemendur, Nýbúadeild í Oddeyrarskóla 7 nemendur. Í Hlíðarskóla voru 14 nemendur.

Flestir nemendur þessara sérdeilda eru skráðir í almenna bekk í sínum skóla og er ætlað að sækja þangað kennslu eftir því sem aðstæður og geta leyfa.


Samræmd próf


Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum. Það er mjög ánægjulegt að árangur nemenda á Akureyri hefur verið að batna á síðustu árum í samanburði við jafnaldra sína. Þetta má sjá í töflu hér að neðan en í henni eru tilgreindar normaldreifðar ein-kunnir sem segja til um hvar nemendur á Akureyri eru í röðinni miðað við jafnaldra sína. Það er rétt að taka það einnig fram að hækkun um 0,2 — 0,5 á milli ára er verulegt stökk þegar horft er til fjölda nemenda og þess að hér er um meðaleinkunnir að ræða.

Almennar kennslustundir

Með auknum fjölda nemenda og auknum fjölda stunda samkvæmt grunnskólalögum hefur kennslustundum til almennrar kennslu fjölgað nokkuð síðustu ár. Nú er miðað við að vikulegar kennslustundir nemenda í 1.- 4. bekk séu 30, í 5.- 7. bekk 35 og í 8. — 10. bekk 37. Í töflu hér að neðan má sjá fjölda almennra kennslustunda ásamt fjölda þeirra pr. nemanda:

Fjöldi kennslustunda pr. nemanda






Sérkennslustundir

Samkvæmt reglugerð um sérkennslu er miðað við að sveitarfélög úthluti sem nemur 0,25 stundum pr. nemanda til sérkennslu. Einnig geta öll sveitarfélög sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda samkvæmt ákveðnum reglum þar um.

Undangengin ár hefur Akureyrarbær verið að gera mun betur í þessum málaflokki en lög og reglugerðir kveða á um. Einnig má fullyrða að þjónusta við nemendur hér sé mjög góð. Til þess að skoða þróun þessa málaflokks er forvitnilegt að bera saman fjölda stunda pr. nemanda síðan 1996 en það er síðasta árið sem þessi þjónusta var á hendi ríkisins.



Nýframkvæmdir við skólabyggingar

Á árinu var lokið við byggingu Giljaskóla og er skólinn nú í fullbúinni aðstöðu sem verður að teljast mjög glæsileg.

Á árinu var tekin ákvörðun um að byggja íþróttahús og samkomuádstöðu við Síðuskóla og er stefnt að því að þessi aðstaða verði tekin í notkun haustið 2004.

Á árinu var efnt til forvals vegna viðbyggingar við Brekkuskóla. Er nú verið að vinna að hönnun viðbyggingar og breytingu á efra húsi Brekkuskóla. Er gert ráð fyrir því að framkvæmdum verði lokið haustið 2005.

Á árinu var gerður samningur við eigendur Hvannavalla 14 á Akureyri um leigu á 2. hæð og hluta 3. hæðar fyrir starfsemi Tónlistarskólans og fær skólinn húsnæðið afhent í júlí 2003 fyrir starfsemi sína.

Tengsl leik- og grunnskóla

Þegar kemur að því að barn fer úr leikskóla í grunnskóla er upplýsingablað um þroska og kunnáttu þess fyllt út af leikskólakennurum og fer með því í grunnskóla þess með samþykki foreldra. Einnig hefur verið komið á skipulagi vegna samvinnu leik- og grunnskóla, þar sem hverjum grunnskóla tengjast ákveðnir leikskólar.

Tónlistarforskóli

Allir nemendur í 1. og 2. bekk grunnskólanna fá einn tíma á viku í forskóla í tónlist eins og verið hefur undanfarin ár. Þar er lagður grunnur að nótalæsi og farið í grunnatriði tónlistariðkunar til þess að undirbúa nemendur undir frekara tónlistarnám. Þessi kennsla er skipulögð í samráði við Tónlistarskólann á Akureyri.

Tónlistarskólinn


Í Tónlistarskólanum var mjög öflugt starf árið 2002. Nýir kjarasamningar hafa haft mikil og jákvæð áhrif á skólann og meðal annars leitt til mikillar fjölgunar nemenda við skólann en þeir voru skráðir 470 haustið 2002 í stað 430 árið áður.

Þá urðu einnig miklar breytingar á innra starfi skólans. Tónlistarskólinn var að vanda mjög öflugur í tónleikahaldi og hélt um 80 tónleika á árinu. Hljómsveitir skólans voru á faraldsfæti þetta árið. Strengjasveit skólans hélt til Berlínar að heimsækja þar aðra nemendahljómsveit. Þar æfðu hljómsveitirnar upp tónleikadagskrá og fluttu í Berlín. Strengjasveit Tónlistarskólans á Akureyri tók síðan á móti þýsku hljómsveitinni í september og hélt tónleika með henni í Glerárkirkju og Dalvík. Blásarsveit Tónlistarskólans lagði einnig land undir fót og hélt til Gautaborgar í Svíþjóð á alþjóðlegt lúðrasveitarmót. Þar hélt hljómsveitin nokkra tónleika og tók þátt í námskeiði sem haldið var þar.

Námskeiðahald var með meira móti á árinu. Þar má helst nefna að í ágúst kom lektor frá Háskólanum í Gautaborg og hélt námskeið um aðferðarfræði í tónlistarkennslu. Námskeiðið var fyrir tónlistarkennara á Norðurlandi og var mæting góð.

Af helstu nýjungum í skólastarfi má telja að í haust hófst við skólann í samvinnu við Háskólann á Akureyri nám á tónmenntasviði í kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þetta hefur lengi verið á stefnuskránni og í vetur hafa þrír nemendur verið við nám á tónmenntakjörsviðinu.

Tónlistarskólinn hélt áfram að auka við hljóðfærakennslu í grunnskólunum og hefur nú fengið aðstöðu í öllum grunnskólum Akureyrar á skólatíma. Þar stunda nú 80 nemendur nám.





Almennir viðburðir

10. bekkur ST í Glerárskóla sigraði í samkeppni grunnskólanemenda í verkefni Landverndar "Að þekjka fjöll og ganga á fjall". Bekkurinn fékk í verðlaun ævintýraferð með Íslenskum ævintýraferðum.

Á haustönn 2002 ákváðu nemendur í 9. bekk Oddeyrarskóla og kennari þeirra að taka þátt í Norðurlandakeppni í stærðfræði sem nefnd er Kapp Abel og eru þau komin í undanúrslit keppinnar.

Í maí 2002 komu starfsmenn Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og skólustjórar í heimsókn til Akureyrar og var skipulögð 2 daga dagskrá fyrir hópinn. Fóru þau í heimsóknir í skóla, fengu almenna kynningu og heimsóttu Háskólann á Akureyri.

Leikskólar

Á árinu var fjölgað um 9 rými í Pálmholti og 8 rými í Sunnubóli. Heildarfjöldi barna í öllum leikskólunum var í árslok 954 og rýmin voru 810.

Dvalarstundir barnanna skiptast þannig:

Fjöldi barna í 4,0-6,5 tímum voru 458 eða 48 %, en fjöldi barna í 7,0-9,5 tímum voru 496 eða 52 %.

Á umsóknarlista eftir leikskólaplássi voru 42 börn fædd á árunum 1999 — 2000 en þeim hafði öllum verið boðið pláss en vildu bíða lengur.

Leikskólar á Akureyri					
	1998	1999	2000	2001	2002
Fjöldi leikskóla	11	12	12	12	12
Fjöldi barna í leikskólum	798	829	863	963	954
Fjöldi rýma í leikskólum	598	614	669	790	810
Hlutfall barna af árgangi í leikskóla					
5 ára	88,6%	91,2%	96,1%	94,7%	97,5%
4ra ára	91,5%	89,1%	92,7%	97,5%	98,9%
3ja ára	90,0%	89,9%	94,5%	97,8%	97,9%
2ja ára	73,9%	69,4%	64,7%	88,5%	92,5%
1 árs	5,9%	5,1%	0,9%	5,4%	2,4%
Leikskólar Akureyrarbæjar:					
Heildarstöðugildi	106,1	116,54	139,82	171,27	173,37
Hlutfall leikskólakennara á deild	39,5%	39,9%	41,8%	53,7%	55,46%
Brúttóstærð húsnæðis pr. rými í m ²	7,36	7,63	7,31	7,38	7,21
Leikrymi á rými í m ²	3,58	3,59	3,47	3,48	3,44

Framkvæmdir

Leikskólinn Sunnuból bætti enn við sig leigurymi þannig að nú er skólinn orðinn 3ja deilda leikskóli. Auka hús var sett niður við leikskólann Pálmholt og í því er m.a. skrifstofa leikskólustjóra, vinnuherbergi starfsmanna og samtals- og sérkennsluherbergi.

Vinna við viðhald og endurbætur voru miklar í öllum leikskólunum og má þakka það tilkomu Fasteignafélagsins. Leikskólalóðirnar við Krógaból og Sunnuból voru stækkaðar og lagfærðar.

Almennt um starfsemina

Leikskólarnir byggja starf sitt á lögum og reglugerð um starfsemi í leikskóla. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarfið í leikskólunum.

Leikskólarnir vinna allir sína eigin skólanámskrá og þar kemur fram stefna leikskólans og hugmyndafræði hans. Leikskólinn setur sér svo megin markmið með starfinu og hvaða leiðir skuli fara til að ná þessum markmiðum.

Foreldrahandbækur eru til sýnis fyrir hvern leikskóla á Skóla-deild og í þjónustuanndyri Akureyrarbæjar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um leikskólana á heimsíðu Akureyrarbæjar og heimasíðu leikskólanna sjálfra. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér starfsemi þess leikskóla sem þeir sækja um fyrir barnið sitt og fá að heimsækja og skoða skólann.

Leikskólarnir eru stöðugt að þróa sig áfram við endurmati á öllu skólastarfinu. Matið fer fram á ýmsa vegu s.s. með skráningu, viðtölum, könnunum huglægu mati eða spurningalístum. Í desember fór fram foreldrakönnun í öllum leikskólunum, 90% foreldra tóku þátt í þessari könnun. Niðurstaða úr þessari könnun var sú að 95% foreldra eru ánægðir með leikskólann, 92% foreldra sögðu að leikskólinn mætti þörfum barna sinna og 78% foreldra sögðust taka þátt í ákvarðanatöku varðandi starf leikskólans og að upplýsingastreymi frá leikskólunum væri gott.

Leikskólarnir setja sér upp ákveðið dagsskipulag þar sem deginum er skipt upp í ákveðnar vinnustundir og daglegar venjur. Foreldrar fá stundaskrá fyrir hvern mánuð þannig að þeir geti fylgst með starfinu sem fram fer í leikskólunum. Megnin áhersla er lögð á leikinn sem helstu námsleið barnsins.

Skipulagt hópastarf er einu sinni til tvisvar í viku og einnig er mikið unnið með skapandi starf og skipulagðar hreyfistundir. Unnið er með ákveðið þema, það eru tölvustundir, farið í vettvangsferðir og ýmislegt fleira. Börnunum er skipt niður í hóp eftir aldri og getu.

Haldið er í gamlar hefðir í leikskólunum eins og t.d. þorrablót, bolludag, sprengidag og öskudag. Ýmsar uppákomur eru s.s. listaverkasýningar, leiksyningar og uppskeru- og útskriftarhátíðir eru haldnar. Farið er í sveita- og fjöruferðir og ýmsir gestir koma í heimsókn. Landsbankinn á Akureyri bauð leikskólunum í veislu í tilefni af 100 ára afmæli bankans þann 18. júní 2002.

Fræðsla og þróunarstarf

Námskeiðsdagur var haldinn 27. mars fyrir allt starfsfólk leikskóla Akureyrarbæjar og starfsfólk leikskólanna í nágrennasveitarfélögunum. Leikskólarnir höfðu val um annars vegar námskeið um „Stig af stígi“ sem haldið var af Reyni ráðgjafastofu, eða „Sýnin í framkvæmd — kynning á skólastarfi“ sem haldið var af Jóni Baldvini Hannessyni og Karli Frímannssyni. Starfsmenn sem starfa í eld-húsum leikskólanna sóttu þennan dag námskeið sem haldið var á vegum HA um efnainnihald matvæla.

Fjölbreytt námskeið voru í boði fyrir starfsfólk leikskólanna. Leikskólustjórar sóttu ýmis námskeið á vegum stjórnendafræðslu Akureyrarbæjar og einnig sóttu starfsmenn sem vinna við sérkennslu í leikskólum ýmis námskeið. Starfsmenn sóttu ýmis önnur námskeið s.s. tölvunámskeið, mat á skólastarfi, námskeið um símenntunarætlanir, námskeið um Litla rauða krossinn, skyndihjálpar og fræðslu frá eldvarnarefirlitinu. Einnig var námskeið fyrir æfingarkennara, námskeið um Hljóm, námskeið um Stig af stígi og fleiri námskeið tengd leikskólastarfinu.

Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból héldu ráðstefnu í samvinnu við HA um „Lífsleikni í leikskóla.“ Leikskólustjórar á Akureyri og Grenivík, leikskólafulltrúi, leikskólaraðgjafi og deildarstjóri Skóladeildar fóru í viku kynnisferð til borgarinnar Pistoia á Ítalíu.

Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból fengu styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að vinna áfram að verkefninu „Lífs-





leikni í leikskóla“. Einnig fengu þeir styrk úr Kristnihátíðarsjóði og frá Skóladeild Akureyrar. Leikskólinn Íðavöllur fékk líka styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að gera vinnuaðferðir og kennslutæki sem gerir leikskólanum kleift að sinna námi og uppeldi tvítýngdra barna. Leikskólinn Klappir fékk einnig styrk til að vinna að verkefninu upplýsingatækni í starfi leikskóla.

Nemar frá Háskólanum á Akureyri, leikskólakennarabraut, komu í verknám út í leikskólana og unnu þar ýmis verkefni. Einnig koma nemar frá VMA í starfskynningu.

Leikskólastarfsmenn frá öðrum sveitafélögum s.s. Vopnafirði, Blönduós, Sauðárkróki, Reykjavík og Hafnarfirði komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi Skóladeildar og leikskólanna á Akureyri.

Gæsluvellir — Dagmæður

Gæsluvöllurinn Eyrarvöllur var eini gæsluvöllurinn sem var starfræktur árið 2002. Hann starfaði frá janúar og til 3. ágúst. Aðsóknin var mikil yfir sumarmánuðina en tók svo að dala strax um miðjan ágúst. Opnunartími gæsluvallarins er frá kl 13 - 16 síðdegis.

Húsnæði gæsluvallaranna Lundavallar og Bugðuvallar er í leigu, en Skátafélagið Klakkur hefur þar hluta af starfsemi sinni. Húsnæði gæsluvallaranna Borgarvallar og Hlíðavallar er í leigu til einkaaðila.

Í árslok 2002 voru 27 dagmæður starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 119.

Menningarmál

Helstu verkefni


Í upphafi árs voru kynntar niðurstöður úr viðhorfskönnun sem Gallup vann fyrir menningarmálanefnd. Niðurstöðurnar komu vel út fyrir starfssemi menningarstofnana í bænum þannig fengu allar stofnanir yfir 4 í einkunn (þar sem 5 er hæst) þegar spurt var um ánægju með þjónustu (sjá meðfylgjandi mynd). Þá vakti athygli mikil ánægja með þjónustu Amtsbókasafnsins þar sem 89% kváðust ánægðir með hana.

Úr menningarsjóði var úthlutað 28 styrkjum til einstaklinga og félaga. Úr Húsvernðarsjóði var úthlutað 20 styrkjum til viðhalds á gömlum húsum. Í gildi voru níu samningar við félög og kóra: Jassklúbb Akureyrar, Leikklúbbinn Sögu, Lúðrasveit Akureyrar, Sópranó — styrktar klúbb um nám Bjargar Þórhallsdóttur söngkonu, Sumartónleika í Akureyrarkirkju, Tónlistarfélag Akureyrar, Zontaklúbb Akureyrar vegna rekstrar Nonnahúss, Kirkjulistarviku og Karlakór Akureyrar Geysi.

Á Vorkomu árelegri athöfn menningarmálanefndar var útnefndur bæjarlistamaður Björn Steinar Sólbergsson organisti, Aðalsteinn Vestmann myndlistarmaður hlaut viðurkenningu Menningarsjóðs og viðurkenningar Húsvernðarsjóðs voru veittar vegna húseignanna Aðalstrætis 15 og Lundargötu 11.

Fulltrúar bæjarins fóru í afar velheppnaða ferð á vinbæjamót í Rander í Danmörku þar sem framganga ungmennanna frá Akureyri vakti sérstaka athygli. Vest-Norræn verkefni voru áberandi á árinu og bar þar einna hæst tónleikaferð Sinfóniuhljómsveitar Norðurlands til Grænlands þar sem m.a. var frumflutt á grænlandsku verk- ið Pétur og úlfurinn. Listasumar var með hefðbundnu sniði í höndum Gilfélagsins og endaði á menningarnótt á Akureyri sem einnig var afmælishátíð bæjarins. Ákveðið er að menningarnótt muni framvegis heita Akureyrarvaka.

Vinna við undirbúning menningarhúss var haldið áfram þó ekki væri skrifað undir samning fyrir en á árinu 2003.





Amtsbókasafnið á Akureyri Gestir og útlán

124.693 gestir heimsóttu Amtsbókasafnið á árinu. Það eru 443 gestir að meðaltali hvern dag sem opið var. Gestir fengu að láni 168.655 safngögn sem er 6% aukning frá árinu 2001. Gestir á lestrarsal voru tæplega 10.000 og fengu þeir til afnota 59.751 gögn sem er nokkru minna en árið á undan. Væntanlega helgast það að einhverju leyti af þeim skarkala sem hefur verið fylgjandi framkvæmdum við safnið. Heimsendingar til aldraðra og öryrkja voru 14.959 sem er þrjú prósent aukning frá fyrra ári.

Safnkostur

Á árinu var áfram unnið að uppbyggingu safnkost bókasafnsins. Alls voru keyptar 6.316 bækur og tímarit til safnsins. Ný myndbönd voru 246 og 67 geisladiskar bættust í safnið. Enn er hugað að því að framboð og fjölbreytni sé meiri og önnur en í bókaverslunum og er stöðug aukning í því að safnið kaupir bækur beint frá útlöndum.

Á árinu var hafist handa um innkaup á mynddiskum til safnsins. Voru keyptir 158 diskar til að byrja með. Nær eingöngu er um að ræða sigildar kvikmyndir. Að mörgu leyti henta mynddiskar sérstaklega vel fyrir bókasófn. Bæði er form þeirra minna um sig en myndbanda en enn fremur er hægt að velja um ýmsar gerðir tungumála og texta.



Upplýsingatækni

Áfram var unnið að innleiðingu nýs bókasafnskerfis fyrir allt landið. Kerfið er í eigu ríkisins og sveitarfélaganna. Amtsbókasafnið er þátttakandi í þeirri innleiðingu, þó enn sé nokkuð í land að farið verði að nota kerfið á safninu. Þann 15. júní var safnið gestgjafi fyrir undirritun samnings um hýsingu kerfisins. Kerfið sem heitir nú Gagnir er hyst hjá Anza á Akureyri. Gagnir verður sennilega tekinn í notkun á Amtsbókasafninu seinnihluta árs 2003, en fram að þeim tíma er notast við kerfið Mikromarc en svo hefur verið síðan um 1990.

Barnastarf

Vika bókarinnar var haldin hátíðleg í apríl. Að því tilefni komu nemendur úr 9. bekkjum bæjarins og lásu upp úr verkum Halldórs Laxness, en aldarafmæli hans bar upp á alþjóðlegum degi bókarinnar þann 23. apríl. Þetta gekk vel og mæltist þetta vel fyrir hjá safngestum.

Sumarlestur barna sem eru að ljúka þriðja bekk hófst 7. júní. Þetta var í annað sinn sem bókasafnið og Minjasafnið á Akureyri sameina krafta sína í sumarlestur. Þemað var aftur „Gömul leikföng, gömul hús“. Í þetta sinn voru fengnir tveir krakkar úr unglingavinnunni til aðstoðar. Alls tóku 55 börn þátt, þar af voru um 45 virkir þátttakendur.

Sú nýbreytni var tekin upp í október að bjóða upp á laugar-dagsgustundir fyrsta laugardag í hverjum mánuði. Þetta hefur mælt mjög vel fyrir og mæting verið nokkuð góð fram að áramótum. Einnig hefur komið vel út að nýta laugardagana til að vera með sér uppákomur eins og t.d. bangsastund, múmínstund og jólastund. Á þessum tíma eiga foreldrar auðvelt með að koma með börnunum sínum.

Bangsadagurinn og Norræna bókasafnavikan voru haldin hátíðleg eins og undanfarin ár. Bangsadagurinn stóð reyndar heila viku

og þegar upp var staðið höfðu 69 börn í 3 almennum sögu-stundum, 316 börn í 21 leikskólaheimsókn og 100 börn í 4 skólaheimsóknum heimsótt safnið.

Norræna bókasafnavikan var helguð sögunum um múmínálfa-ana eftir Tove Jansson og mæltist það mjög vel fyrir. Heildar- aukning í fjölda gesta í sögustundum er 15% milli ára.

Sýningar & atburðir

Öllu sýningarhaldi er afskaplega þröngur stakkur skorinn í núverandi húsnæði Amtsbókasafnsins. Þó hefur alltaf verið reynt að setja upp eina sýningu á ári hið minnsta. Í þetta sinn var það sýningin „Sól ég sá“ sem var samvinnuverkefni Amtsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fæðingu Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum. Sýningin var opnuð 12. ágúst og stóð hún út mánuðinn.

Á „menningarnótt“ á afmæli Akureyrarbæjar var safnið opið fram eftir kvöldi, auk þess sem gestir gátu hlýtt á söng Sigrúnar Arngrímsdóttur við undirleik Arnórs Vilbergssonar.

Nýbygging

Framkvæmdir við nýbyggingu gengu samkvæmt áætlun. Húsið var orðið fohelt um áramót og byrjað að vinna að frágangi innanhúss. Áætlað er að endurbótum á eldra húsinu og flutningum ljúki á árinu 2003.

Innra starf

Haldin voru tvö námskeið fyrir starfsfólk á árinu. Annars-vegar var námskeið á vegum Reylnis ráðgjafastofu um streitu, álag og breytingar og hinsvegar fór starfsfólk í náms og kynnisferð í október til Reykjavíkur og nágrennis.

Skoðuð voru þau söfn á suðvesturhorninu sem eru nýjust: í Kópavogi, Hafnarfirði, Þorlákshöfn og Kringlusafn og Grófarsafn í Reykjavík.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Hlutverk Héraðsskjalasafnsins á Akureyri er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda héraðssögunnar til notkunar fyrir stjórnendur, stofnanir og einstaklinga, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðaiðkanir.

Héraðsskjalasafnið skal varðveita skjöl frá eftirgreindum aðilum: Bæjar- og sveitarstjórnun, sýslu- og héraðsnefndum, byggðasamlögum og hreppsstjórnun á safnsvæðinu. Ennfremur skjöl allra embætta, stofnana, fyrirtækja og annarrar starfsemi á þeirra vegum. Einnig skjöl allra félaga og samtaka í héraðinu, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé, svo og skjöl frá einstaklingum o.fl., sem ætla má að séu hluti af sögu héraðsins.


Á árinu 2002 tók safnið við 70 skjalaafhendingum og er það heldur lægri tala en árið áður þar sem afhendingar voru 83. Lán til gesta safnsins á lestrarsal voru 1394 talsins og hefur þeim fækkað um 62. Erindi, fyrirspurnir og uppflettingar fyrir viðskiptavinum voru nú 633 talsins en 776 í fyrra.

Helstu verkefni

Unnið var samkvæmt venju að innheimtu, skráningu og frágangi skjala auk daglegrar þjónustu við lánþega og svörun fyrirspurna. Upplýsingaþjónusta og aðstoð við sveitarfélög, stofnanir og almenning var sem fyrr stór þáttur í starfsemi safnsins en heldur dró þó úr aðföngum, lánunum á lestrarsal og fjölda fyrirspurna. Orsakir þessa má að einhverju leyti rekja til fram-



Héraðsskjalasafn - Notkun og þjónusta



kvæmda við nýbyggingu, þar sem oft á tíðum var nánast enginn vinnufriður í húsinu. Til hagræðis var líka beðið um frest á nokkrum skjalaafhendingum þar til ný húsakynni tækju við til þess að forðast tvíverkað við flutninga.

Unnið var að kynningu á starfsemi safnsins með sýningum og voru haldnar tvær sýningar árið 2002. Sú fyrri var haldin í samstarfi við Amtsbókasafnið í tilefni af aldarafmæli Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum. Sýningin var opnuð við hátíðlega athöfn þann 12. ágúst að viðstöddu fjölmenni. Sýnd voru skjöl og munir úr eigu Steindórs heitins og einnig bækur sem hann hafði skrifað eða ritstýrt og stóð sýningin út ágústmánuð.

Seinni sýningin var haldin í tilefni samnorræns skjaladags þann 9. nóvember. Þema dagsins var "Fjölskrúðug félagastarfsemi", en sýningin bar yfirskriftina "Þegar saman safnast var". Þarna voru sýnd skjöl frá u.þ.b. 58 félögum en alls eiga um 234 félög skjöl í safninu. Markmiðið með deginum var að venja að vekja athygli á skjalasöfnunum og sýna hversu margvíslegt efni er þar að finna. Þessi sýning stóð frá 9. til 30. nóvember.

Vel miðaði með viðbyggingu safnsins sem framkvæmdir hófust við árið 2001. Lokið var við að steypa upp húsið, ljúka framkvæmdum við það að utan og unnið af fullum krafti við smíðar, múrverk og málningu innanhúss. Geymsla í kjallara var kláruð og byrjað að setja þar upp hjólaskápa. Stefnt er að því að ljúka verki við nýbygginguna í maí 2003 og hefjast þá handa við breytingar á gamla húsinu. Að öllum líkindum verður verkinu endanlega lokið í desember 2003.

Hús skáldsins: Sigurhæðir - Davíðshús

Starfið var að mestu leyti í hefðbundnum farvegi. Engin nám-skeið voru þó haldin á þessu ári en eftirspurn þó nokkur. Hinsvegar var unnið mikið starf við uppsetningu heimasíðu og netvefs stofnunarinnar. Sótt var um styrki til þriggja aðila á sviði menningarstarfs en engir fengust. Var því verkefninu ekki lokið að fullu, en aðgenglegt á netinu svo langt sem það var unnið. Auk umsjónar með húsum og munum, fyrirsvars út á við, kynningar og móttöku einstaklinga og hópa, skal sérstaklega geta eftirtalinnna atriða:

- Ljóðakvöld voru 5 á haustdögum
- "Huldufólkið" — hópur fólks sem fæst við skáldskap - hittist mánaðarlega í Sigurhæðum og fólk úr þessum hópi las upp í opinni dagskrá á safnadaginn.
- Leshringur kvenna hélt áfram starfsemi í Sigurhæðum með mánaðarlegum fundum yfir vetrartímann.
- Skólaheimsóknir voru húsunum gerðar af 6. bekkjardeildum úr, MA. 3 úr Síðuskóla, 3 úr Brekkuskóla, 3 úr Hrafnagilsskóla og 3 úr Borgarhólsskóla á Húsavík
- Móttökur með stuttri dagskrá voru nokkrar í húsunum, auk þess sem einstök félög fengu að halda þar fundi sína og var þá sinnt sérstaklega.
- Alþjóðlegt skátamót var haldið á Akureyri seinni hluta júlímánaðar. Sóttu fjölmargir gesta þar Sigurhæðir heim í tengslum við ratleik sem til var efnt.
- Gestaíbúð í Davíðshúsi var nær fullnýtt fram á haust að tveir þeir sem úthlutað hafði verið sögðu sig frá henni með skömmum fyrirvara. Eftirtaldir 10 aðilar nutu úthlutunar dvalar þar, 2-6 vikur hver.:

Stefán Aðalsteinsson, rithöfundur og Erla Kristjánsdóttir í janúar. Hermann Stefánsson, rithöfundur í febrúar.

Sigrún Óskarsdóttir, rithöfundur í mars - apríl.

Sigurbjörg Þrastardóttir, rithöfundur í maí.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar í maí - júní og 1 v. í ágúst.

Pétur Pétursson, prófessor í júní.

Kristján Árnason, prófessor í júlí.

Elín Pálmadóttir, rithöfundur, ágúst - sept.

Þórunn Valdímarsdóttir, rithöfundur í sept. - okt. og nóv.

- Skrifstofur í Sigurhæðum voru að hálfu nýttar til undirbúnings vefseturs stofnunarinnar þar sem Halldór Carlsson vann mikið starf. Auk hans nutu 5 aðilar aðstöðunnar þar um lengri eða skemmri tíma.

Skráðir gestir á Sigurhæðum voru 1.174 og í Davíðshúsi 613 eða 1.787 samtals, en munu vera nokkru fleiri - að líkindum yfir 2.000.

Minjasafnið á Akureyri

Gestir Minjasafnsins voru 8.889 að tölu. Stærsti gestahópur safnsins eru börn í fylgd með kennurum eða fullorðnum. Gestir Laufássbæjar voru 14.408, þar af eru erlendir ferðamenn í meirihluta (54%). Við safnið störfuðu fimm fastir starfsmenn, stöðugildi voru 4.6 yfir sumarið en heldur minni yfir veturinn. Sumarstarfsmenn voru 9 að tölu, flestir í hlutastörfum.

Haldnar voru tvær sérsýningar í Minjasafninu, afmællissýningin "Sem mér var gefið" og sýning á ljósmyndum Hans Malmberg. Þá var sýning í gamla bænum í Laufási endurbætt með munum úr Minjasafninu. Viðburðadagskrá stóð allt árið bæði í Minjasafninu og Laufási og var bæði fjölbreytt og vel sótt. Við framkvæmd viðburða átti Minjasafnið samstarf við fjölmarga aðila, einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir.

Safnkennslu fengu alls 2.062 nemendur af öllum skólastigum og fylgdu þeim 462 kennarar eða aðrir fullorðnir. Flestir nemendurnir voru af grunnskólastigi. Boðið var upp á leiðsögn um sýningar safnsins með sérstöku tilliti til námsefnis barnanna. Auk þess fjögur sérverkefni sem nefndust Góður þykir mér grautur mæls, Sumarlestur 2002, gamlir leikir og gömul hús, Jólalald í gamla daga og Víkingar-vígamenn, listamenn og sægarpar sem námu ný lönd. Safnkennari kenndi á námskeiði í grenndarkennslu á öðru ári við leikskólabraut kennaradeildar Háskólans á Akureyri

Safnið tók á móti 23 gjöfum, eða alls um 170 munum sem skráðir voru í aðfangabók. Skráning í gagnagrunninn Sarp bíður þar til á haustmánuðum 2003. Munirnir voru úr eftirtöldum söfnunarflokkum: "félagssaga", "heimilishald", "fjölskylduhættir og



merkisdagar“ og „jarðfundnir lausamunir“. Minjasafnið lánaði út muni til sýningar á nokkrum stöðum, svo sem á Dvalarheimilínu Hlíð og í Punktinum-handverksmiðstöð. Zontaklúbbur Akureyrar fékk lánaða muni á „Sigríðarsýninguna“. Heimilismenn á Seli fengu lánaða muni úr safninu til nota á endurminningardögum, og voru þeir sérstaklega valdir eftir efni hverju sinni.

Fulltrúi Minjasafnsins sat í Hússtjórn Gudmanns Minde og svaraði auk þess erindum varðandi húsverndarmál sem safninu bárust. Starfsmaður ljósmyndadeildar tók á móti myndefni sem safninu barst. Hann greiddi einnig úr erindum varðandi ljósmyndir.

Mikið var unnið að endurbótum í garði Minjasafnsins og einnig í væntanlegri hlöðu á Naustum þar sem safnið fær um 300 m² geymslurými. Minjasafnið hafði yfirumsjón með Gásaverkefninu. Helsti samstarfsaðili þar er Ferðamálasetur Íslands sem leggur til starf kynningarstjóra verkefnisins. Margar áhugaverðar niðurstöður fengust úr fornleifauppgreftrinum og fjöldi fólks lagði leið sína að Gásum til að fá leiðsögn um svæðið. Sjá nánar vefsíðu: www.gasir.is.

Listasafnið á Akureyri

Óhætt er að segja að starfsemi Listasafnsins á Akureyri hafi aldrei náð meira flugi en árið 2002. Hver stórsýningin rak aðra og var umfjöllun fjölmiðla og aðsókn að safninu í samræmi við það, en hún nær tvöfaldaðist milli ára, frá rúmlega 12 þúsund í yfir 23 þúsund áhorfendur. Aðsókn að safninu hefur farið vaxandi jafnt og þétt, en hún byrjaði í örfaum þúsundum árið 1993, þegar safnið var stofnað, og tók svo skyndilega kipp árið 2000. Þessa aukningu má að hluta til rekja til meiri áherslu á safnfræðslu og samstarf við skóla á öllum námsstigum, sem hefur aldrei verið meiri, en þó hafa sýningarnar sjálfar átt mestan þátt í að laða til sín áhorfendur. Stefna safnsins, að vera eins konar alþjóðlegur gluggi að umheiminum án þess að missa sjónar á innlendum vettvangi, höfðar greinilega sterkt til almennings í landinu. Þannig gerðu margir sér ferð norður yfir heiðar til að skoða sýningarnar og grunn- og barnskólanemar allt frá Sauðárkróki austur til Egilsstaða komu í sérstakar kynningarferðir á safnið.

Að sama skapi jukust sértekjur safnsins umtalsvert, bæði í formi beinna og óbeinna styrkja, og lætur nærri að þær hafi numið í kringum 25% af fjárlögum safnsins (þær voru engar árið 1999), en þar af voru tekjur af aðgangseyri nálægt tvær milljónir króna. Þess ber þó að geta að ekki er tekið mjög strangt á innheimtu aðgangseyris og fá skólahópar, börn og eldri borgarar ókeypis inn á safnið, auk þess sem frítt er inn á fimmtudögum. Þrátt fyrir mikil umsvif á árinu hélt Listasafnið sig samt innan fjárlagarammans.

Vinsælustu sýningarnar framan af árinu voru „Skipulögð hamingja: Rússnesk myndlist frá 1905 til 1953“, sem unnin var í samvinnu við Fagurlistasafnið í Arkhangelsk, og „Milli goðsagnar og veruleika: Nútímalist frá arabaheiminum“ sem hingað var fengin frá Konunglega þjóðlistasafninu í Amman, Jórdaníu. Hátt í tvö þúsund manns sáu „Skipulögð hamingju“ og nálægt sex þúsund gestir skoðuðu „Nútímalist frá arabaheiminum“. Óhætt er að segja að umfjöllun um þessar sýningar hafi verið gríðarlega mikil og hefur menningarstofnun á Akureyri líklega aldrei áður fengið meiri „pressu“ á landsvísi. Sýningin „Milli goðsagnar og veruleika“, sem Listasafnið á Akureyri vann að fullu, var síðar á árinu sett upp í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sem dró verulega úr kostnaði við gerð sýningarinnar og meðfylgjandi bókar. Auk ýmiss konar kynningarefnis, bæði á heimsasiðu safnsins og í formi bæklinga og veggspjalda, gaf safnið einnig út þrjár myndarlegar bækur: *Akureyri í myndlist II*, *Milli goðsagnar og veruleika og Rembrandt og samtíðarmenn hans*.

En steininn tók fyrst úr með sýningunni „Rembrandt og samtíð-

armenn hans: Hollensk myndlist á 17. öld“ sem fengin var að láni frá Ríkislistasafni erlendar myndlistar í Riga, Lettlandi. Fyrir utan fjölmargar ætingar eftir sjálfan Rembrandt (d. 1669) gat þar meðal annars að líta málverk eftir Jan Bruegel I og úr skóla Anthony van Dyck og voru þessir þjóðardýrgripir Letta, sem flestir höfðu ekki farið út úr húsi í heila öld, lánaðir til að þakka Íslendingum fyrir að vera fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði Lettlands. Viðtökurnar létu heldur ekki á sér standa og sáu um 12 þúsund áhorfendur sýninguna áður en yfir lauk, eða nánast hvert mannsbarn á Akureyri. Miklar kröfur voru gerðar til öryggisgæslu verkanna, sem og raka- og hitastigs, og er skemmst frá því að segja að Listasafnið stöðst allar þær prófraunir með þryði.

Listasafnið missti þó ekki sjónar á íslenskrri myndlist frekar en endranær og kom víða við í þeim efnum. Árið hófst með yfirlits-sýningu á íslenskrri samtímamyndlist frá 1965 til 2000 undir yfirskriftinni „Sjónauki III: frá poppi til fjölhyggju“ þar sem brugðið var ljósi á þróunina síðustu áratugi. Í kjölfarið fylgdi glæsileg yfirlitssýning á verkum eins af helstu myndhöggvurum þjóðarinnar, frumkvöðlinum Sigurjóni Ólafssyni (1908—1982), en þetta er í fyrsta sinn sem verk hans hafa verið til sýnis á Akureyri. Samarsýning safnsins, „Akureyri í myndlist II“, var helguð listamönnum sem eru fæddir og aldir upp á Akureyri eða hafa búið hér langdvölum en starfa nú annars staðar. Þessi sýning kom í framhaldi af „Akureyri í myndlist“, sem sýnd var í Listasafninu árið 2000, þar sem listamenn bæjarins voru kynntir til leiks og var af því til efni gefin út vönduð, litprentuð bók líkt og þá. Árinu lauk svo með samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafnsins í Rovaniemi, Lapplandi, með þátttöku reyndra listamanna og nemenda frá Íslandi, Finnlandi og Grænlandi, en Verkmenntaskólinn á Akureyri tók að sér að leiða fulltrúa Íslands í verkefninu. Að lokum fengu tveir ungir og efnilegir listamenn að spreyta sig í vestursal safnsins, þær Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari (Mórar) og Olga Bergmann (Rækt), sem jafnframt er nýjasti verölaunahafi Listasjóðs Pennans.

Fastir starfsmenn Listasafnsins á Akureyri eru tveir. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir sýningar ársins og aðsóknartölur:

19. janúar - 24. febrúar Sjónauki III - frá poppi til fjölhyggju: Íslensk myndlist frá 1965 til 2000	ca. 800
2. mars - 7. apríl Sigurjón Ólafsson myndhöggvari: Yfirlitssýning Vestursalur Katrín Elvarsdóttir (ljósmyndir)	ca. 1.100
13. apríl - 26. maí Skipulögð hamingja: Rússnesk myndlist frá 1905 til 1953	ca. 1.800
1. júní - 21. júlí Akureyri í myndlist II: Samsýning 23 myndlistarmanna	ca. 2.300
27. júlí - 8. september	
Milli goðsagnar og veruleika: Nútímalist frá sextán arabalöndum	ca. 5.300
14. september - 27. október Rembrandt og samtíðarmenn hans: Hollensk myndlist á 17. öld Vestursalur Olga Bergmann (innsetning)	ca. 11.600
2. nóvember - 15. desember Hraun-ís-skógur: Samstarfsverkefni milli Íslands, Grænlands og Lapplands	ca. 700





Íþrótt- og tómstundadeild

Hlutverk íþrótt- og tómstundadeildar er að sjá um yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflokksins fyrir hönd Akureyrararbæjar, sjá um samskipti við félagsamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd Akureyrararbæjar og koma í framkvæmd samþykktum íþrótt- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþrótt- og tómstunda á Akureyri.

Í ágúst mánuði urðu deildarstjórnarskipti hjá íþrótt- og tómstundadeild en þá lét Eiríkur B. Björgvinsson af störfum og við tók Kristinn H. Svanbergsson.

- Stærstu verkefni deildarinnar á árinu 2002 voru:
- vinna við eftirlit og eftirfylgni samninga við fjögur íþróttfélög
 - frekari uppbygging skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli
 - undirbúningur vegna byggingar fjölnota íþróttahúss
 - undirbúningur vegna íþróttahúss við Síðuskóla
 - undirbúningur rekstrarsamninga við aðildarfélög ÍBA
 - fræðsla og þjálfun starfsmanna
 - starfs- og rekstraráætlanir ÍTA

Félagsstarf í hverfum bæjarins

Fimm félagsmiðstöðvar eru reknar á vegum íþrótt- og tómstundadeilda. Hlutverk félagsmiðstöðvanna er að sinna unglingunum með fjölbreyttu starfi, þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Gera öllum unglingum mögulegt að sækja félagsstarf í félagsmiðstöðinni og reyna að verða við óskum unglinganna, veita upplýsingar og efla fræðslu vegna forvarna í vímuefnamálum.

Stærstu verkefni félagsstarfsins á árinu 2002 voru samþættingarverkefni sem unnið var í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og Norðurlandaráð. Gerð könnun á aðsókn í félagsmiðstöðvarnar eftir kyni og einnig hvað þau tækju sér fyrir hendur. Þá var haldin söngkeppni, biljardmót, plötusnúðakeppni, þátttakendur sendir á landsmót SAMFÉS og SAMFÉS BALL, auk Brettamóts sem haldið var í Hlíðarfjalli þar sem þátttakendur voru af öllu landinu, gist var í Lundarskóla og fjöldi þátttakenda var á annað hundrað.

Unglingum fjölgar sem sækja félagsmiðstöðvarnar. Stúlur í 6200 skipti en drengir 6005 sinnum.

Kompaníið

Hlutverk Kompanísins er að vera upplýsinga og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk eldra en 16 ára. Kompaníið er staður þar sem ungt fólk getur unnið að hugðarefnum sínum og fengið til þess aðstoð. Fjölmargir klúbbar ungs fólks eru starfandi í Kompaníinu og þar er einnig aðstaða fyrir hljómsveitir til æfinga.

Haldin var listahátíð sem kölluð er Unglist 2002 síðustu daga febrúar og fyrsta dag marsmánaðar og tókst framur vonum. Þarna nutu um 1500-1700 gestir þess sem boðið var upp á auk þess sem haldin var ljósmyndasýning á Glerártorgi, sem stóð til og með 3. mars og mjög margir nutu, jafnt bæjarbúar sem gestir. Baldvin starfsmaður Kompanísins ásamt stuttmyndaklúbbnum gerði heimildamynd um hátíðina sem sýnd var á Aksjón.

Önnur starfsemi á árinu 2002 fólst í klúbbastarfi af ýmsu tagi, t.d. stuttmynda- og fjölmiðlaklúbbi sem vann þætti fyrir Aksjón fram á vor, leiklistarklúbburinn Saga sem setti upp barnaleikritið Ottó nashyrning og vann flotta Jónsmessunætur-

sýningu sem sett var upp í Kjarnaskógi. Fjöllistaklúbburinn Circus Atlantis sem var mjög virkur árið 2002, sá um opnun Unglistar ásamt listskautastúlkum úr Skautafélagi Akureyrar og tók þátt í svo til öllum útskemmtunum sumarsins á Akureyri. Fjörfishkar, klúbbur fatlaðra ungmenna var öflugur, hélt fundi og skemmtanir tvisvar í viku og fór í tvö lengri ferðalög.

Tónlist er einnig í hávegum höfð. Tólf hljómsveitir æfðu í „Skúrnum“ en aðeins 5 sveitir komast að plássí á sama tíma og hefur hver 6 tíma á viku.

Gestafjöldi á mánuði 2002 var misjafn eftir mánuðum, frá 65 gestum þegar minnst var upp í 520 þegar best lét (nóvember og febrúar). Haldnir voru þrennir tónleikar í Kompaníinu sjálfu, auk tónleika sem við stóðum fyrir á Unglist og fóru fram annars staðar. Námskeiðin voru 6 í leiklist, stuttmyndagerð og fjöllistum. Eitt stuttmyndanámskeið var haldið sérstaklega fyrir stúlkur með stuðningi Jafnréttisráðs og tókst frábærlega.

Punkturinn

Hlutverk Punksins er að vera handverksmiðstöð þar sem gestir geta sótt í námskeið í vinnslu á ýmiss konar handverki ásamt því að vinna sjálfstætt. Á Punctinum getur fólk stundað hvers konar vinnu við handverk og fengið til þess leiðsögn og aðstoð.

Á Punctinum var blómlegt starf á árinu 2002. Á sýningunni Handverk 2002 að Hrafnagili, var Punkturinn með sýningu. Þar lögðum við aðaláherslu á að tilraunir með að útfæra grjót í handverk, þar sem þema sýningarinnar var torf og grjót ásamt því að kynna gömlu íslensku tólgersápunna. Á árinu 2002 fjölgðaði sýningum í sex. Það sem var nýtt á árinu 2002 var að haldin voru þrjú vikunámskeið með frábærum kennurum í útsaum og ullarþófa frá kennaraháskólanum í Skals Danmörku og verður það endurtekið næstu sumur, Laufshópurinn stóð fyrir því að vesturíslendingurinn og rokkasmiðurinn Doug Rognvaldsson kom til Akureyrar og hélt námskeið í Punctinum þar sem hann kenndi smíði á vestur-íslenska rokknum. Síðla hausts voru skreytt og bókud laufabraud í Punctinum. Hugrún Ívarsdóttir er að safna heimildum um munstur í brauðgerð og voru gerð mörg gömul og þekkt munstur sem flestum eru gleymd og aðsókn var framur öllum vonum.

Félagsfundur Heimilisfélags Íslands var haldinn í Punctinum, greint var frá starfi félagsins og Heimilisiðnaðarskólans.

Heimasíða Punksins var opnuð í mars <http://www.punkturinn.akureyri.is/> og er hún mikið sótt.

Punkturinn er kjörland þeirra sem vilja vera í góðum félagskap og kynnast ýmsum aðferðum við handverk. Fullljóst er orðið að Akureyringar kunna vel að meta þessa sjaldgæfu aðstöðu.


Sundlaug Akureyrar og Íþróttahúsið við Laugargötu

Hlutverk Sundlaugar Akureyrar er að veita aðstöðu og þjónustu svo hægt sé að efla sundiðkun og stuðla að hollri hreyfingu. Í Sundlaug Akureyrar fer fram sundkennsla grunn- og framhaldsskóla á Akureyri ásamt sundþjálfun félaga í Sundfélaginu Óðni. Sundlaug Akureyrar er notuð af fólki á öllum aldri og hefur mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.



Íþróttahúsið við Laugargötu þjónar grunnskólakennslu í íþróttum sem og almennum trimmum.

Um 342.500 gestir heimsóttu sundlaugin á árinu. Sundlaugin var opin 360 daga á árinu eða í 4.539 klst. sem segir að 951 gestir heimsóttu laugin að meðaltali á dag eða 75 gestir á klst.



Stærstu verkefni Sundlaugar Akureyrar og Íþróttahúsins við Laugargötu á árinu 2002 voru:

- áframhaldandi endurbætur og uppbygging á þjónusturými
- vatnsgufa endunýjuð
- grunn- og framhaldsskólakennsla
- fjölgun tækja í fjölskyldugarði
- sundæfingar Sundfélagsins Óðins
- æfingar íþróttafélaga og almennings í íþróttahúsi

Íþróttamiðstöð Glerárskóla

Hlutverk íþróttamiðstöðvarinnar er að veita aðstöðu og þjónustu svo gestir miðstöðvarinnar geti stundað holla hreyfingu í sundlaug eða íþróttahúsi. Í Íþróttamiðstöð Glerárskóla fer fram grunnskólakennsla í íþróttum ásamt æfingum og keppni íþróttafélaga og sundþjálfun Sundfélagsins Óðins. Siglingaklúbburinn Nökkvi hefur einnig notað laugin fyrir æfingar.

Íþróttahús

Um 128 þús. manns sóttu húsið á árinu.

Skólar (Glerárskóli, Síðuskóli og Giljaskóli) nýttu tímana frá kl. 08:00-15:00 alla virka daga. Þá tóku leigutímar við til kl. 23:00 og um helgar kl. 09:00-19:00.

Mót í körfubolta, fimleikum, badminton fóru fram um helgar. Skólaskemmtun Glerárskóla er haldin árvisst í húsinu. Mjög góð nýting á tímum í húsinu var á árinu.

Sundlaugin

Sundlaugargestir voru 57 þús. manns á árinu.

Skólar (Glerárskóli, Síðuskóli og sérdeild fatlaðra) nýttu sundlaugin alla virka daga frá kl. 08:00-16:00.

Sundfélagið Óðinn var með æfingar fyrir byrjendur kl. 16:00-17:00 þar sem stöðug aukning varð á iðkenndum á árinu.

Elliífeyrisþegar, fatlaðir, Íþróttafélagið Eik, Siglingaklúbburinn Nökkvi og almenningur nýtti sér tímann 17:00-21:00 á virku dögum auk helgana kl. 09:00-15:00.

Íþróttahöllin við Skólastíg

Hlutverk Íþróttahallarinnar er að veita viðskiptavinum sínum og gestum góða aðstöðu og þjónustu, hvort sem er til íþróttaiðkunar, félagsstarfs eða skemmtana.

Mikil starfsemi var í Höllinni á árinu eins og undanfarin ár. Verkenntaskólinn, Menntaskólinn, Brekkuskóli og Giljaskóli voru

með íþróttakennslu sína í húsinu auk daglegra æfinga íþróttafélaga eftir kl. 17 og um helgar. Auk þess fór fram fjöldinn allur af veislum, þingum og sýningum í Höllinni.

Hin ýmsu félagasamtök reka aðstöðu sína í húsinu og má þar nefna Skákkfélag Akureyrar, Ljósmyndaklúbb Akureyrar og Flugmóðelfélag Akureyrar. Einnig eru skrifstofur Íþróttabandalags Akureyrar staðsettar í húsinu.

Þá er Vaxtarræktin sem fyrr starfsrækt í húsinu sem og Jötunheimar, sem er tækjasalur, rekinn af Kraftlyftingafélagi Akureyrar.

Stærstu verkefni Íþróttahallarinnar á árinu voru:

- Árshátíð Akureyrarbæjar, með yfir 1.000 gestum.
- Vest Norden kaupstefnan
- Þing Sambands íslenskra sveitafélaga
- Ráðstefna Samorku

Akureyrarvöllur

Hlutverk Akureyrarvallar er að bjóða íþróttaiðkendum upp á góða aðstöðu til knattspyrnu- og frjálsíþróttaiðkunar.

Þór, KA, Þór/KA og Vaskur léku heimaleiki sína á vellinum og UFA æfði og keppti í frjálsum íþróttum á Akureyrarvelli.

Stærstu verkefni Akureyrarvallar á árinu 2002 voru:

- Akureyrarmaræðan
- Þrjú úrvalsdeildarlið spiluðu heimaleiki sína á vellinum í sumar í fyrsta skipti í sögu vallarins.
- Úrslit Akureyrarmóts yngri flokka í knattspyrnu fór fram á neðri velli svæðisins.
- Hluti Pollamóts Þórs var spilað á neðri velli svæðisins.

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli

Hlutverk skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli er að veita aðstöðu og þjónustu til að efla alhliða skíða- og snjóbrettaiðkun ásamt því að stuðla að hreyfingu almennings. Fjarkinn, ný stólalyfta sem tekin var í notkun á árinu var mikið aðdráttarafli skíðaáhuga-fólks. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er orðið eitt aðal aðdráttarafli ferðamanna á Eyjafjarðarsvæðinu yfir vetrarmánuðina.

Skíðafélag Akureyrar hefur aðstöðu í Hlíðarfjalli fyrir æfingar og keppni auk félagsaðstöðu í Strýtu.

Rekstrardagar veturinn 2002 voru 89. Alls seldust 1084 árskort og 30,439 lyftumiðar sem er met í sölu lyftumiða. Hinir árlegu Andrésar Andarleikar voru á sínum stað og tókust með ágætum.

Stærstu verkefni á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli á árinu 2001 voru:

- Notkun nýrrar stólalyftu
- Vegagerðin réðst í endurbætur í veginn í Hlíðarfjall, verklok áætluð júlí 2003
- Stækkun bílastæða á svæðinu ásamt lýsingu
- Áframhald á samstarfi við skíðasvæði Bláfjallanefndar
- Áframhald á samstarfi skíðasvæða á Eyjafjarðarsvæðinu
- Uppbygging brettagarðs með reilum og pöllum
- Brettamót á snjóbrettum
- Prufudagar á skíðum og snjóbrettum
- Telemark mót
- Landsmót á skíðum
- FIS-mót á skíðum
- Skíðanámskeið fyrir konur
- Andrésar Andarleikar

Skautahöllin á Akureyri

Skautahöllin á Akureyri er rekin af Skautafélagi Akureyrar með rekstrarframlagi frá Akureyrarbæ.



Fasteignir Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar voru stofnaðar í mars 2001 og hófst þá undirbúningsvinna. Félagið hóf síðan formlega starfsemi 1. janúar 2002 og er því að ljúka sínu fyrsta starfsári. Stofnun félagsins er tilkomin vegna breytinga á reikniskilum sveitarfélaga og var aðkallandi að færa umsýslu með fasteignum á einn stað, til að reksturinn yrði markvissari. Helstu verkefni Fasteigna eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra. Markmið með stofnun félagsins var m.a til að gera kostnað við rekstur fasteigna sýnilegan, að sá borgi fyrir húsnæðið sem nýtir það, að færa alla umsýslu á einn stað til að tryggja betri nýtingu á fjármagni og auka þekkingu í faginu. Hlutverk starfsmanna og stjórnar félagsins er að tryggja að viðskiptavinir og eigandi hafi hag af breytingunni til lengri tíma litið. Stjórn Fasteigna er skipuð af Bæjarráði og í henni sitja fimm manns.

Félagið er þjónustustofnun sem hefur það hlutverk að tryggja leigutökum aðgang að sem bestu húsnæði á hagstæðu verði. Mikilvægt er að hagkvæmi í innkaupum á efni og þjónustu verði ávallt haft að leiðarljósi með það fyrir augum að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagn sem til ráðstöfunar er til lengri tíma litið. Að stöðugt verði unnið að því að ná fram sem hagstæðust- um kjörum á hverjum tíma og umbótum á því sviði eftir því sem þörf er á. Vægi notagildis og hagkvæmi til lengri tíma litið verði aukið við hönnun og val á byggingarefnum. Hluti af því er að hönnun og rými hennar verði unnið á markvissari hátt til að draga úr kostnaði og óþægindum á framkvæmdartíma.

Fasteignir Akureyrarbæjar hafa það að markmiði sínu:

- Að bæta undirbúning og hönnun nýframkvæmda og auka eftirfylgni á framkvæmdartíma.
- Að bæta viðhald húsnæðis í eigu bæjarins með kerfisbundnum hætti.
- Að ná fram hagkvæmari innkaupum á vöru og þjónustu.
- Að gæði og ending fasteigna uppfylli þarfir og væntingar.
- Að viðskiptavinir félagsins séu ánægðir með þjónustuna.
- Að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

Starfið hefur verið í mótun á árinu og hefur fjölmörgum áfangasigrum verið náð, sem skilað hafa verulegum ávinningi og verður hluti af því rakið hér. Starfsfólk félagsins hefur unnið saman að því að móta stefnu félagsins og leyst þau verkefni sem upp hafa komið með góðum árangri. Áfram verður haldið á þeirri braut á komandi ári.


Á árinu hefur verið unnið að því að bjóða út helstu verkefni í viðhaldi og endurbótum og er árangur sýnilegur strax á fyrsta starfsári. Það nýmæli hefur verið tekin upp að um allar stærri nýbyggingar hefur verið haldin samkeppni og hefur sú aðferð reynst vel. Tvö alútboð voru einnig á vegum Fasteigna á árinu.

Rekstur

Heildarleigutekjur Fasteigna á árinu 2002 voru 655 milljónir kr., þar af var 112,8 milljónum kr. ráðstafað í viðhald og lóðarhírðu eða um 1,2% af brunabótamati eignanna í upphafi árs og um 27% af tekjum. Fasteignagjöld og tryggingar eignanna voru 48 milljónir kr. og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var um 45 milljónir kr. Leigutekjur ársins 2003 eru áætlaðar 715 milljónir kr.

Heildarflatarmál eignanna í útleigu í ársbyrjun 2002 var um 73.000 m² en í árslok 84.700 m² og brunabótamat í árslok

um 10 milljarðar kr. Meðal leiguverð á fermetra hjá FA er 750 kr/m² á mánuði. Skipting á leigutekjum niður á málaflokka er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Bæjarsjóður leigir frá þriðja aðila um 11.000 m² af húsnæði til ymissa nota og greiðir um 84 milljónir kr. á ári í leigu. Misjafnt er hvað innifalið er í leigu og greiðir leigutaki í sumum tilfellum hluta af viðhaldi og hluta af endurbótum eftir samkomulagi milli aðila.

Akureyrarbær á og rak 1. janúar 2002 214 íbúðir en í árslok voru íbúðirnar 220, brúttó stærð þeirra er rúmir 21.000 m². Brunabótamat leiguíbúðanna í árslok var rúmum 2 milljarðar kr. Fasteignir Akureyrarbæjar sjá um viðhald á þeim en Húsnæðisdeild um móttöku umsókna og úthlutun íbúðanna. Viðhald leiguíbúða á árinu 2002 var rúmar 26 milljónir kr. á árinu eða um 1,4% af stofnverði. Stærstu viðhaldsverkefni á árinu voru utanhúss málun, endurnýjun á gleri, heildar endurbætur á tveimur íbúðum og almennt viðhald á íbúðum við leiguskipti.

Rekstur smíðadeildar var lagður af á árinu. Starfsmenn hennar voru ráðnir sem þjónustufulltrúar hjá FA, í byrjun árs 2002 og er þeirra hlutverk að hafa umsjón með og sjá um viðhaldi fasteigna í eigu FA. Hjá FA starfa fimm starfsmenn á skrifstofu og þrjár þjónustufulltrúar sem hafa umsjón með viðhaldi fasteignanna.

Nýbyggingar

Haldin var samkeppni meðal arkitekta eða alútboð um allar stærri framkvæmdir á árinu. Þær aðferðir hafa skilað góðum hugmyndum til að byggja á áframhaldandi hönnun. Eiga þeir sem tóku þátt í þeirri vinnu með okkur miklar þakkar skildar. Byrjað var á árinu að koma hönnun og eftirliti með nýbyggingu í agaðra ferli og að bæta verklag til að ná fram meiri hagkvæmni og betra húsnæði til lengri tíma litið.

Á árinu 2002 var áætlað að framkvæma fyrir um 900 milljónir króna í nýbyggingum og 45 milljónum kr. í stofnbúnaði. Niðurstaða ársins var 1.017 milljónir kr. til nýframkvæmda og keyptur var stofnbúnaður fyrir um 46 milljónir kr. Hækkun er til komin þar sem hluti af greiðslum vegna framkvæmda við Fjölnota hús er gjaldfærður á árinu 2002 en kemur ekki til greiðslu fyrr en á árinu 2003 og var hluti af áætlun ársins 2003. Stærstu verkefni í nýframkvæmdum á árinu 2002 hjá Fasteignum Akureyrarbæjar voru:





- Amtbókasafn, viðbygging við safnið, unnið að á árinu. Verklök 2004.
- Brekkuskóli, hönnun á viðbyggingu og endurbótum, verður boðið út í maí 2003. Áætluð verklok 2005.
- Boginn, bygging fjölnota íþróttahúss, sem tekið var í notkun um ármót.
- Þórsvöllur, gerð grasvalla og göngustígs. Verklök áætluð júní 2003.
- Giljaskóli, stækkun um 2.407 m². Viðbygging var tekin í notkun í ágúst 2002.
- Gránufélagsgata 26, hönnun á íbúðum.
- Hamrar, tvö þjónustuhús. Verklök 2003.
- Hólmátún, leikskóli í Naustahverfi, bygging hófst á árinu og eru áætluð verklok í ágúst 2003.
- Hlíð viðbygging, viðræður hófust um fjölgun hjúkrunarrýma.
- Bjarg, kjallari, undirbúningur hófst.
- Samkomuhús, hönnun á endurbótum og viðbyggingu, boðið út í mars 2003, verklok lok árs 2003.
- Síðuskóli, hönnun á viðbyggingu, íþróttahúsi og lóð, verður boðið út í mars 2003, verklok 2004.
- Sundlaug Akureyrar, stytting á laugarkari, pottasvæði og vaktturn. Verklök 2003.
- Viðilundur, stækkun á bifreiðastæðum, lokið á árinu.

Viðhald og endurbætur

Mikilvægur hluti af starfi FA er viðhald og endurbætur húseigna. Unnin var viðhaldsáætlun fyrir byggingar í umsja Fasteigna í upphafi árs. Mörg verkefni biðu úrlausnar. Á árinu 2002 voru sett í forgang verkefni tengd ástandi utanhúss svo sem múrviðgerðir, málun, viðgerðir vegna lekavandamála og framkvæmdir við lóðir, einnig yfirferð og lagfæringar á loftræstikerfum í byggingum, uppsetning á mótuneytiseldhúsi í Glerárskóla og Ráðhúsi og endurbætur voru gerðar á snyrtingu á Hlíð. Áætlað var að 150 milljónir kr. yrði ráðstafað í viðhaldsverkefni og verkefni því tengd eða um 26% af húsaleigutekjum. Það er rúmlega 1.5% af byggingarkostnaði húsnæðisins. Niðurstaða ársins varð nokkru lægri eða um 113 milljónum sem var ráðstafað í viðhaldsverkefni á árinu. Skýringin er að hluti af framkvæmdum ársins voru endurbætur og hluti af verkefnum færðist fram yfir áramót.

Fasteignir Akureyrarbæjar óskuðu eftir tilboðum í ófyrirséð viðhald og hluta til fyrirséð viðhald sem verkkaupi ákveður að bjóða ekki út sérstaklega. Í þessu útboði var óskað eftir tilboði í einingaverð kr. í hverja unna klst. Samtals bárust 55 tilboð. Einingaverð í tímavinnu var breytilegt eftir iðngreinum og mikil breidd var í tilboðum. Ákveðið var að semja við tvo af hverju fagsviði nema í trésmíði þar var samið við þrjá. Samið var til tveggja ára frá og með 12. mars 2002. Reynsla af þessu fyrirkomulagi hefur verið mjög góð. Samhliða útboðinu voru teknar upp verkbeiðnir.

Til að ná fram hagstæðari verðum á innkaupum á efni, voru gerðar verðkannanir síðast liðið vor og snemma sumars. Í öllu tilfellum náðist fram veruleg lækking í efniskostnaði. Þá var boðin út málun og múrviðgerðir utan húss á mörgum húseignum í eigu félagsins.

Þjónusta og viðhald brunaviðvörðunarkerfa fyrir Fasteignir Akureyrar var boðið út í október. Samið var við lægstbjóðanda um verkið.

Útboð á ræstingu í leikskólum

Fasteignir Akureyrarbæjar buðu út ræstingar í ellefu leikskólum og einum sérskóla í bænum. Í heild eru þetta um 5.200 fm. sem boðnir voru út. Verkefninu var skipt upp í þrjár hluta og ekki var skylda að sami aðilinn byði í þá alla. Sennilega er þetta stærsta útboð sveitarfélags á þessu sviði á Íslandi. Það var fyrirtækið Ræsting og Ráðgjöf sem var Fasteignum Akureyrarbæjar innan handar varðandi undirbúning að þessu verki. Tilgangur útboðsins var að ná fram hagkvæmni í þessum rekstri og um leið að auka möguleika fyrirtækja eða einstaklinga í þessum geira að koma að verkefnum hjá bænum.

Átta tilboð bárust í verkið og var samið við Sjöfn og samningur undirritaður 3. apríl 2002. Verktaki tók við ræstingum 1. maí s.l. Heildarupphæð samnings er um 60 milljónir kr með vsk fyrir þrjú ár. Líklegt er talið að nokkur sparnaður náist með þessu útboði á þessu þriggja ára tímabili.

Sala og rif á eignum

Braggi við Þórsstíg 2 var seldur til brottflutnings á árinu. Veggir voru fjarlægðir þegar hús hafði verið flutt af staðnum. Áhaldahús bæjarins var selt Höldi ehf. 23. október 2002, en undaskilið í þeirri sölu var spilda norðan af lóðinni um 918 m². Söluverð á Þórsstígs 2 er kr. 18 milljónir.

Helstu húseignir sem voru rifnar eða seldar til brottflutnings á árinu eru Hjalteyrargata 1, einbýlishúsin við Brekkugötu 21, Hlíð og Brún, Strandgata 35 B, leikvallarhús við Oddeyrarskóla, Norðurbyggð og Lönguhlíð, útihús við Þingvelli, útihús við Litlagarö, lítill skúr á Glerárholti og bensínafgreiðsluskúr á Krókeyri.

Lausafé-stofnbúnaður

Settar voru vinnureglur um innkaup á stofnbúnaði á árinu. Reglur voru eru settar til að auðvelda starfsfólki Akureyrarbæjar að flokka hvaða liðir teljist til

- byggingarkostnaðar húss
- stofnbúnaðar
- rekstrar viðkomandi stofnunar.

Mikilvægt er að stofnanir Akureyrarbæjar geri sér grein fyrir því að viðhald á öllum búnaði og minni endurnýjun á að taka af rekstri viðkomandi stofnunar og gjaldfærast því við kaup. Þegar um nýbyggingar er að ræða og/eða meiri háttar endurbætur á eldra húsnæði sjá Fasteignir Akureyrarbæjar um innkaupin í samráði við notendur og fyrir stofnbúnaðinn er greidd leiga. Afskriftatími fer eftir eðli búnaðar og endingartíma. Stofnanir þurfa að áætla fyrir leigu við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Leiguverð á búnaði miðast við afskriftir, fjármagns- og umsýslukostnað. Viðhald á búnaði er hjá stofnunum. Með stærri innkaupum er átt við að ef keypt er nýtt innbú fyrir nýbyggðan skóla, eða stærri endurbætur á húsnæði og búnaður er endurnýjaður í leiðinni.

Á þessu ári hefur verið keyptur stofnbúnaður fyrir Giljaskóla og salinn í Glerárskóla. Kostnaður er um kr. 46 milljónir.



Tækni- og umhverfissvið

Helstu verkefni tækni- og umhverfissviðs eru skipulags- og byggingamál, gatna- og holræismál, garðar og gróður, umhverfismál, náttúruverndarmál, slökkvilið og almenningssamgöngur.

Þegar á heildina er litið hefur starfsemin á tækni- og umhverfissviði gengið með ágætum, þó alltaf megi gera betur.

Starfsmarkmið varðandi framkvæmdir, hvort heldur sem er í skipulagsmálum eða verklegum framkvæmdum náðust að mestu leyti. Gert var átak í skjalvistunarmálum, lokið var við að grísla eldri skjöl, flokka, merkja og koma í geymslu og gera skjalavistunaráætlun. Einnig var með markvissum hætti unnið að því að innleiða skjalvistunar- og hópinnukerfið GoPro. Einnig var tekið upp það verklag að skrá alla bygginganefndaruppdrætti og skanna inn í tölvu og hafin var vinna við gerð og skráningu verkferla.

Árið 2002 er fyrsta heila starfsár framkvæmdamiðstöðvar, en þar er það sem áður hét gatnadeild, sem var til húsa við Þórsstíg og umhverfisdeild sem áður var inni á Krókeyri. Ekki verður annað séð en að sameining hafi tekist með ágætum og samlegðaráhrif mannafla, véla og tækja ásamt húsnæði sé eins og að var stefnt.

Lokið var við að deiliskipuleggja fyrsta og annan áfanga í Naustahverfi, en í þá er áætlað að komi 327 íbúðir. Samfara því var lokið við fyrsta áfanga gatnaframkvæmda og lóðir gerðar byggingahæfar. Er það í fyrsta sinn í langan tíma sem að eins stórt byggingarhverfi eins og hér um ræðir er gert byggingarhæft í einum áfanga. Lóðir í fyrsta áfanga voru auglýstar lausar til úthlutunar og var úthlutað lóðum fyrir 152 íbúðir, eða 96% af heildarmagni í þessum áfanga.

Seinni part ársins 2001 var Hafnarstræti milli Þingvallarstræti og Skipagötu gert að vistgötu og er þetta því fyrsta heila árið götunnar sem slíkt, þ.e. gata, umferðarsvæði, þar sem gangandi umferð hefur forgang fyrir bílaumferð. Þrátt fyrir skiptar skoðanir á bílaumferð í göngugötunni og öðru fyrirkomulagi hennar er talið að gatan hafi lifnað við.

Á árinu var haldið áfram með uppbyggingu fráveitukerfisins í samræmi við lög um fráveitur, en skv. þeim á fráveita að vera komin í það horf eigi síðar en 2005 að hún valdi hvorki sjón- eða gerlamengun, skv. skilgreiningu laga, en í árslok var staðan þannig að lokið er við 42% af heildarverkinu.

Byggingarframkvæmdir hafa ekki verið meiri í bæjarfélaginu síðustu 10 ár, fjöldi íbúða í byggingu aldrei verið meiri, ekki verið fullgerðar jafnmargar íbúðir og hafnar framkvæmdir við jafnmargar íbúðir. Á árinu var úthlutað lóðum fyrir sem svarar 267 íbúðir og er það mesta magn á einu ári fram að þessu. Bróðurparturinn af úthlutaðum lóðum var í Naustahverfi.

Seinni hluta árs var ákveðið að gera úttekt á rekstri slökkviliðsins í samhengi við gerð fjárhagsáætlunar, en undanfarin ár hefur verið töluverð fjárvöntun inn í liðið vegna menntunar liðsmanna og til kaupa á tækjum og búnaði. Í framhaldi af úttektnni var samþykkt að setja í gang vinnu við endurskipulagningu liðsins og var hafist handa við þá vinnu í árslok.

Fyrir mitt ár var gerð úttekt á rekstri SVA en helstu niðurstöður úttektarinnar voru að hagkvæmast væri annað hvort að bjóða reksturinn út eða færa hann undir framkvæmdamiðstöð til að lækka rekstrarkostnað. Í lok ársins var stofnaður vinnuhópur í framkvæmdaráði sem hefur það verkefni með höndum að fara yfir tillögur og skoða aðrar hugmyndir um aukna nýtingu og bættan rekstur.

Auk vinnuhóps um endurskoðun á rekstri SVA var settur á lagginnar vinnuhópur til að endurskoða gatnagerðargjöld en töluverð

umræða hefur verið vegna mismunar á milli gjaldflokka. Einnig var settur á lagginnar vinnuhópur um nýjar hugmyndir um rekstur bílastæðasjóds.

Framkvæmdadeild

Nýframkvæmdir

Til nýframkvæmda á árinu var varið 265,3 milljónum króna en til samanburðar nam sú upphæð 248,2 milljónum króna árið 2001.

Í Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti til norðurs var komið fyrir ymsum götugögnum, svo sem bekkjum, gróðurkerjum og steypum kúlum til afmörkunar akstursleiðar og bifreiðastæða. Lokið var við endurgerð Lækjargötu frá Spítalavegi og upp fyrir Lækjargötu 22. Gata sunnan og vestan Amtsbókasafns, svonefndur Krákustígur, var endurgerður og malbikaður. Hafnarstræti við Samkomuhús var hannað og frágengið til útboðs en framkvæmdum frestað til 2003. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 19,7 milljónir króna.

Nýjar götur sem gerðar voru á árinu eru einkum í Naustahverfi og framlenging Furulundar. Lengd þessara gatna er um 2.000 metrar. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð samtals 64,4 milljónir króna.

Kostnaður við ýmis verkefni nam samtals 29 milljónum króna. Til endurbóta í hesthúsahverfum, nýrra reiðleiða og undirbúnings nýrra gatna í hesthúsahverfum var samtals varið um 16,6 milljónum króna. Til gerðar graseyja, nýrra heimtauga og fleiri tilfallandi verkefna var samtals varið um 12,4 milljónum króna.

Kostnaður við skrifstofu bæjarverkefninga og kortagerð varð samtals 53 milljónir króna.

Malbikun

Í Nesjahverfi var hluti Baldursness, Njarðarness og Freyju-ness malbikaðar. Þá voru Dalsbraut milli Borgarbrautar og Klettaborgar og Lækjargata einnig malbikaðar. Að mestu var lokið við malbikun gangstétta og gerð graseyja við ofantaldar götur. Lengd þessara gatna er samtals 780 m og varð kostnaður um 21,2 milljónir króna. Gangstéttar við Hlíðarbraut milli Baldursness og Krossanesbrautar og við Urðargil voru malbikaðar. Þá voru ýmsir stígar utan gatna, aðallega í Giljahverfi, Síðuhverfi og Lundarhverfi ásamt göngustíg meðfram Glerá sunnan Borgarbrautar, malbikaðir. Kostnaður varð um 31,5 milljónir króna.

Fráveita

Til framkvæmda í fráveitumálum var samtals varið 84,3 milljónum króna.

Til tengingar lagna við dælustöð við Silfurtanga og dælustöðvar var samtals varið 10,5 milljónum króna. Til stofnlagnar frá Glerárbrú meðfram Glerá í átt að væntanlegri hreinsistöð ásamt grjótvörn um lóð hreinsistöðvar var varið um 32,6 milljónum króna. Til eftirlits- og stýrikerfis dælustöðva og yfirfalla var varið um 3,9 milljónum króna.

Til annarra verkefna sem nú eru bókfærð undir fráveitu Akureyrar var varið samtals um 37,3 milljónum króna. Mestu af því var varið vegna skólplagna í Naustahverfi eða um 32,6 milljónum króna. Önnur verkefni voru skólplagnir í Lækjargötu og Krákustíg ásamt nýjum skólplheimtaugum.



Umferðarmál

Fræmmdum við 30 km hverfi var haldið áfram á árinu og voru settar upp hraðahindranir í Holtahverfi, á Oddeyri, á suðurbrekku og í Gerðahverfi I. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 7,1 milljónir króna.

Bifreiðastæðasjóður

Malbikuð voru bifreiðastæði á kostnað bifreiðastæðasjóðs á þremur stöðum, stæði við Urðargil sem er ætlað stórum bifreiðum, stæði á lóð Hafnarstrætis 88b og stæði austan Geislagötu norðan Strandgötu. Kostnaður varð um 8,1 milljón króna.

Viðhald gatna og holræsa

Til viðhalds gatna og holræsa var varið 38,1 milljónum króna þar af 4,3 milljónum kr. vegna þjóðvegjar. Slitlag var m.a. lagt á Krossanesbraut milli Þverholts og Undirhlíðar, Undirhlíð milli Hörgárbrautar og Krossanesbrautar, Hlíðarbraut milli Hörgárbrautar og Krossanesbrautar, Bugðusíðu milli Teigarsíðu og Borgarbrautar og Þingvallastæti og Hlíðarbraut við brú á Glerá við Mól og sand.

Hreinlætismál

Til sorphreinsunar og sorpeyðingar var varið 80,5 milljónum króna, til gatnahreinsunar 15,6 milljónum króna og til reksturs gámasvæðis 5,9 milljónum króna eða samtals 102 milljónum króna. Til reksturs skólþælustöðva var samtals varið 6,3 milljónum króna og til holræsaheinsunar og viðhalds fráveitu var varið 6,1 milljón króna.

Snjómokstur og hálkuvarnir

Árið 2002 var kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir 37,2, en til samanburðar var sá kostnaður 30,3 milljónir króna árið 2001.

Almenningsgarðar og útivist

Lystigarður er grasagarður rekinn á vísindalegum grunni ásamt því að vera skruðgarður. Starfsemin var með venjubundnum hætti árið 2002. Hjá Lystigarðinum eru um 13 sumarstörf. Helstu verkefni voru 1. áfangi nýrrar aðkomu í norðvestur hluta garðsins. Rekstrarkostnaður var 19,1 milljón króna og til framkvæmda var varið 2,5 milljónum króna.

Útivistarsvæði eru þau svæði sem samkvæmt aðalskipulagi eru skilgreind sem útivistarsvæði, skógræktarsvæði og ýmis svæði ætluð til sérstakra nota. Plantað var 18.000 plöntum í Kjarna og Eyrarlandsháls og lokið var við gerð steinbogabruar yfir Brunná. Rekstrarkostnaður var 10,2 milljónir króna og til framkvæmda var varið 2 milljónum króna.

Opin svæði

Græn svæði bæjarins í daglegri hirðingu eru um 120 hektarar lands, sem slegnir eru á 10 — 15 daga fresti og trjá og runnaþéð eru um 9 hektara lands. Í ræktunarstöðinni voru framléidd um 42.000 sumarblóm sem plantað er víðsvegar um bæinn og nokkuð af trjám og runnum til notkunar í bæjarlandinu. Um 46.000 sumarblómum, trjám og runnum var plantað víðsvegar um bæjarlandið. Áfram er haldið uppbyggingu leiksvæða og boltavalla, og jólaskekrytingar voru með svipuðu sniði og fyrri ár. Þjónusta á lóðum stofnana bæjarins s.s. skóla og leikskólalóðum var einnig óbreytt. Helstu framkvæmdaverkefni voru, útplöntun og frágangur við aðveitustöð í Urðargili, áframhaldandi uppbygging á tjaldstæðinu að Hömrum, frágangur við Mýrarveg, leiksvæði við Vættargil, boltavöllur við Skarðshlíð, ásamt smærri verkefnum. Rekstrarkostnaður var 61,3 milljónir króna og til framkvæmda var varið 15,9 milljónum króna.

Ýmis verkefni

Unglingavinna annast sumarvinnu fyrir 13 og 14 ára unglinga ásamt því að gangast fyrir ýmiss konar fræðslu og tómstundastarfi fyrir unglingana. Unglingavinnan hóf starfsemi 3. júní. Alls komu 352 unglingar til vinnu. Mest af vinnu unglinganna felst í hirðingu bæjarins undir stjórn 20 flokkstjóra. Samtals unnu unglingarnir í 36.657 vinnustundir. Rekstrarkostnaður var kr. 27,5 milljónir.

Sumarvinna fatlaðs skólafólks annast sumarvinnu fyrir þá einstaklinga sem vegna fötlunar geta ekki stundað vinnu á almennum vinnumarkaði. Í sérstökum vinnuflokki sem hafði aðsetur að Hömrum störfuðu 16 fatlaðir einstaklingar við ýmis verkefni s.s. slátt, rakstur, þökulagnir og hreinsun trjá- og runnabeða. Auk þeirra störfuð 11 einstaklingar hjá ýmsum stofnunum bæjarins. Rekstrarkostnaður var 4,5 milljónir króna.

Sumarvinna 16 ára annast atvinnuskapandi verkefni fyrir 16 ára unglinga. Hver unglingur fékk vinnu í 6 vikur. Vinnan felst aðallega í hirðingu bæjarins og vinnu hjá ýmsum félögum og stofnunum. Alls komu 122 unglingar til vinnu sem er mikil aukning frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður var 13,7 milljónir króna.

Jarðeignir og dýraeftirlit

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit annast eftirlit og skráningu vegna hunda og annarra gæludýra, hefur umsjón með hunda-hreinsun í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Annast eyðingu meindýra, rotta, vargfugls, refa og minka o.fl. Starfsemin var með hefðbundnum hætti árið 2002 og var rekstrarkostnaður 4,4 milljónir króna.

Jarðeignir og búfjáreftirlit annast umsjón með búfjárhaldi og leigulöndum bæjarins ásamt fjallgirðingu, fjallskilum, varnir gegn riðu og forðagæslu. Haldið var áfram að girða leigulönd í bænum og færanleg fjárrétt var tekin í notkun. Rekstrarkostnaður var 5,5 milljónir króna og til framkvæmda var varið 1,6 milljónum króna.

Tjaldsvæði

Rekstur tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti er bundinn sérstökum samningi við Skátafélagið Klakk. Félagið annaðist einnig rekstur nýs tjaldsvæðis að Hömrum. Samtals voru gistinætur um 24.871, á svæðinu við Þórunnarstræti um 18.591 og á Hömrum um 6.280. Til framkvæmda við uppbyggingu að Hömrum var varið 7,2 milljónum króna.

Strætisvagnar Akureyar, SVA

Á árinu voru gerðar breytingar á leiðarkefi þannig að kvöld- og helgarakstur var styttr um klukkustund og leiðir 5 og 6 felldar niður mánuðina júní til og með september.

Aukavagn á morgnanna vegna framhaldsskólana var felldur niður í febrúar vegna lítillar notkunar en byrjaði aftur akstur 1. september eins og undanfarin ár. Aukaferðir fyrir grunnskóla vegna ferða á söfn eða útivistardaga voru 35 ferðir. Tveir elstu strætisvagnarnir voru seldir á árinu og eru nú 5 vagnar á vegum SVA. Mest eru 4 vagnar í notkun milli 7:30 til 8:30 síðan er 3 vagnar til kl 19.00. Starfsmenn SVA og ferliþjónustu sóttu námskeið í skyndihjál og námskeið í viðbrögðum við flogaköstum og tengdum sjúkdómum.

Nemendum í grunnskólum sem þurfa að nota ferliþjónustu hefur fjölgað nokkuð og voru 3 bílar frá kl. 7:30 til kl. 8:00 við flutning skólubarna í skóla og er ferðatími sumra barna orðinn nokkuð langur. Ferliþjónustan hefur 3 bíla til umræða en þegar skólum lýkur er einum lagt til 1. september. Akstur um helgar vegna fatlaðra hefur verið keyptur af BSO samkvæmt samkomu-



Strætisvagnar Akureyrar og Ferliþjónusta

Strætisvagnar	Árið 2000	Árið 2001	Árið 2002
Farþegafjöldi	200.000	175.000	175.000
Ekniir km	240.000	240.000	226.000
Ekið í klst.	11.480	11.480	10.477
Farþegar á km	0,83	0,73	0,78
Farþegar á klst.	17,42	15,25	16,71
Fjöldi vagna	3 / 2	3 / 2	3 / 2
Fjöldi biðskýla	40	41	41
Rekstrarkjör	10,300,000	10,700,000	10,772,000
Rekstrargjöld	35,300,000	41,900,000	49,378,000
Framlag	25,000,000	31,200,000	38,060,000
Kostnaður á km	104	130	170
Kostnaður á íbúa	1,623	1,995	2,438
Ferliþjónusta			
Ferðafjöldi	14.000	17.000	17.000
Farþegafjöldi		49.000	50.000
Rekstrarkjör	3,370,000	4,000,000	5,368
Rekstrargjöld	14,200,000	14,700,000	20,339
Framlag	10,830,000	10,700,000	14,971
Kostnaður á íbúa	703	684	947

lagi og eru það um 40 ferðir á mánuði.

Úttekt var gerð á almenningssamgöngum og akstri á vegum bæjarins og í framhaldi var skipuð nefnd til að fara yfir þau mál. Rekstrarkostnaður SVA og ferliþjónustu varð nokkuð meiri en gert var ráð fyrir í áætlun og var það aðallega vegna aukins akstur, hærra olíuvers og kostnaðarliða sem ekki voru á áætlun svo sem húsaleiga. Þegar skoðaður er samanburður milli ára þarf að hafa í huga að stofnunin er nú í B-hluta og eru því kostnaðarliðir svo sem sameiginlegur skrifstofukostnaður í ráðhúsi og annar kostnaður færðir til gjalda hjá SVA kr. 4.783.000

Slökkvilið Akureyrar


Á árinu 2002 voru 145 útköll hjá Slökkviliði Akureyrar þar af eitt vegna aðstoðar við annað slökkvilið. Árið áður voru útköllin 156 talsins. Enginn stórbruni varð á árinu á svæði Slökkviliðs Akureyrar og ekkert manntjón.

Sjúkraútköll voru alls 1.195 á árinu 2002 þar af 159 utanbæjar en voru 1.167 þar af 133 utanbæjar árið áður. 53 sjúkraflutningar voru út fyrir svæði heilsugæslustöðvarinnar, mest millistofnana flutningar. Af þessum 1.195 sjúkraútköllum voru 299 bráðatilfelli (276 árið áður). 13 sinnum var björgunarbíllinn (klippubíll) kallaður út.


Á árinu fóru sjúkraflutningsmenn í 188 sjúkraflug (166 árið áður) aðallega með flugvélum Flugfélags Íslands, þar af 181 (158) innanlands og 7 (8) erlendis.

Eldvarnareftirlitið skoðaði fleiri en 140 húseignir á árinu. Skráningarskýrslur voru alls 41 þar af 23 nýskráningar (og af þeim 8 utan Akureyrar). Í desember var haldin eldvarnarfræðsla fyrir öll börn í 3. bekk í grunnskólum Akureyrar, Þelamerkurskóla, Valsárskóla og Hrafnagilsskóla, alls tæplega 400 börn. Þar voru kynntar eldvarnir á heimilum og kennd rétt viðbrögð. Alls sóttu yfir 150 starfsmenn fyrirtækja og stofnana fræðslu í meðferð handslökkvitækja og réttum viðbrögðum við eldsvoða.


Fjöldi brunaútkalla




Tjón af eldi




Tími útkalla



Sjúkraútköll



Útköll vegna sjúkraflugs



Umhverfisdeild

Umhverfisdeild hefur með eftirtalda málaflokka að gera: Skipulagsmál, byggingareftirlit og fasteignaskráningu, umferðarmál, LUKA, Staðardagskrá 21 og náttúruverndarmál.

Nánari upplýsingar um starfsemi deildarinnar ásamt almennum upplýsingum um lausar lóðir, gjaldskrár, allar auglýstar skipulagsbreytingar deiliskipulagsupprætti, sem unnir hafa verið á tölvutæku formi, aðalskipulag Akureyrar, upprætti og greinargerðir, er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Starfsmenn deildarinnar í fullu starfi voru 7 og þar að auki var einn sumarflæysingarmaður, verkefnastjóri Staðardagskrá 21 í hlutastarfi og aðkeyptur ráðgjafi vegna endurskoðunar á stígakerfi.

Starfsemi deildarinnar var rekin innan ramma fjárhagsáætlunar. Kostnaður við reksturinn var 58,3 milljónir króna og tekjur umfram áætlun 12,8 milljónir.

Umhverfisráð og embætti skipulags- og byggingafulltrúa hafa á árinu 2002 fjallað um og bókað 814 mál, þar af eru afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa 466 mál eða 57,2 %. Ef miðað er við afgreidd mál án lóðarumsókna þá hafa umhverfisráð og skipulags- og byggingafulltrúi afgreitt samtals 646 mál, þar af eru mál afgreidd af byggingafulltrúa 392 eða 61% mála.

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra hélt á árinu 4. fundi og bókanir voru 10.

Yfirlit yfir fjölda bókana

	1998*	1999*	2000*	2001	2002
Fjöldi bókaðra mála hjá bygginganefnd*/umhverfisráði	257	159	337	276	348
Þar af lóðarumsóknir	181	97	108	109	94
Fjöldi bókaðra mála afgreidd af byggingafulltrúa	152	289	266	390	466
Þar af lóðarumsóknir					74
Fjöldi mála hjá Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra	7	18	20	12	10

Skipulagsmál

Skipulagsmál eru flokkuð í tvennt, aðalskipulag og deiliskipulag. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 31,5 milljónir króna.

Aðalskipulag

Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á gildandi aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018. Breytingarnar voru unnar af starfsfólki deildarinnar.

Deiliskipulag

Deiliskipulag er unnið undir stjórn starfsmanna deildarinnar af ráðgjöfum eða byggingaraðilum. Öll skipulagsvinna sem unnin er utan deildar er undir yfirumsjón umhverfisdeildar. Auk þessara deiliskipulagsverkefna voru framkvæmdar 26 grenndarkynningar á árinu en þær voru 18 á árinu 2001.

Aðalskipulag Akureyrarbæjar

Verkefni		Í vinnslu á árinu	Lokið á árinu
Aðalskipulag	Endurskoðun	X	
Hlíðarfjall	Reiðleið o.fl.		X
Glerárdalur	„Go-kart“ braut		X
Víðilundur	Bílastæði við Víðilund 18-22	X	
Kiðagil 1	Fjölbylishúsareitur	X	
Næturlúbbur	Nýtt ákvæði	X	
Tröllagil	Leikskóli og lóðarstækkun	X	
Síðuskóli	Lóðarstækkun	X	
Furulundur	Athafnasvæði í íbúðarsvæði		X
Giljahverfi	Verlunarlóðir við og í hverfinu	X	

Deiliskipulag

Verkefni		Í vinnslu á árinu	Lokið á árinu
Sandgerðisbót	Endurskoðun á deiliskipulagi	X	
Hlíðarfjall	Bílastæði við Skíðastaði	X	
Fiskihöfn	Endurskoðun og breytingar	X	
Krossaneshagi	Endurskoðun á iðnaðarhverfi	X	
Þétting byggðar	Frumathugun	X	
Naustahverfi	1. áfangi		X
Lindar-, Bugðu- og Arnarsíða	Íbúðarsvæði	X	
Klettaborg	Endurskoðun á deiliskipulagi		X
Höepfner	Skemmtibátahöfn		X
Víðilundur 18-22	Bílastæði	X	
Giljahverfi	Verlunarlóðir	X	
Skálateigur	Íbúðarsvæði		X
Naust III	Safnasvæði		X
Lindarsíða	Íbúðarsvæði		X
Lóð Kjarnalundar	Félagsheimili o.fl.	X	
Lóð Síðuskóla og nágrenni	Íþróttahús og viðbygging	X	
Lóð Brekkuskóla og nágrenni	Viðbygging við Brekkusk. o.fl.	X	
Búðargil	Orlofshús	X	
Tröllagil 29	Lóðarstækkun, leikskóli	X	
Sunnan Reynilundar	Íbúðarsvæði	X	
Óshólmar Eyjafjarðarár	Samvinnuverkefni m. Eyjafjarðarsveit	X	
Glerárg.-Tryggvabr.-Hvannav.	Hugmyndavinnna	X	
Merkigil	Raðhúsaloðir	X	
Kiðagil	Fjölbylishúsareitur	X	
Furulundur	Raðhúsareitur		X
Lindarsíða	Íbúðarsvæði	X	

Einnig var unnin á árinu endurskoðun á stígakerfi bæjarins og 1. áfangi skógræktarskipulags norðan Glerár.





Byggingareftirlit

Starfsemi eftirlitsins var með hefðbundnu sniði. Afgreidd voru 466 mál er vörðuðu byggingarleyfi húsa, breytingar á húsum, byggingarstjóra og iðnmeistara. Skráðar úttektir sem farnar voru á byggingarstaði 2002 voru 1.033 á móti 893 árið 2001 og eru þá ótaldar óskráðar skoðanir, stöðu- og lokaúttektir á húsum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 18,7 milljónir kr.

Íbúðarhúsnæði				
	Samtals íbúðir	Einbýli	Íbúðir í raðhúsum	Íbúðir í fjölbyli
Hafin bygging á árinu	181(117)*	26(20)	71(16)	84(81)
Fullgert á árinu	152(112)	13(11)	7(53)	132(48)
Fokhelt á árinu	126(118)	24(22)	50(24)	52(72)
Í smíðum í árslok	236(207)	51(39)	88(24)	97(145)

*Tölur innan sviga eru frá fyrra ári

Íbúðarhúsnæði samanburður											
	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Í byggingu á árinu	325	247	198	184	181	202	209	279	260	320	388
Fokhelt í árslok	119	101	70	62	51	87	77	78	150	155	128
Ekki fokh. í árslok	75	54	47	54	47	63	51	117	52	53	108
Hafin bygg. á árinu	112	53	43	67	65	104	59	151	65	118	181
Fullgert á árinu	132	92	81	74	83	52	80	84	58	112	152

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði sem byrjað var árið 2002		
Tegund	m ²	m ³
Landbúnaður	144	544
Fiskiðnaður	734	4110
Vörugæmslur/geymar	0	0
Vinnsla búsafurða	0	0
Iðnaður	652	2.222
Verslun	0	0
Veitinga- og gistihús	4.659	13.406
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Önnur þjónustustarfsemi	121	450
Félagsleg starfsemi	488	1.739
Opinber starfsemi	10.209	112.661
Samtals	17007 m²	135132 m³

Auk þessa hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Umferðarmál

Á árinu var haldið áfram framkvæmdum við „30 km hverfi“. Unnið var við frágang á 30 km hverfum á Oddeyri, á Suður-brekku, Ytri brekku og í Holtahverfi. Mælingar sýna að þessar aðgerðir hafa almennt skilað árangri, sérstaklega hvað snertir þá sem hraðast aka og eru þar af leiðandi hættulegastir í umferðinni. Markmið umhverfisráðs er það að í framtíðinni verði öll íbúðahverfi „30 km hverfi“.

Umhverfisráð stóð einnig eins og undanfarin ár fyrir umferðarfræðslu 5-6 ára barna í samvinnu við Umferðarráð og lögreglu. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 63,6 þús kr.

Staðardagskrá 21

— náttúru- og gróðurvernd

Á árinu var unnið áfram samkvæmt framkvæmdaáætlun 1. útgáfu Staðardagskrár 21 fyrir Akureyri. Samkvæmt áætluninni átti að vera lokið við 35 verk í árslok 2002, sem er helmingur heildarfjölda verka í framkvæmdaáætluninni.

Landsráðstefna Staðardagskrár 21 á Íslandi var haldin á Akureyri í febrúar. Þetta var 5. ráðstefnan af slíku tagi og var þátt-takan sú mesta til þessa, um 100 manns. Náttúruverndarnefnd hafði frumkvæði að ráðstefnunni “Umhverfið í Eyjafirði — þekkj-um við ábyrgð okkar á því?”, sem haldin var í október. Hún var fjölsótt.

Á árinu var unnið að deiliskipulagi óshólma Eyjafjarðarar og út kom skýrsla um framburð Eyjafjarðarar og efnistöku á Leirunum. Friðlýsing Krossanesborga var á dagskrá og var Náttúruvernd ríkis-ins skrifað um það mál. Náttúruvernd ríkisins var gerð grein fyrir eignum í hirðuleysi, sbr. lög um náttúruvernd.

Náttúruverndarnefnd veitti tvisvar umsögn um beiðni til efnis-töku í bæjarlandinu, skv. lögum um náttúruvernd. Nefndin átti aðild að umsögnum um þrjú lagaframvörp. Þá gerði nefndin eina athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi og veitti umsögn um annað skipulagsmál. Í hvorugt skiptið voru sjónarmið nefndarinnar tekin til greina.

Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 3,7 milljónir króna.





Norðurorka

Fjármál

Tekjur veitunnar hækkuðu nokkuð frá fyrra ári þrátt fyrir verulega lækkun á gjaldskrá heita vatnsins 1. janúar 2002 og urðu nokkru hærrí en áætlað var. Heildartekjur ársins 2002 voru 1.260 milljónir króna. Þar af voru tekjur af heitavatnssölu 510 milljónir, tekjur af raforkusölu 581 milljón og af vatnssölu 169 milljónir.

Gjaldskrá vatnsveitu lækkaði 1. janúar og 8% lækkun var ákveðin frá og með áramótum 2001-2002 á gjaldskrá hitaveitu. Gjaldskrá rafveitu var hækkuð um 3% þann 1. ágúst og var það gert til að mæta hækkun á innkaupsverði raforku frá Landsvirkjun, en um tveir þriðju hlutar af tekjum vegna raforkusölu fara til greiðslu á raforkukaupum frá Landsvirkjun.

Í lok ársins var tekið lán að upphæð um 300 milljónir króna hjá Norræna fjárfestingabankanum. Lánið, sem er samsett til helminga úr íslenskum krónum og japönskum jenum, telst mjög hagstætt og greiðist upp á næstu 10 árum. Lánið var tekið bæði til að fjármagna borun við Hjalteyri og aðrar þær framkvæmdir sem ákveðið var að ráðast í til viðbótar áður áætluðum framkvæmdum á árinu og til að fjármagna miklar fyrirsjáanlegar framkvæmdir á árinu 2003. Þar má nefna lagningu aðveitu frá Hjalteyri og greiðslu á hlut Norðurorku vegna borunar á Þeistareykjum sumarið 2002. Þess má geta að þetta lán er það fyrsta sem tekið er til framkvæmda á vegum veitunnar síðan snemma á níunda áratug síðustu aldar. Afborganir af lánum námu 252 milljónum króna. Erlend lán veitunnar lækkuðu í krónum talið vegna verulegrar gengishækkunar íslensku krónunnar. Vextir á erlendum lánum héldu áfram að lækka og eru nú afar hagstæðir.


Rekstur

Rekstrargjöld urðu nokkru hærrí en áætlað var. Áframhald varð á vandamálum er tengdust nýju innheimtakerfi og einkum gekk erfiðlega að ljúka uppgjöri við viðskiptavinum í janúar. Hluti af þessum vanda stafar af því að samhlíða upptöku nýs kerfis var verið að innleiða nýja þjónustu á ýmsum sviðum. Þó þetta sé nefnt hér er það ekki vegna þess að neitt óeðlilegt hafi verið á ferðinni eða að þjónusta seljanda innheimtakerfisins hafi brugðist. Fremur er um að ræða hluti sem því miður gerast nánast undantekningarlaust við þróun og innleiðingu nýrra forrita og tölvukerfa.


Vandamál á vinnslusvæðinu á Þelamörk ollu verulegum vanda

og kostnaði í hluta dreifikerfis hitaveitu. Vandamálið tengist einnig bakrásarkerfi veitunnar og kemur einkum fram þegar dæling frá Þelamörk er stöðvuð og síðan hafin á ný.

Skípt var um dælu í borholu LN-12 á Laugalandi. Dælan í holu BN-1 að Botni var fjarlægð. Þessi hola er mjög þröng og dælu endast illa í henni. Í staðinn var sett yfirborðsdæla við holuna sem dælir frá henni því sjálfrennslu sem upp kemur og er um 1 l/s. Hola 10 á Laugalandi á Þelamörk sýndi undarlega hegðun og virðist vatnsgæfni hennar hafa minkað nokkuð. Gripið var til þess ráðs á haustdögum að sikkja dæluna í holunni og er hún nú á 280 metra dýpi. Það er, að því best er vit-



Á árinu varð 0,7% aukning á notkun rafmagns á forgangskraft. Þessi aukning hefði átt að vera meiri miðað við tengdar neysluveitur en ástæðan er að margir viðskiptavinir tengdust hitaveitu og hættu að nota rafmagn til húshitunar.



Á árinu varð 4,3% aukning á notkun á heitu vatni, sem er fyrst og fremst vegna tengingar nýrra neysluveitna. Einnig komu nýjar veitur inn í lok ársins vegna markaðsátaks.



að, mesta dýpi „öxuldælu“ í borholu héraendis. Þessi aðgerð skilaði nokkrum árangri. Helst er álitíð að einhvers konar stífla sé í holunni en ekki verða gerðar tilraunir til að finna út úr því að sinni. Með síkkun dælnnar er vonast til að þurfa ekki að grípa til olíuhitunar á útmánuðum næsta árs.

Febrúar 2002 var kaldasti febrúar frá því að hitaveita Akureyrar hóf rekstur og þurfti að grípa til svartolíuketils. Þess er vænst að þegar aðveitulögn frá jarðhitasvæðinu við Hjalteyri verður tekin í notkun þurfi aðeins að grípa til ketilsins í bilanatilfellum. Einnig er gert ráð fyrir að hætta rafhitun vatns að mestu.

Engin áföll urðu í rekstri vatnsveitukerfis og var rekstur þess í heildina innan marka. Rekstur á heimæðum var þó þyngri en gert var ráð fyrir.


Rekstur rafveitu fór aðeins fram úr áætlun, einkum vegna þess að kostnaður við lögbundnar skoðanir og endurbætur þeirra vegna var vanmetinn. Skoðunarferlið er hluti af öryggisstjórnunarkerfi rafveitukerfisins sem veitan hefur fengið viðurkennt af Löggildingarstofu. Vegna innleiðingar öryggisstjórnunarkerfisins má gera ráð fyrir að kostnaður við rekstur aukist nokkuð á meðan fyrsta umferð skoðunarferlisins gengur yfir. Gert er ráð fyrir að skoðunarferlið taki 10 ár og að fyrstu umferð ljúki 2010.

Framkvæmdir



Gott samstarf tókst við Arnarneshrepp um jarðhitaleit, jarðhitaréttindi og virkjun jarðhita í sveitarfélaginu. Í framhaldinu var ákveðið að bora rannsóknar- og vinnsluholu við Hjalteyri. Árangur borunarinnar varð framár vonum þegar mikið magn af um 87°C heitu vatni fannst.

Allar líkur benda til að þarna sé fundinn orkuforði sem duga muni fyrir söluaukningu á hitaveitusvæði Norðurorku í mörg ár, miklu fleiri en áður hefur gerst í 25 ára sögu veitunnar.

Aðrar framkvæmdir hjá fyrirtækinu voru verulega meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Meðal annars var lagt dreifikerfi hitaveitu á Hjalteyri og í norðurhluta Eyjafjarðarsveitar norðan Knarrarbergs. Þá voru lögð dreifikerfi í nýtt íbúðarhverfi á Akureyri, Naustahverfi, auk annarra framkvæmda á nýbyggingarsvæðum í bænum.



Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á köldu vatni í rúmmetrum á mánuði. Neðri hlutinn sýnir vatn frá vatnslindum í Hlíðarfjalli og Glerárdal. Efri hlutinn sýnir það vatn sem dælt er frá Vöglum. Eins og sést á myndinni kemur mest af köldu vatni úr lindum í fjallinu fyrir ofan Akureyri og er það ómetanleg auðlind. Línan á myndinni sýnir meðalrennsli í rúmmetrum á mánuði af vatni ef það er jafnað út yfir árið.







Atvinnumálanefnd

Að venju kom fjöldi mála inn á borð atvinnumála-nefndar. Unnið var ötullega að undirbúningi markaðssetningar á fyrirtækjamaðkaði með það fyrir augum að laða ný fyrirtæki til bæjarins, efla þau sem fyrir eru og fjölga þannig störfum. Einnig var haldið áfram með markaðssetningu á einstaklingsmaðkaði undir kjörorðunum „Akureyri - öll lífsins gæði“.

Gallup gerði könnun á lífskjörum og viðhorfum Akureyringa árið 2000 og í september árið 2002 var aftur farið af stað til að fá raunhæfan samanburð. Við birtum hér til fróðleiks og gamans nokkrar forvitnilegar niðurstöður úr rannsókninni.






Fyrirtæki ársins

Að þessu sinni voru 13 fyrirtæki tilnefnd sem fyrirtæki ársins og hefðu þau öll verið vel að nafnbótinni komin. Eftir miklar bollalaggingar var ákveðið að sæma Eignarhaldsfélagið Greifann á Akureyri titlinum fyrir árið 2002. Viðurkenningin var veitt fyrir þróttmikið starf fyrirtækisins. Í upphafi var það veitingastaður en er nú að auki umsvifamikið í rekstri hótela og veitingasölu um allt land. Einnig hafa eigendur félagsins verið þátttakendur í rekstri Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Það fyrirtæki sem hlaut viðurkenningu fyrir sérstakt framtak í atvinnulífinu var JMJ. Saga fyrirtækisins er alllöng eða hartnær 60 ár. Sá einstaklingur sem hlaut viðurkenningu fyrir frumkvæði og áræði í starfi var Baldur Örn Guðnason, framkvæmdastjóri Sjafnar hf. og Mjallar hf.



Viðhorf til ýmissa þátta tengdum búsetu á Akureyri (á skalanum 1-5)?







Akureyrarbær

Bæjarsjóður og bæjarfyrirtæki

Ársreikning 2002 ásamt skýringum er að finna í heild sinni á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is

Ársreikningur 2002





Rekstrarreikningur ársins 2002

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2002	Áætlun	2002	Áætlun
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur	3.301.049	3.225.000	3.280.219	3.225.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	401.226	350.000	401.226	350.000
Aðrar tekjur	1.600.824	1.660.353	3.996.853	4.101.598
	<u>5.303.099</u>	<u>5.235.353</u>	<u>7.678.298</u>	<u>7.676.598</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	3.488.570	3.018.673	4.557.385	3.943.796
Annar rekstrarkostnaður	1.847.743	1.958.523	2.491.001	2.746.490
Afskriftir	230.406	227.759	873.133	879.245
	<u>5.566.719</u>	<u>5.204.955</u>	<u>7.921.519</u>	<u>7.569.531</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(263.620)	30.398	(243.221)	107.067
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>212.187</u>	<u>28.547</u>	<u>224.067</u>	<u>(118.411)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	<u><u>(51.433)</u></u>	<u><u>58.945</u></u>	<u><u>(19.154)</u></u>	<u><u>(11.344)</u></u>



Efnahagsreikningur

Eignir

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2002	2001	2002	2001
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	6.431.827	5.602.946	8.189.037	7.341.300
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	84.881		4.924.657	5.068.094
Vélar, áhöld og tæki	273.281	247.218	410.419	401.035
	<u>6.789.989</u>	<u>5.850.164</u>	<u>13.524.113</u>	<u>12.810.429</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum	2.078.020	2.085.737	2.342.261	2.318.756
Langtímakröfur	1.147.181	1.183.073	169.225	282.819
	<u>3.225.201</u>	<u>3.268.810</u>	<u>2.511.486</u>	<u>2.601.575</u>
Fastafjármunir	<u>10.015.190</u>	<u>9.118.974</u>	<u>16.035.599</u>	<u>15.412.004</u>
Veltufjármunir:				
Birgðir	53.261	42.457	106.963	86.881
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	449.025	433.195	624.522	678.543
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	274.243	394.268		
Næsta árs afborganir af langtímakröfum	157.251	114.241	94.371	52.979
Aðrar skammtímakröfur	199.571	17.855	367.844	146.623
Handbært fé	7.282	189.774	627.027	841.133
Veltufjármunir	<u>1.140.633</u>	<u>1.191.790</u>	<u>1.820.727</u>	<u>1.806.159</u>
Eignir samtals	<u>11.155.823</u>	<u>10.310.764</u>	<u>17.856.326</u>	<u>17.218.163</u>



31. desember 2002

Eigið fé og skuldir

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2002	2001	2002	2001
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	4.761.268	4.812.701	7.002.788	7.021.941
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar	3.200.200	2.778.800	3.816.700	3.317.000
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	1.701.475	1.736.539	5.326.583	5.538.162
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	159.170	83.770	159.170	83.770
Viðskiptaskuldir	443.402	256.285	443.402	256.285
Skuldir við eigin fyrirtæki	297.704	148.211		
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	110.134	91.449	440.031	424.937
Fyrirfram innheimtar tekjur	114.223		114.223	
Aðrar skammtímaskuldir	368.247	403.009	553.429	576.068
	1.492.880	982.724	1.710.255	1.341.060
Skuldir og skuldbindingar samtals	6.394.555	5.498.063	10.853.538	10.196.222
Eigið fé og skuldir samtals	11.155.823	10.310.764	17.856.326	17.218.163



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2002

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2002	Áætlun	2002	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:				
Rekstrarmiðurstaða ársins (neikvæð)	(51.433)	58.945	(19.154)	(11.344)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Hagnaður af sölu eigna	(1.174)		(1.540)	
Afskriftir	230.406	227.759	873.133	879.245
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda og -krafna	(104.836)		(303.181)	
Breyting skuldbindinga	456.441		546.888	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Veltufé frá rekstri	529.404	286.704	1.096.146	867.901
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, (hækkun) lækkun	(10.804)	5.000	(20.082)	5.000
Skammtímakröfur, (hækkun)	(197.547)	(22.800)	(162.103)	(18.800)
Skammtímaskuldur, (lækkun) hækkun	(55.910)	39.564	(45.175)	40.764
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(264.261)	21.764	(227.360)	26.964
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri	265.143	308.468	868.786	894.865
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.171.324)	(957.750)	(1.593.781)	(1.465.970)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	2.269		8.505	
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum	(1.282)	(7.200)	(79.872)	(80.623)
Söluverð eignarhluta í félögum	9.000			
Langtímakröfur, breyting	17.844	75.074	126.212	6.690
Skammtímakröfur, (hækkun)			(615)	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar	(1.143.493)	(889.876)	(1.539.551)	(1.539.903)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fjármögnunarhreyfingar:				
Afborgun lífeyrisskuldbindingar	(35.041)		(47.188)	
Tekin ný langtímalán	150.000	222.173	573.141	580.673
Afborganir langtímalána	(86.506)	(91.449)	(464.089)	(460.669)
Fyrirfram innheimtar tekjur	114.223		114.223	
Viðskiptareikningar eigin fyrirtækja, breyting	269.519	48.351		
Skammtímalán, hækkun	283.663		280.572	5.000
Framlög frá eigin sjóðum		500.000		
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fjármögnunarhreyfingar	695.858	679.075	456.659	125.004
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(182.492)	97.667	(214.106)	(520.034)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Handbært fé í ársbyrjun	189.774	189.774	841.133	836.203
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Handbært fé í árslok	7.282	287.441	627.027	316.169
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
<i>Í hlutfalli við rekstrartekju</i>				
Laun og launatengd gjöld	65,8%	57,7%	59,4%	51,4%
Laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga	57,2%	57,1%	52,2%	51,0%
Annar rekstrarkostnaður	34,8%	37,4%	32,4%	35,8%
Fjármagnsliðir, nettó	(4,0%)	(0,5%)	(2,9%)	1,5%
Rekstrargjöld	96,6%	94,6%	88,9%	88,7%
Rekstrarniðurstaða	(1,0%)	1,1 %	(0,2%)	(0,1%)
<i>Í þúsundum krónum á íbú.</i>				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	234	226	232	226
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	101	105	252	259
Tekjur samtals	335	331	484	485
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir	338	327	486	485
Rekstrarniðurstaða	(3)	4	(2)	0
Eignir	704	651	1.127	1.087
Eigið fé	301	304	442	443
Skuldir	404	347	685	644
<i>Aðrar lykiltölur</i>				
Veltufjárhlutfall.....	0,76	1,21	1,06	1,35
Eiginfjárhlutfall.....	0,43	0,47	0,39	0,41
Breyting á íbúafjölda:	2002	2001	2002	2001
Íbúafjöldi 1. desember	15.838	15.635	15.838	15.635



Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2002

Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Bæjarráð:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir
(áheyrnarfulltrúi)

Bæjarstjóri:

Kristján Þór Júlíusson

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Birgir Björn Svavarsson
Hermann Óskarsson

Fastanefndir

Atvinnumálanefnd:

Bjarni Jónasson
Guðmundur Ó Guðmundsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Ingi Rúnar Eðvarðsson

Umhverfisráð:

Guðmundur Jóhannsson
Stefán Jónsson
Þórarinn B. Jónsson
Haraldur Sveinbjörn Helgason
Jón Ingi Cæsarsson

Félagsmálaráð:

Jakob Björnsson
Þóra Ákadóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Sigurveig Sumarrós Bergsteinsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson, varaform.
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Íþrótta- og tómstundaráð:

Guðný Jóhannesdóttir
Steingrímur Birgisson
Eygló Birgisdóttir
Nói Björnsson
Sigrún Stefánsdóttir

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Björn Snæbjörnsson
Elín M. Hallgrímsdóttir
Alfreð Almarsson
Tryggvi Þór Gunnarsson
Þorlákur Axel Jónsson

Kjarasamninganefnd:

Þórarinn B. Jónsson
Jóhann Sigurjónsson
Ágúst Hilmarsson

Kjörstjórn:

Bergur Guðmundsson
Páll H. Jónsson
Helga Guðrún Eymundsdóttir

Menningarmálanefnd:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Helgi Vilberg Hermannsson
Ágúst Hilmarsson
Jón Erlendsson

Skólanefnd:

Jón Kr. Sólmes
Gerður Jónsdóttir
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Hermann Jón Tómasson

Stjórn Norðurorku:

Páll Tómasson
Hákon Hákonarson
Sigurður Hermannsson
Viðir Benediktsson
Kristín Sigfúsdóttir

**Náttúruverndarnefnd:**

Ingimar Eydal
Sveinn Heiðar Jónsson
Mínerva B. Sverrisdóttir
Íris Dröfn Jónsdóttir
Jóhannes Arnason

Áfengis- og vímuvarnanefnd:

Heiða Hauksdóttir
Jóna Jónsdóttir
Arnlfjótur Bjarki Bergsson
Silja Dögg Baldursdóttir
Þorgerður Þorgilsdóttir

Fræðslunefnd:

Sigríður Stefánsdóttir
Leifur Þorsteinsson
Þórgnýr Dýrfjörð
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Inga Þöll Þorgnýsdóttir

**Stjórn Lífeyrissjóðs
starfsmanna Akureyrarbæjar:**

Bæjarstjóri
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

**Fulltrúar
Akureyrarbæjar
í samstarfs-
nefndum****Almannavarnarnefnd
Eyjafjarðar:**

Bæjarstjóri
bæjarverkfræðingur
slökkviliðsstjóri

**Barnaverndarnefnd
Eyjafjarðar:**

Baldur Dýrfjörð
Jakob Björnsson
Jóhanna Ragnarsdóttir
Dýrleif Skjöldal

**Félagsstofnun stúdentanna
við Háskólann á Akureyri:**

Halla Margrét Tryggvadóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon
Bjarni Kristinsson
Konráð Alfreðsson
Oddur Helgi Halldórsson
Oddný Stella Snorraddóttir

**Heilbrigðisnefnd
Norðurlands eystra:**

Einar Hjartarson
Steinunn Harpa Jónsdóttir

Leikhúsráð:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

**Stjórn Minjasafnsins
á Akureyri:**

Ágúst Hilmarsson
Helgi Vilberg Hermannsson
Valgerður Jónsdóttir

**Hljómsveitarráð Sinfóníu-
hljómsveitar Norðurlands:**

Helgi Vilberg Hermannsson

**Safnráð Listasafnsins
á Akureyri:**

Jón Erlendsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir

**Stjórn Gilfélagsins,
áheyrnarfulltrúi:**

Helgi Vilberg Hermannsson

**Samstarfsnefnd
um ferlimál fatlaðra:**

Sigrún Fanney Sigmarsdóttir

**Stjórn Fjórðungssjúkra-
hússins á Akureyri:**

Anna Þóra Baldursdóttir
Ásta Sigurðardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

**Stjórn Sparisjóðs
Norðlendinga:**

Eiður Gunnlaugsson

**Stjórn sambands
íslenskra sveitarfélaga:**

Kristján Þór Júlíusson

Launanefnd sveitarfélaga:

Jakob Björnsson



Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Jakob Björnsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Marsibil Fjöla Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Jakob Björnsson
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Gerður Jónsdóttir
Marsibil Fjöla Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir

Stjórn Eypings:

Kristján Þór Júlíusson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson

Veiðifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands:

Jóhann G. Sigurðsson
Þórarinn E. Sveinsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnunum fyrirtækja

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Valur Knútsson
Árni V. Friðriksson
Oktavía Jóhannesdóttir

Landsvirkjun:

Kristján Þór Júlíusson

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Jakob Björnsson
Jóhannes Árnason

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson



